


skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk







FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
4. september 2012
207. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



**Umhverfis Ísland á 83 dögum**

*Pjetur Sigurðsson myndaði Ísland í 3.500 feta hæð.*

tímamót 26

**Spá brúðkaupafjöld 7.9.13**

*Prestar eru þegar teknir að bóka brúðkaup 7. september 2013.*

popp 42



**Formsatriði hjá FH**

*FH er svo gott sem búið að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í fótbolta.*

sport 38

**veðrið í dag**




**LÉTTIR TIL** Í dag lægir og léttir smám saman til, fyrst sunnan og vestan til. Austanlands má búast við strekkingi eða hvössum vindi fram eftir degi, þar rignir í morgunsárið en styttir upp er líður á daginn.

VEÐUR 4

# Rannsaka tugi mála varðandi skattaskjól

**Embætti skattrannsóknarstjóra hefur haft yfir 70 mál er tengjast skattaskjólum til rannsóknar frá hruni. Grunur um vangreiddan skatt af milljörðum króna. Málin tengjast tíu skattaskjólum. Rannsókn lokið í rúmlega 30 málum.**

**SKATTUR** Yfir sjötíu skattaskjólsmál í tíu skattaskjólum hafa borist skattrannsóknarstjóra frá hruni. Langflest málanna tengjast Lúxemborg, að sögn Bryndísar Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra. „Það hefur mikið farið í gegnum skattaskjólsfélög stofnuð þar eða í gegnum bankana þar þótt félögin tengist til dæmis Tortóla eða öðrum skattaskjólum,“ segir Bryndís.

Auk Lúxemborgar og Tortóla, stærstu eyju Bresku Jómfrúareyja, eru Panama, Mön, Jersey, Liechtenstein, Kýpur, Belís, Marshalleyjar og Delaware í Bandaríkjunum þau skattaskjól sem rannsóknir skattrannsóknarstjóra hafa snert.

> Þetta er frá því að vera tiltölulega lágar fjárhæðir upp í milljarða.
>
> BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI



Embættið telur að í stærstu málunum hafi ekki verið greiddur skattur af milljörðum króna. „Þetta er frá því að vera tiltölulega lágar fjárhæðir upp í milljarða. Í flestum tilvikum er um að ræða aðila sem hafa fjárhagslega burði til að geyma fé í skattaskjólum og stofna félög þar. Slíkt kostar talsvert,“ segir Bryndís.

Rannsókn er lokið í rúmlega þrjátíu málum. Tæplega þrjátíu önnur eru til rannsóknar og er rannsókn sumra þeirra langt á veg komin. Til viðbótar bíða tíu til tuttugu mál rannsóknar.

Skattrannsóknarstjóri fær ekki upplýsingar frá Lúxemborg en Bryndís vonast til að það breytist með viðbótum við tvísköttunarsamninginn. Auk upplýsingaskorts hefur skortur á starfsfólki einnig tafið fyrir rannsókn. - ibs / sjá síðu 6

Sturlungaaldarþrílógía Einars:

## Höfundur Njálu er aðalpersónan

**MENNING Leitinni að höfundi Njálu er lokið að sögn Einars Kárasonar rithöfundar. Hann segir nánast hafið yfir vafa að Sturla Þórðarson, sem er aðalpersónan í Skáldi, lokabindi þrílógíu hans um Sturlungaöld, hafi varið síðustu æviárunum í skriftir á þessari frægustu bók Íslandssögunnar.**

**„Sturla skrifaði, eins og við vitum, Íslendingasögu og þegar að er gáð virðist Njálssaga byggja á henni að miklu leyti, vera nokkurs konar bókmenntaleg aðlögun af þeirri bók,“ segir Einar og færir fleiri rök fyrir kenningunni um að Sturla sé höfundur Njálu.**

**Fyrri bækurnar í þrílógíunni, Óvinafagnaður og Ofsi, nutu mikilla vinsælda og hlaut Einar jafnframt Íslensku bókmenntaverðlaunin 2008 fyrir Ofsa. Nýja bókin, Skáld, kemur á markað um miðjan október.**

- fsb / sjá síðu 34



**RIGNINGARSUDDI** Þessir bresku ferðamenn fengu svo sannarlega að finna fyrir íslensku rigningunni í gær. Spáð var snjókomu eða slyddu til fjalla í nótt en létta á til í dag. Mildast á veðrið að vera sunnanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Björgunarstarf á Englandi:

## Kálfi bjargað niður úr tré

**DÝRALÍF** Slökkviliðsmenn í Cumbria á Englandi urðu harla undrandi þegar þeim barst beiðni um að bjarga kálfi niður úr tré.

Þar var kálfurinn engu að síður þegar komið var á staðinn. Hann hafði reyndar ekki klifrað upp, heldur datt hann niður bratta hlíð, hafnaði í trénu og komst hvergi.



Björgunarstarfið tók fjórar klukkustundir. Byrja þurfti á að svæfa kálfinn, en síðan notuðu slökkviliðsmenn tæki sín til að koma honum niður á jörðina.

Hann slapp að mestu ómeiddur, en var óskaplega þreyttur eftir þessa raun. - gb

Utanríkisráðherra segir deilur hafa verið um samningsmarkmið en ekkert bókað:

# Ósammála um hvort bókað var

**STJÓRNMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra minnist þess ekki að Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hafi óskað eftir sérstakri bókun í ríkisstjórn varðandi fyrirvara sína gagnvart samningsmarkmiðum Íslendinga í viðræðum við Evrópusambandið (ESB).

Ögmundur segist hins vegar hafa óskað eftir bókun. „Það fór fram umræða við ríkisstjórnarborðið þar sem ég gagnrýndi samningsmarkmiðin og setti skýra fyrirvara. Ég tók málið síðan aftur upp í ríkisstjórn í ágúst og óskaði eftir sérstakri bókun þar,“ segir Ögmundur.

Össur segir vel skiljanlegt að Ögmundur orði þetta með þessum hætti, hvað bókun varðar, því ríkisstjórnarfundurinn hafi verið hávaðasamur vegna deilna hans og Ögmundar um þrennt; afnám gjaldeyrishafta, gjaldeyrissamstarf og upptöku evru.

„Ég minnist þess ekki að nokkur hafi á þessum ríkisstjórnarfundi bókað formlega fyrirvara, þrátt fyrir þau sterku orð sem látin voru falla,“ segir Össur. - kóp / sjá síðu 4

**Er svefninn vandamál?**

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum




Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

www.forlagid.is

Fantasíur

Forvitnileg bók

kitlandi · dónalegar · rómantískar · forboðnar

Aspirin
Actavis
– fæst án lyfseðils
í apótekum



actavis

## SPURNING DAGSINS



*Reynir, getið þið ekki bara spólað áfram?*

„Aðalatriðið er að halda áfram og nýta það góða sem kom út úr þessu.“

Miklar umræður hafa verið á Hornafirði vegna mikils umframkostnaðar bæjarsjóðs í tengslum við gerð sjónvarpsþátta. Reynir Arnarson, formaður bæjarráðs, sagði í bæjarstjórn að ekki væri hægt að spóla aftur á bak og byrja upp á nýtt.

Nýr friðarerindreki SÞ og Arababandalagsins í Sýrlandi lítt bjartsýnn:

# Telur verkið nánast ómögulegt

**SÝRLAND, AP** Sýrlenski herinn varpaði í gær sprengjum á bæinn al Bab, sem er skammt frá tyrknesku landamærunum. Árásirnar kostuðu að minnsta kosti 19 manns lífið.

Átökin í landinu hafa kostað meira en 23 þúsund manns lífið frá því þau hófust snemma á síðasta ári.

Lakhdar Brahimi, nýr friðarerindreki Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins, segist ekki hafa mikla trú á að friður náist í landinu á næstunni.

Hann sagði forvera sinn í þessu erfiða embætti, Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, einnig hafa gert allt sem hann gat, en þetta væri mjög erfitt verkefni: „Við ræddum þetta nokkrum sinnum og ég get ekki séð að ég hefði gert neitt öðruvísi en hann.“

Hann hvatti síðan Tyrkland, Sádi-Arabíu og Katar til þess að hætta að senda uppreisnarmönnum vopn og veita þeim æfingaaðstöðu.

Omar al Zoebri, upplýsingaráðherra Sýrlands, sagðist hins vegar ætla að veita Brahimi alla þá aðstoð sem hann gæti: „Við munum veita honum hámarksaðstoð, rétt eins og við veittum Kofi Annan.“ - gb



**OMAR AL ZOEBRI** Upplýsingaráðherra Sýrlands ætlar að veita Brahimi alla mögulega aðstoð. NORDICPHOTOS/AFP

Tölvuþrjótar gegn Svíþjóð:

# Lokuðu síðum stjórnar og hers

**SVÍÞJÓÐ** Vefsíður sænsku ríkisstjórnarinnar, hersins og fleiri sænskra opinberra stofnana lágu niðri klukkustundum saman í gær.

Það voru nafnlausir tölvuþrjótar sem stóðu fyrir árásum á vefsíðurnar, að eigin sögn til stuðnings Julian Assange, stofnanda lekasíðunnar Wikileaks. Þetta fullyrða þeir á Twitter-síðunni.

Assange hefur reynt að koma sér undan framsali frá Bretlandi til Svíþjóðar, þar sem saksóknari vill yfirheyra hann vegna ásakana um kynferðisbrot. - gb

Mannaskipti í Kína:

# Missti embætti vegna sonarins

**KÍNA Ling Jihua, einn af nánustu samstarfsmönnum Hu Jintao Kínaforseta, hefur verið sagt upp störfum. Ástæðan er talin tengjast bílslysi í vor, þar sem sonur Jihua sat undir stýri á dýrum Ferrari-bíl.**

**Stutt er í landsþing kínverska Kommúnistaflokksins, þar sem Hu lætur af völdum. Stjórnmálaskýrendur telja hugsanlegt að brotthvarf Lings tengist einnig átökum um arftaka Hus.**

**Kínverskir ráðamenn hafa undanfarið orðið fyrir vaxandi gagnrýni vegna lúxuslifnaðar.** - gb



**HU JINTAO**

Innanríkisráðherra í Kastljósi:

# Segir afsögn ekki nauðsyn

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra telur sig hvorki þurfa að segja af sér né biðjast afsökunar vegna brots á jafnréttislögum. Þetta sagði hann í Kastljósi á RÚV í gærkvöldi .

Nokkur þrýstingur hefur verið á Ögmund frá hans eigin flokksmönnum eftir að Kærunefnd jafnréttismála sagði hann hafa gerst brotlegan þegar hann réði karl í stað konu í embætti sýslumanns á Húsavík. Björn Valur Gíslason, þingflokksformaður Vinstri græns, sagði á vef sínum að ef dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að ráðherra hafi breytt rangt í þessu máli, yrði Ögmundur að víkja úr embætti. - þj



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

# Þurfa að lágmarki 28 metra á sekúndu

**Möguleiki er á að tíu úr hópi fremstu seglbrettakappa heims keppi við Ísland, sem er einn af sjö stöðum sem koma til greina fyrir svokallaða Red Bull Storm Chase-keppni. Svæðið við Landeyjahöfn og Vestmannaeyjar þykir ákjósanlegt.**

**ÍÞRÓTTIR** „Það þarf einfaldlega kolvitlaust veður,“ segir Hrafnkell Sigtryggsson, sem annast mál Red Bull Storm Chase-seglbrettakeppninnar hér á Íslandi.

Ætlað er að tíu af fremstu seglbrettaköppum heims taki þátt í umræddri keppni í haust. „Það er fylgst með sjö stöðum í heiminum. Ef spár benda til þess að það verði snarvitlaust veður einhvers staðar þá er liðinu hóað út þangað,“ útskýrir Hrafnkell. Um er að ræða tíu keppendur, dómara, björgunarfólk og kvikmyndatökulið.

Aðrir staðir sem til greina koma eru Hatteras-höfði í Bandaríkjunum, norðvesturströnd Írlands, Costa de la Muerta (Strönd dauðans) á Spáni, Bretagne-skagi á Frakklandi, Omaezaki í Japan og Tasmanía sem þykir líklegust í augnablikinu.

„Aðstæðurnar sem verið er að leita að eru 28 metrar á sekúndu eða meira,“ segir Hrafnkell sem kveður reyndar dálítið tæpt að Ísland verið fyrir valinu þetta haustið. „Það er helst ef það koma leifar af fellibyl sem það verður nógu hvasst.“

Keppendurnir eru að sögn Hrafnkels flestir þátttakendur í heimsbikarnum í íþróttinni sem Hrafnkell líkir við snjóbrettakeppni. Menn fái stig eftir því hversu hátt er stokkið, eftir því hversu vel stökkin eru útfærð og því hversu stórum öldum menn nái að fleyta sér áfram á.

Að sögn Hrafnkels hreifst breskur maður sem var hér á ferð í apríl í fyrra af aðstæðum hér og spurðist fyrir um þær meðal íslenskra seglbrettamanna. Það hafi leitt til þess að gamall seglbrettakappi, sem er nú aðaldómari í bæði heimsbikarnum og Storm Chase-keppninni, hafi fengið augastað á landinu. Hrafnkell aflaði því upplýsinga fyrir þá um ýmsa staði frá suðvesturhorni landsins austur að Vík í Mýrdal.

„Landeyjahöfn er mjög spennandi. Sandrifið fyrir utan höfnina er ansi líklegt til þess að búa til stórar öldur,“ segir Hrafnkell, sem kveður svæðið í kringum Vestmannaeyjar og Landeyjahöfn ákjósanlegt. „Það er ekkert sem truflar vindinn og þægileg sandströnd þar sem auðvelt er að fara út með sæþotur sem eru hluti af öryggisviðbúnaðinum. Og ekki spilla fyrir stikkorð eins og eldgos og Eyjafjallajökull.“

Á heimasíðu Storm Chase-keppninnar má lesa að Ísland hafi marga kosti. Ókosturinn sé myrkur þegar komið sé fram í miðjan október og kuldi þegar nóvember er genginn í garð. „En þeim finnst þetta spennandi. Ef það kemur stór lægð geta stórir hlutir gerst. Þetta er séns,“ segir Hrafnkell Sigtryggsson vongóður. gar@frettabladid.is



**ÞVÍ VERRA ÞVÍ BETRA** Allt eðlilegt fólk heldur sig innandyra í uppáhaldsveðri fremstu seglbrettakappa heims sem stefna nú mögulega til Íslands.

> Ef það kemur stór lægð geta stórir hlutir gerst.
>
> **HRAFNKELL SIGTRYGGSSON** UMSJÓNARMAÐUR SEGLBRETTAKEPPNI Á ÍSLANDI



**GEORGE OSBORNE** Verður fjármálaráðherrann látinn hætta? NORDICPHOTOS/AFP

Cameron stokkar upp:

# Breytingar á ráðherraliði

**BRETLAND, AP** Þeir David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Nick Clegg aðstoðarforsætisráðherra hyggjast stokka upp í ríkisstjórn sinni, sem hefur starfað í rúm tvö ár.

Glíman við efnahagskreppuna hefur ekki gengið vel og nú mælist samdráttur í fyrsta sinn síðan 2009. Stjórnin hefur þurft að hætta við ýmsar aðgerðir í efnahagsmálum, sem hefur dregið úr trúverðugleika hennar.

Búist er við að tilkynnt verði um breytingar á ráðherraliði stjórnarinnar í dag. Mesta óvissan snýst um það hvort George Osborne fjármálaráðherra verður látinn taka pokann sinn. - gb

Heilbrigt fólk yfir 75 ára:

# Lífslíkur aukast um mörg ár

**HEILSA Með því að hreyfa sig og stunda heilbrigt líferni á áttræðisaldri geturðu aukið lífslíkur þínar til muna. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem var unnin af vísindamönnum við háskólasjúkrahúsið Karolinska í Svíþjóð.**

**Í frétt BBC kemur fram að rannsakaður hafi verið lífsstíll 1.810 manna sem voru komnir yfir 75 ára aldurinn. Samkvæmt niðurstöðunum lifðu karlmenn með heilbrigðasta lífsstílinn sex árum lengur en hinir og konur fimm árum lengur.** - fb






Árangurslaus samningsfundur strandríkjanna um makrílveiðar:

# Of mikið ber enn á milli aðila

**SJÁVARÚTVEGUR** Ekki þokaði í samningsátt á fundi Íslands, Færeyja, Noregs og Evrópusambandsins um makrílveiðar í London í gær. Of mikið ber enn á milli aðila varðandi skiptingu aflans, en í sameiginlegri yfirlýsingu allra aðila segir að samnningsumleitanir muni halda áfram á reglubundnum haustfundi ríkjanna í næsta mánuði og að allir eru sammála um að virða vísindalega ráðgjöf.

Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra fór fyrir íslensku sendinefndinni, en Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri fór fyrir ESB-nefndinni, og Lisbeth Berg-Hansen sjávarútvegsráðherra fór fyrir hinni norsku.

Steingrímur sagði í viðtali við Stöð 2 í gær að ekki hafi verið við Íslendinga að sakast hvernig fór.

„Við mættum til þessa fundar og vorum tilbúnir eins og við höfum verið til þess að sýna ákveðinn sveigjanleika varðandi okkar hlutdeild gegn því að það kæmi þá sæmilega riflegur aðgangur að lögsögum hinna ríkjanna á móti og auðvitað í þágu þess að ná fram heildarsamkomulaginu sem hefur verðmæti í sjálfu sér fyrir alla aðila,“ sagði Steingrímur.

Damanaki og Berg-Hansen sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem þær lýstu yfir vonbrigðum með að ekki hafi náðst niðurstaða. Þær boðuðu auk þess nánara samstarf um þetta lykilmál og nota til þess „öll tiltæk ráð“ eins og segir í yfirlýsingunni.

Evrópuþingið mun síðar í mánuðinum taka afstöðu til þess hvort beita eigi viðskiptaþvingunum í makríldeilunni. - þj



**MAKRÍLVINNSLA** Samningaviðræður Íslands, Noregs, Færeyja og ESB í gær báru ekki árangur. Næsta tilraun til samninga verður gerð í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



# LONDON, KÖBEN

## » OG ÞAÐAN HVERT SEM ER!

**12**
**TÍMA TILBOÐ**
- hefst á hádegi -




## LONDON / KÖBEN FRÁ:

# 14.950 KR.*

Bjóðum flugsæti á frábæru tilboðsverði frá hádegi í dag til miðnættis.
En við gerum enn betur: Við aðstoðum þig við að bóka framhaldsflug til annarra borga í Evrópu.

**Pantaðu flug á tilboðsverði til London og Köben á www.icelandexpress.is og hafðu samband í síma 5 500 600, við finnum framhaldsflugið þitt og komum þér alla leið á lægra verði!**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.
**Ferðatímabil: 5. september-30. nóvember.**

FÍTON / SÍA

**Iceland Express**
- lækkar verð



## BRIGHTON

14.-16. SEPTEMBER

BORGARFERÐ

Verð á mann í tvíbýli

**63.900 KR.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel Jurys Inn ásamt morgunverði.



## KÖBEN

21. og 28. SEPTEMBER

BORGARFERÐ

Verð á mann í tvíbýli

**54.900 KR.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í tvær nætur ásamt morgunverði.

**Express ferðir**
590 0100 | www.expressferdir.is

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

**GENGIÐ 03.09.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,08 | 122,66 |
| Sterlingspund | 194,04 | 194,98 |
| Evra | 153,42 | 154,28 |
| Dönsk króna | 20,588 | 20,708 |
| Norsk króna | 21,016 | 21,14 |
| Sænsk króna | 18,246 | 18,352 |
| Japanskt jen | 1,558 | 1,5672 |
| SDR | 185,79 | 186,89 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,2809

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félagsmenn í Fáki álykta og safna undirskriftum og liði gegn nýju skipulagi:

# Ósáttir við breytingar í Heiðmörk

**SKIPULAGSMÁL** Stjórn Fáks blæs nú til sóknar gegn fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi Heiðmerkur. „Þar eru hestamenn settir til hliðar og ekki virt áratuga hefð hestamanna um notkun svæðisins til útivistar,“ segir stjórn Fáks í ákalli til félagsmanna.

„Hestamenn eru útilokaðir frá stórum hluta svæðisins í skipulaginu, eina heildstæða leiðin í núverandi drögum er um 20 kílómetrar og því ljóst að skipulagsdrögin eru ekki að mæta almennri notkun hestamanna,“ útskýrir stjórnin sem kveðst skora á alla sem eru ekki sammála þessu deiliskipulagi að mótmæla því hjá Reykjavíkurborg. Sérstakt staðlað mótmælabréf er hægt að nálgast á heimasíðu Fáks. Auk þess hafa verið lagðir fram undirskriftalistar í öllum hestavörubúðum á höfuðborgarsvæðinu og í Reiðhöllinni í Víðidal.

Málið var einnig tekið fyrir á félagsfundi hjá Fáki sem harmaði að ekki væri tekið tillit til ýtarlegra athugasemda hestamanna. „Útivistarhópum, sem nýta Heiðmörk, er stórlega mismunað í þessum tillögum þar sem aðgengi hestamanna er verulega skert þrátt fyrir áratuga hefð fyrir notkun svæðisins til útivistar,“ sagði félagsfundur Fáks. **- gar**



**HESTAMENN Í VÍÐIDAL** Fáksfélagar segjast sendir út í jaðar útivistarsvæðisins í Heiðmörk með nýju skipulagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úlfar ekki í útrýmingarhættu:

# Mega skjóta úlfa á færi

**DÝRALÍF Bandarísk yfirvöld ætla að taka úlfa af lista yfir dýr í útrýmingarhættu í ríkinu Wyoming. Fyrir vikið verður leyfilegt að skjóta úlfa á færi á flestum svæðum í ríkinu.**

**Úlfarnir hafa verið á þessum lista síðustu tuttugu ár. Dýraverndunarsinnar hafa mótmælt ákvörðuninni. Eitt sinn voru ríflega tvær milljónir gráúlfa í Norður-Ameríku en þeim var næstum útrýmt af veiðimönnum á fjórða áratug síðustu aldar sem seldu feldinn hæstbjóðendum. - fb**

Viðurkenndi neyslu í viðtali:

# Þingmaður í kannabisvanda

**NOREGUR Ungur þingmaður í Noregi er í vanda eftir að hann viðurkenndi að hann hefði neytt kannabisefna þar til fyrir þremur vikum.**

**Thor Erik Forsberg situr á þingi fyrir Verkamannaflokkinn. Hann sagði í nýlegu viðtali að hann hefði reykt kannabis vegna lækningaáhrifa þess, hann hefði notað það í stað þunglyndislyfja. Hann hefði þjáðst af kvíða og átt erfitt með svefn og hefði brotnað niður í þingferð til Bandaríkjanna í febrúar. Nú gengi hann til sálfræðings og hefði ekki notað eiturlyf í þrjár vikur.**

**Ummælin hafa valdið því að Forsberg var tekinn af lista frambjóðenda Verkamannaflokksins fyrir næstu þingkosningar. Hann situr þó enn á þinginu. - þeb**

Tillaga danskra ungliða:

# Fjölkvæni í Danmörku

**DANMÖRK** Ungliðahreyfing Róttæka flokksins í Danmörku, Radikal Ungdom, vill að tvíkvæni eða fjölkvæni verði leyft.

Ditte Søndergaard, formaður ungliðahreyfingarinnar, segir að lögleiðing tvíkvænis hefði til dæmis hjálpað íraska túlkinum sem árið 2008 kom til Danmerkur með tvær eiginkonur. Hann vildi ekki skilja við aðra þeirra og varð þess vegna að snúa aftur heim.

Ungliðahreyfing Venstre hefur einnig mælt með fjölkvæni.

Á vef Kristilega Dagblaðsins er haft eftir lagaprófessornum Ingrid Lund-Andersen að óhugsandi sé að sett verði lög í Danmörku sem heimili karli að eiga fleiri en eina konu án þess að kona geti átt fleiri en einn karl. **- ibs**

# Fáheyrt að ráðherra segi frá fundargerðum ríkisstjórnar

**Stjórnmálafræðingur segir að ráðherra sem út á við setur sig gegn stefnu ríkisstjórnar hefði sagt af sér í öðrum löndum. Segir að bókanir einstakra ráðherra í fundargerðum hafi lítið gildi út fyrir stjórnina.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað þýða fyrirvarar innanríkisráðherra varðandi ESB?

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, þekkir engin dæmi þess að ráðherrar tjái sig um innihald fundargerða ríkisstjórna, líkt og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur gert undanfarið. Ögmundur hefur sagt frá fyrirvörum sem hann gerði við samningsmarkmið varðandi ESB.

Gunnar segir fundargerðir ríkisstjórnar vera trúnaðarmál og venjan sé að tjá sig ekki um það sem í þeim er.

„Ég kannast bara ekki við dæmi um svona lagað. Vandinn við að segja frá því hvað er í fundargerðum ríkisstjórna er sá að það getur enginn skoðað þær. Ég hugsa að flestir ráðherrar myndu telja það óeðlilegt að þeir færu að fjalla um það opinberlega sem í fundargerðunum hugsanlega væri.“

Gunnar Helgi segir að í raun geti Ögmundur sagt hvað sem er um fyrirvarana, enginn geti flett því upp í fundargerðunum nema aðrir ráðherrar.

Ögmundur segir að hann hafi gert fyrirvara við samningsmarkmiðin við ríkisstjórnarborðið í júlí. „Ég tók málið aftur upp á ríkisstjórnarfundi í ágúst og óskaði eftir sérstakri bókun.“

Gunnar Helgi segir að slík bókun hafi í sjálfu sér lítið vægi út á við. Hins vegar sé óheppilegt að ráðherra bóki gegn stefnu ríkisstjórnar.

„Í flestum löndum mundi það gilda að ráðherra sem væri ekki tilbúinn að styðja við stefnu ríkisstjórnarinnar ætti bara einn valkost; að segja af sér. Inn á við gæti hann bókað einhver mótmæli, sem væru fyrir söguna og ef einhver einstök málaferli hefðu risið upp, eitthvað sem varðaði hina lögformlegu ábyrgð hans. Að öðru leyti er erfitt að sjá hvaða gildi þetta ætti að hafa.“

En hafa slíkir fyrirvarar þá engin áhrif á stefnu stjórnarinnar gagnvart ESB?

„Nei, ég get ekki séð það. Til að breyta einhverju um slíkt hefði þurft ríkisstjórnarsamþykkt fyrir því.“ **kolbeinn@frettabladid.is**




**SAMÞYKKT** 16. júlí 2009 samþykkti Alþingi með 33 atkvæðum gegn 28 að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Prófessor í stjórnmálafræði segir fyrirvara einstakra ráðherra ekki hafa áhrif á þá umsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

## Íslendingar umburðarlyndari

Gunnar segir mjög sjaldgæft að ráðherrar lýsi opinberlega ágreiningi við stefnu ríkisstjórna sinna og yfirleitt sé, í öðrum löndum, litið á að þá skilji leiðir. Ráðherra sé ekki sætt í ríkisstjórn sem hann er í andstöðu við.

„Á Íslandi virðist hins vegar ríkja meira umburðarlyndi gagnvart þessu, bæði almennt séð og reyndar alveg sérstaklega í þessari ríkisstjórn.“

STERKAR - EINFALDAR - ÞÆGILEGAR
Bretta-strekkivélar




VANDAÐIR
Pallettutjakkar
Lyftigeta: 2500 kg.



Til afgreiðslu strax
Plastprent
Sérfræðingar í umbúðalausnum
Sími: 580 5600 - plastprent.is

## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Haustlægðirnar halda áfram að gleðja landsmenn með vindi og vætu. Í dag léttir smám saman til á landinu en á morgun kemur önnur lægð upp að landinu og þá þykknar upp með rigningu. Á fimmtudaginn léttir síðan til á nýjan leik er líður á daginn.







**Á MORGUN**
5-13 m/s
Hvassast V-til.




**FIMMTUDAGUR**
5-10 m/s en hvassara A-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 24° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 26° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 21° |
| París | 26° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




## Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig á haustönn

## Bókaranám framhald

168 stundir - Morgunnámskeið hefst 11. sept. (1 sæti laust) Kvöldnámskeið hefst 10. sept. (4 sæti laus)



Gert er ráð fyrir að nemendur hafi kunnáttu á almennu bókhaldi. Námskeiðið er óháð reynslu nemenda af mismunandi bókhaldskerfum þar sem unnið er í Excel.

Á námskeiðinu er kennt að sjá um launakerfi og farið í helstu hlunnindi og skattaumhverfið, afstemmingar viðskiptamanna og lánadrottna, kenndar leiðréttingar á virðisaukaskattskilum, farið yfir fyrningar eigna, uppreikning lána og allar nauðsynlegar lokafærslur uppgjörs.

Í lokin eiga nemendur að vera færir um að setja upp einfaldan ársreikning.

## Sölu- og markaðsnám

264 stundir - Morgunnámskeið hefst 11. sept. (2 sæti laus) Kvöldnámskeið hefst 10. sept. (4 sæti laus)




Líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum, stofna eigið fyrirtæki eða vilja einfaldlega styrkja sig í starfi.

Farið er í þá þætti sem einkenna góðan sölumann, kauphegðun viðskiptavina og manngerðir kaupandans. Nemendur læra að þekkja söluferilinn og mismunandi aðferðir við að loka sölunni. Hlutverk sölumannsins er krufið, einnig samskipti við viðskiptavini, gerð sölu- og markaðsáætlana, gerð kynningarefnis en náminu lýkur svo með umfangsmiklu lokaverkefni.

## Skrifstofuskólinn

168 stundir - Morgunnámskeið hefst 11. sept. (1 sæti laust) Kvöldnámskeið hefst 10. sept. (fullt) Síðdegisnámskeið hefst 1. okt. (laus sæti)



Þetta námskeið er haldið í samvinnu við Mími-símenntun og er kennt eftir vottaðri námskrá  Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), sem jafnframt niðurgreiðir námið (námið kostar 42.000).

Námið hentar öllum, óháð fyrri menntun, sem annað hvort eru á leið út á vinnumarkaðinn, oft eftir nokkurra ára hlé, eða vilja styrkja stöðu sína í starfi. Markvisst nám fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðinum.

## Grafísk hönnun

156 stundir - Kvöldnámskeið hefst 10. sept. (5 sæti laus) Síðdegisnámskeið hefst 11. sept. (4 sæti laus)




Þetta er hagnýtt nám fyrir þá sem vilja vinna efni fyrir prentmiðla á tölvutæku formi. Kennt er á Adobe forritin sem eru allsráðandi í grafíska geiranum í dag: Illustrator (teikning), InDesign (umbrot) og Photoshop (myndvinnsla). Markmið námskeiðsins er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé eins og best verður á kosið.

Nemendur þurfa að hafa haldgóða þekkingu á Windows stýrikerfinu. Ekki er krafist þekkingar á teikni-, myndvinnslu- eða umbrotsforritum.

**Hvað segja nemendur okkar um námið?**

Mæli eindregið með þessum skóla. Námið er spennandi og krefjandi og tala nú ekki um skemmtilega kennara. Námið hefur hjálpað mér mjög mikið með minn starfsframa og opnað margar dyr á vinnumarkaðinum - **Þórunn Ester,** fyrrverandi nemandi á **Skrifstofu- og bókhaldsbraut.**

Ég fór í Grunnnám í bókhaldi haustið 2011, var svo ánægð með námið og kennsluna að ég ákvað að skella mér í framhaldið strax á vorönn og sé ekki eftir því. Námið er skemmtilegt, hnitmiðað og á eftir að nýtast mér vel í starfi - **Arndís Sif Birgisdóttir,** fyrrverandi nemandi í **Grunnnámi í bókhaldi** og **Bókaranám framhald.**

Eftir að ég lauk námi í Sölu- og markaðsfræði hjá NTV náði ég settu marki hvað varðar vinnu og er kominn á þann stað sem ég stefndi á - **Guðmundur Ágústsson,** sölustjóri, fyrrverandi nemandi í **Sölu- og markaðsnámi.**

Námið í NTV er fjölbreytt og skemmtilegt og kennararnir frábærir, mæli hiklaust með skólanum - **Eva Berglind Loftsdóttir,** fyrrverandi nemandi í **Sölu- og markaðsnámi.**

Frábær kennsla, aðstaða til fyrirmyndar og allt starfsfólk hið yndislegasta - **Þórunn Sig.,** fyrrverandi nemandi í **Grafískri hönnun.**

**Fleiri umsagnir er að finna á ntv.is ...**

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

**ntv**

## KJÖRKASSINN



*Á að vera ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskránni?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 56,6% |
| NEI | 43,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu eldað makríl?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

Lögreglunni hefur ekki orðið ágengt í rannsókn á árás á barn í Breiðholti:

# Árásin ekki tilkynnt til lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú árás á sex ára dreng síðastliðinn föstudag. Lögreglumenn lásu um það í Fréttablaðinu í gærmorgun að þrír piltar hefðu ætlað að stela bolta af dreng í Breiðholti og ráðist á hann. Þeir hefðu sparkað í kvið hans og andlit.

Í kjölfar fréttarinnar í gær hófst lögreglurannsókn en engin kæra barst lögreglunni vegna málsins. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hefur embættið ávallt rannsókn leiði líkamsárás til beinbrots. Í þokkabót á barn í hlut.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að drengurinn hefði beinbrotnað í árásinni en í ljós hefur komið að hann er tognaður og fékk auk þess miklar blóðnasir.

Þórarinn Engilbertsson íþróttaþjálfari kom að árásinni og náði einum gerendanna. Lögregla tók af honum skýrslu í gær en ekki hafði tekist að hafa uppi á foreldrum gerendanna síðdegis í gær. Þá virðist sem fjölskylda drengsins sem fyrir árásinni varð hafi farið af landi brott um helgina.

Vísir greindi frá því í gær að foreldrar fórnarlambsins vilji leita lausna í málinu með foreldrum piltanna sem réðust svo harkalega á drenginn.

Lögreglan vann að rannsókn málsins í allan gærdag án árangurs. Hún biður þá sem kunna að hafa upplýsingar um málið að hafa samband í síma 444-1000.

**- bþh**



**Á LEIKVELLI** Árásin á drenginn er litin alvarlegum augum hjá lögreglunni sem rannsakar málið. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Portúgalar biðja um aðstoð:

## Erfið barátta við gróðurelda

**PORTÚGAL, AP** Skógareldar geisa víða í Portúgal vegna langvarandi þurrka, sem spáð er áfram næstu daga.

Stjórnvöld hafa leitað til nokkurra Evrópuríkja um aðstoð við að halda eldunum í skefjum.

Í gær lét bóndi nokkur lífið þegar hann reyndi að slökkva elda við bæ sinn skammt frá Ourem. Einnig varð slys á tveimur mönnum þegar þyrla, sem notuð var við slökkvistörf, hrapaði á svipuðum slóðum.

Meira en 1.700 slökkviliðsmenn hafa unnið við slökkvistarfið, með nærri 500 bifreiðar og þrettán flugvélar til afnota.

Portúgalar hafa meðal annars beðið um að fá að láni að minnsta kosti fjórar flugvélar, sem hægt væri að nota til að varpa vatni á eldana.

**- gb**

Ellefu þreyttu inntökupróf:

## Átta stúdentar í nám í Martin

**MENNTUN** Átta íslenskir nemendur hefja á næstu dögum læknanám í Martin í Slóvakíu en inntökupróf í skólann þar voru haldin hér á landi fyrir skömmu.

Ellefu íslenskir stúdentar þreyttu inntökuprófið. Átta þeirra stóðust prófið og fá þeir að vera saman í hópi.

Runólfur Oddsson, ræðismaður Slóvakíu á Íslandi, segist hafa fengið gríðarlega góð viðbrögð við námsleiðinni ytra og margir nemendur sem hefja nú sitt síðasta ár í menntaskóla hafi haft samband og forvitnast um hvort námið verði í boði á næsta ári.

„Á næsta ári verður boðið upp á mun fleiri sæti fyrir Íslendinga," segir Runólfur. „HÍ á ekki möguleika á að taka inn nema lítinn hluta af þeim sem hafa áhuga á þessu námi."

**- bþh**




**SKATTASKJÓL ÍSLENDINGA** Þræðir mála sem verið hafa til rannsóknar hjá embætti skattrannsóknarstjóra hafa legið til skattaskjólanna sem merkt eru á kortinu hér fyrir ofan. Marshall-eyjar í Kyrrahafi vantar á kortið.

# Skattaskjólsmálum fer enn fjölgandi

**Ekkert lát virðist vera á skattaskjólsmálum, að sögn Bryndísar Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra. Hátt í átttatíu mál komið til rannsóknar frá hruni. Skattur ógreiddur af milljörðum króna. Sjö málum vísað til sérstaks saksóknara.**

**SKATTUR** Skattaskjólsmálum sem komið hafa til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra fjölgar stöðugt og þau eru nú orðin sjötíu til áttatíu.



**BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**

„Þessi mál hafa verið að berast embættinu jafnt og þétt frá hruni. Mér sýnist enn ekkert lát vera á þessu," segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

Rannsókn er lokið í rúmlega þrjátíu málum. Tæplega þrjátíu önnur eru til rannsóknar og er rannsókn sumra þeirra langt á veg komin. Til viðbótar bíða tíu til tuttugu rannsóknir, að sögn Bryndísar.

Embætti skattrannsóknarstjóra telur að í stærstu málunum hafi ekki verið greiddur skattur af milljörðum króna. „Þetta er frá því að vera tiltölulega lágar fjárhæðir upp í milljarða. Í flestum tilvikum er um að ræða aðila sem hafa fjárhagslega burði til að geyma fé í skattaskjólum og stofna félög þar. Slíkt kostar talsvert."

Bryndís getur þess að af þeim þrjátíu málum sem lokið er hafi verið fallið frá rannsókn í átta tilvikum. Sjö málum hefur verið vísað til sérstaks saksóknara. Búið er að leggja á skatt í langstærstum hluta þeirra mála sem lokið er.

Nokkrir tugir mála vegna undanskots frá skatti í sambandi við afleiðuviðskipti og gjaldeyrisbrask hafa verið til rannsóknar og er henni lokið í flestum þeirra. Í þeim málum hefur einnig verið um háar fjárhæðir að ræða, að því er Bryndís greinir frá.

Hún segir hluta skattaskjólsmálanna hafa komið upp á yfirborðið í kjölfar kreditkortamálsins svokallaða.

„Ríkisskattstjóri óskaði eftir yfirliti frá kreditkortafyrirtækjunum yfir aðila sem væru með erlend kreditkort hér. Meðal þeirra reyndist vera töluverður fjöldi Íslendinga. Það var hins vegar ekki nóg að fá upplýsingar um notkunina á Íslandi. Talið var að ef menn væru að nota nokkrar milljónir hér þá væri notkunin væntanlega ekki minni erlendis."

Tengsl eru milli sumra skattaskjólsmálanna. „Ýmis gögn og upplýsingar varðandi sum málanna hafa leitt okkur inn í önnur."

Bryndís segir langflest málanna tengjast Lúxemborg. „Það hefur mikið farið í gegnum skattaskjólsfélög stofnuð þar eða í gegnum bankana þar þótt félögin tengist til dæmis Tortóla eða öðrum skattaskjólum."

Embætti skattrannsóknarstjóra fær ekki upplýsingar frá Lúxemborg en Bryndís vonast til að breyting verði á.

„Það er búið að gera viðbætur við tvísköttunarsamninginn sem ættu að leiða til þess að hægt verði að fá upplýsingar frá tekjuárinu 2011. Við höfum gert samninga ásamt öðrum norrænum ríkjum við mörg af skattaskjólunum. Hins vegar er ágreiningur við til dæmis Bresku Jómfrúareyjarnar um hversu langt aftur samningurinn eigi að gilda. Þeirra skilningur er að hann gildi ekki aftur fyrir gildistöku samningsins."

Það er ekki bara skortur á upplýsingum sem tafið hefur rannsókn skattaskjólsmálanna heldur einnig skortur á starfsmönnum. „Sá viðbótarmannskapur sem við fengum fyrir þetta ár og síðasta ár hefur skipt sköpum en við þurfum fleiri."

**ibs@frettabladid.is**

**70** skattaskjólsmál hafa komið til rannsóknar hjá embætti skattrannsóknarstjóra í kjölfar bankahrunsins. Lokið er rannsókn á rúmlega þrjátíu málum.








**Audi A4 2,0 TDi**
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 36.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**4.690.000,-**

# GERIÐ GÓÐ KAUP Í NÝLEGUM (2011) BÍLALEIGUBÍLUM

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Polo** Trendl. 1,2 TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 36.500 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.990.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,6 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 38.500, beinskiptur
Ásett verð:
**2.790.000,-**



**VW Polo** 1,4 Comfort
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 35.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.990.000,-**



**VW Polo** 1,4 Comfort
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 42.500 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.990.000,-**



**VW Polo** 1,4 Comfort
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 49.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.990.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,6 TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 36.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.790.000,-**



**VW Polo** 1,4 Comfort
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 41.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.390.000,-**



**Volvo** XC 90
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 129.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.350.000,-**




**BMW** 320
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 58.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.400.000,-**




**VW Passat** 2.0 Comfort
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**1.850.000,-**




**MM Pajero** 3,2 GLS 33"
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 96.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.590.000,-**



**VW Jetta**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 75.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.890.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða Íslendingur vann til gullverðlauna í 200 metra skriðsundi á Ólympíumóti fatlaðra á sunnudag?
2. Hver er nýr forseti kirkjuþings?
3. Hvaða nýja vara kúlupennaframleiðandans BIC hefur vakið nokkra athygli upp á síðkastið?

SVÖR:

1. Jón Margeir Sverrisson 2. Magnús E. Kristjánsson 3. Kvennapenna

Landlæknisembættið ráðleggur foreldrum að öll fjölskyldan noti sama tannkremið en í mismiklu magni:

# Sum barnatannkrem veita ónóga vernd

**NEYTENDUR** Borið hefur á því að tannkrem sem markaðssett eru sérstaklega fyrir börn hafi minni flúorstyrk en almennt er mælt með. Veita þau því minni vernd fyrir tannskemmdum en ráðlagt er.

„Við reynum að fylgjast með þessu og vöktum til að mynda athygli á þessu við alla innflytjendur fyrir tveimur árum. Þá reynum við að hamra á þessu í til dæmis fréttabréfum til foreldra í grunnskólum," segir Jóhanna Laufey Ólafsdóttir, verkefnisstjóri hjá Landlæknisembættinu.

Fréttablaðinu hafa borist ábendingar um barnatannkrem sem hafa lítinn flúorstyrk og brá blaðamaður blaðsins sér í vettvangsferð í eina af verslunum Hagkaups til að kanna málið. Kom í ljós að ein af fimm tegundum barnatannkrems sem þar var til sölu var með minni flúorstyrk en ráðlagt er. Var þar um að ræða tannkremið Crest For Kids sem inniheldur 500 prómill af flúori en Landlæknisembættið mælir með því að tannkrem innihaldi 1.000 til 1.500 prómill.

Embættið ráðleggur foreldrum jafnframt að öll fjölskyldan noti sama tannkremið, helst með mildu bragði, en í mismiklu magni. Þannig er mælt með því að börn yngri en þriggja ára noti það magn tannkrems sem passar á fjórðung af nögl litlafingurs barnsins. Fyrir börn á aldrinum fjögurra til sex ára skal nota tannkremsmagn sem passar á alla nögl litlafingurs barnsins og fyrir börn sex ára og eldri skal nota einn sentimetra af tannkremi. - mþl



**BURSTAR TENNURNAR** Mælt er með því að tannkrem innihaldi á bilinu 1.000 til 1.500 prómill af flúori. Á Íslandi eru til sölu barnatannkrem sem innihalda minna flúormagn. MYND/GETTY

Hjálpræðisherinn í Svíþjóð:

## Blessað flöskuvatn rokselst

**SVÍÞJÓÐ** Vatn sem Hjálpræðisherinn hefur blessað og látið setja á flöskur hefur selst betur í sumar í Örnsköldsvik í Svíþjóð heldur en þekktar tegundir af lindarvatni.

„Maður fær ferskt vatn sem Herrann hefur skapað," segir foringinn Christer Eklöf í viðtali við Piteå-Tidningen. Hann vonast til að þessi góða sala verði til þess að auðvelt verði að markaðssetja blessað vatn víðar í Svíþjóð.

Upplýsingastjóri Hjálpræðishersins segir að rannsaka þurfi vel hvort blessað vatn hersins komi til með að seljast jafn vel í stórborgum og í Örnsköldsvik. - ibs

Fjarkönnunarrannsóknir:

## Grein Íslendings var valin best

**VÍSINDI Grein Jóns Atla Benediktssonar, aðstoðarrektors vísinda og kennslu við Háskóla Íslands og fyrrum nemanda hans, dr. Alberto Villa, var valin besta vísindagreinin úr hópi á sjötta hundrað greina sem birtust í einu virtasta vísindatímariti heims í rafmagnsverkfræði árið 2011.**

**Grein þeirra Jóns og Villa fjallar um fjarkönnunarrannsóknir en þær eru mjög mikilvægar þegar til dæmis á að mæla breytingar á umhverfinu.**

**Á Íslandi er rannsóknaraðferðin einstaklega mikilvæg þegar rannsaka á bráðnun jökla og breytingar á landi í aðdraganda eldgosa.** - bþh

### BARNAVERND

## Útivistartími barna breytist

Hinn 1. september breyttist útivistartími barna og unglinga. Börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti lengur en til klukkan 20. Börn 13 til 16 ára mega aðeins vera úti til klukkan 22 nema þau séu að koma af viðurkenndum samkomum. Miðast aldur við fæðingarár.

# Ríkisendurskoðun skortir fé til að kanna styrki til flokka

**Styrkir þriggja sjávarútvegsfyrirtækja verða ræddir í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Ríkisendurskoðandi hefur ekki rannsakað málið og segir fjárheimildir ekki nægja svo styrkir séu kannaðir að fullu.**

**STJÓRNSÝSLA** Styrkveitingar sjávarútvegsfyrirtækja til stjórnmálaflokka verða teknar fyrir á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis eftir þingsetningu í næstu viku. Enn á eftir að finna dagsetningu fyrir fundinn.

Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, hefur óskað eftir því að nefndin verði kölluð saman til að fjalla um meint brot Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Framsóknarflokks á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka.

> Við reynum að sinna okkar eftirliti eins og við höfum tök á því við höfum aldrei fengið krónu til að sinna þessu verkefni.
>
> SVEINN ARASON
> RÍKISENDURSKOÐANDI

Málið snýst um styrki sem flokkarnir þáðu árið 2010 frá Samherja hf., Síldarvinnslunni og Gjögri hf. Samherji átti þá 45 prósenta hlut í Síldarvinnslunni og Gjögur 34 prósenta hlut. Stjórnmálaflokkum er heimilt að þiggja styrki sem nema að hámarki 400 þúsund krónum. Séu eignatengsl milli fyrirtækja mega þau samanlagt aðeins veita þessar 400 þúsund krónur.

Sjálfstæðisflokkurinn þáði 900 þúsund krónur árið 2010 frá þessum þremur fyrirtækjum. Árið áður var hámarksstyrkveiting 300 þúsund krónur. Þá gáfu fyrirtækin þrjú 300 þúsund krónur hvert til Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokkurinn þáði 550 þúsund krónur frá fyrirtækjunum og Samfylkingin 600 þúsund.



**GJÖFUL ÚTGERÐ** Sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi gefa töluverða peninga til stjórnmálaflokka á Íslandi. Margrét Tryggvadóttir vill láta athuga hvort lög um styrkveitingar hafi verið brotin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vinstri grænir þáðu aðeins fimm þúsund krónur frá sjávarútvegsfyrirtækjum árið 2009 og fimmtíu þúsund árið 2010.

„Það er fyrst og fremst starfsmanna stjórnmálaflokkanna að tryggja að ekki sé verið að brjóta lög," segir Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi, spurður hver þurfi að axla ábyrgð á styrkþágu umfram hámarkið.

Fjárskortur hamli því hins vegar að hægt sé að vinna verkið eins vel og ætlast sé til hjá Ríkisendurskoðun. „Við reynum að sinna okkar eftirliti eins og við höfum tök á því við höfum aldrei fengið krónu til að sinna þessu verkefni," bendir Sveinn á. Ríkisendurskoðandi hefur ekki fengið boð um að koma fyrir eftirlitsnefndina en Sveinn býst við því á næstu dögum.

birgirh@frettabladid.is




# Einholt - Þverholt
## hagsmunaaðilakynning*

**Fimmtudaginn 6. september kl. 17-18:15 í Ofnasmiðjuhúsinu Háteigsvegi 7, 105 Reykjavík.**

Kynnt verður tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir reitinn sem afmarkast af Einholti, Stórholti, Þverholti og Háteigsvegi.

Veittur verður frestur til athugasemda til 20. september 2012.
Athugasemdir skal senda á netfangið skipulag@reykjavik.is.

Athugasemdum verður ekki svarað skriflega heldur eru þær innlegg inn í áframhaldandi vinnu.

Fundurinn er öllum opinn og við vonumst til að sjá sem flesta.

*skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Reykjavíkurborg

www.skipbygg.is

BK
BALDONI
KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

**Allt að 40% afsláttur**

# VANDAÐAR
## HÁGÆÐA ELDHÚSINNRÉTTINGAR



**DUCALE** Duftlökkuð glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng



**DUCALE**
Ljós eik - innfelld handföng

**til afgreiðslu af lager**



**LINE** Duftlökkuð glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



**COUNTRY** Duftlökkuð glerhörð, kámfrí áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

**Allt að 40% afsláttur**



**HORIZONAL**
Spónlögð amerísk hnota

## Aukahlutir fyrir eldhúsinnréttingar:

- Búr-útdrag
- Töfrahorn
- Hálfmánasett útdraganleg
- Hnífaparabakkar
- Útdrög í neðriskápa

*Gerum ykkar hugmyndir að veruleika...*

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*

Opið virka daga frá kl. 9-18 • Lokað á laugardögum | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**MEÐ MÁLUÐ ANDLIT** Þessir krakkar tóku þátt í mótmælum gegn Pena Nieto, sem dómstóll í Mexíkó hefur nú staðfest að er réttkjörinn forseti. NORDICPHOTOS/AFP

Mun ódýrara að nota síma á ferðalögum um Evrópu en áður:

# Farsímar meira notaðir í útlöndum

**NEYTENDUR** Netnotkun Íslendinga á ferðalögum erlendis í gegnum farsíma hefur aukist gríðarlega á síðustu misserum.

Ódýrari þjónusta og mikil fjölgun snjallsíma eru helstu aflvakar aukningarinnar en nýverið varð mikil lækkun á verði á netþjónustu í símum á EES-svæðinu.

Netnotkun í símum íslenskra viðskiptavina Símans á ferðalögum erlendis hefur ríflega tvöfaldast á tveimur árum. Jókst hún um 36 prósent á milli áranna 2010 og 2011 og svo aftur um 68 prósent á milli 2011 og ársins í ár sé miðað við fyrstu sjö mánuði ársins.

Telja má líklegt að þessi þróun haldi áfram á næstu mánuðum því 1. júlí síðastliðinn tók gildi ný reglugerð Evrópusambandsins um lækkun á reikiverði fyrir gagnaflutning, símtöl og SMS innan EES-svæðisins.

Mest var lækkunin á reikiverði gagnaflutninga sem nam um fimmtíu prósentum.

Danskir fjölmiðlar hafa greint frá því að netnotkun Dana á ferðalögum um EES-svæðið hafi aukist merkjanlega í kjölfar gildistöku reglugerðarinnar.

Ef marka má tölur frá Símanum og Vodafone á Íslandi hafa íslenskir ferðalangar ekki brugðist jafn skjótt við verðbreytingunum þar sem netnotkun í símum Íslendinga á ferðalögum erlendis jókst ekki merkjanlega í mánuðinum miðað við mánuðinn á undan. Langtímaþróunin er þó skýr og hefur netnotkun í símum Íslendinga erlendis einungis einu sinni verið meiri en í júlí og var það í mánuðinum á undan. - mþl



**SNJALLSÍMI** Sífellt meiri útbreiðsla snjallsíma er ein helsta ástæða þess að netnotkun í símum Íslendinga hefur aukist mikið á síðustu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HÖFÐI** Tvær sýningar eru í húsinu, önnur um byggingu hússins og hin um leiðtogafundinn 1986. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Höfði fyrir almenning:

## Aftur opinn næsta sumar

**REYKJAVÍK** Stefnt verður að því að hafa Höfða opinn almenningi næsta sumar, líkt og gert var nú í sumar.

Höfði var opinn almenningi milli 11 og 16 alla virka daga frá 5. júní og fram í síðustu viku. Hægt var að skoða húsið frítt en tekið hefur verið við frjálsum framlögum á staðnum. Tvær sýningar eru í húsinu, önnur um leiðtogafundinn 1986 og hin um byggingu Höfða og sögu norskra húsa á Íslandi.

Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar fjallaði um opnun hússins á fundi í síðustu viku og segir opnun hússins hafa gengið afar vel. - þeb

**SKIPULAGSMÁL**

### Hrafnistuvín enn í kerfinu

Tillaga Sjálfstæðisflokksins, sem borgarráð samþykkti, um breytingu á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði vegna öldrunarheimila er nú til umsagnar hjá lögfræði- og stjórnsýslu skipulagssviðs og verkefnisstjóra aðalskipulags. Breytingunni er ætlað að gera kleift að heimila vínveitingar á Hrafnistu.

# Fleiri námuverkamenn urðu fyrir skotum lögreglu

**Ekkert lát er á óróleikanum í námuverkamönnum í Suður-Afríku. Þeir krefjast betri kjara en mæta hörku af hálfu bæði eigenda og lögreglu. Fjórir námuverkamenn særðust í gær við námu, sem er að hluta í eigu náfrænda Zuma, forseta landsins. Frændi Nelsons Mandela er einnig á meðal eigenda námunnar.**

**SUÐUR-AFRÍKA** Fjórir námuverkamenn í Suður-Afríku særðust í gær þegar lögregla beitti bæði táragasi og gúmmískotum. Einn þeirra er alvarlega særður.

Hinir særðu voru í hópi námuverkamanna, sem reknir höfðu verið úr vinnu, en reyndu að hindra aðra verkamenn í að mæta til starfa.

Þetta gerðist við námuna Aurora, sem er að hluta í eigu náskyldra ættingja bæði Jacobs Zuma, forseta landsins, og Nelsons Mandela, fyrrverandi forseta.

Óróinn náði hámarki þann 16. ágúst þegar 34 námuverkamenn létust af völdum byssuskota frá lögreglumönnum við aðra námu skammt frá bænum Marikana. Alls urðu 112 námuverkamenn fyrir skotum lögreglu þann dag.

Lögreglan heldur því fram að hún hafi gripið til skotvopna í sjálfsvarnarskyni, þar sem námuverkamennirnir hafi fyrst skotið á lögregluna. Námuverkamennirnir voru vopnaðir sveðjum og bareflum, en lögreglan segir að nokkrar skammbyssur hafi einnig fundist á vettvangi.

Hörð viðbrögð urðu fyrir helgi við því að ríkissaksóknari ákvað að ákæra 270 námuverkamenn fyrir morð í tengslum við lát mannanna 34 sem lögreglan skaut.

Um helgina sagðist saksóknarinn hafa fallið frá morðákærum, en tók jafnframt fram að hann teldi ekkert hafa verið óeðlilegt við þá málsmeðferð.

Morðákærurnar voru byggðar á lögum frá tímum aðskilnaðarstefnunnar, en fjöldamorðunum í Marikana hefur verið líkt við fjöldamorðin í Sharpville í Suður-Afríku árið 1960 þegar hvítir lögreglumenn hófu skothríð á þeldökka mótmælendur og 69 þeirra létu lífið. Viðbrögð svarta meirihlutans í landinu urðu hörð, en hvíti minnihlutinn setti í beinu framhaldi neyðarlög og hélt landinu í heljargreipum um lögregluvalds næstu áratugina.



**JULIUS MALEMA** Fyrrverandi leiðtogi ungliðahreyfingar Afríska þjóðarráðsins hefur kvatt sér hljóðs í deilunum. NORDICPHOTOS/AFP

Búist er við því að ólgan í verkamönnum við platínunámur landsins haldi áfram á meðan kjör þeirra breytast ekkert. Þeir búa flestir í afar lélegu húsnæði sem hróflað hefur verið upp í kringum námurnar á meðan eigendur þeirra græða á tá og fingri, enda hefur verð á platínu margfaldast á síðustu árum.

Námuverkamennirnir saka bæði sín eigin verkalýðsfélög og Afríska þjóðarráðið, sem fer með völd í landinu, um linkind gagnvart námueigendum.

Hinn umdeildi Julius Malema, fyrrverandi leiðtogi ungliðahreyfingar Afríska þjóðarráðsins, hefur látið til sín taka í þessum deilum og gagnrýnir fyrrverandi félaga sína harðlega.

Hann hefur ávarpað námuverkamenn og hvatt þá til þess að gera platínunámur landsins óstarfhæfar þangað til lausn hefur fengist á málum þeirra. gudsteinn@frettabladid.is

LS

**Verðtryggð skuldabréf**
**Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS 05 4**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur ákveðið að nýta sér rétt til innköllunar á öllum skuldabréfum í flokki LSS 05 4, ISIN IS0000011575 .

Útgáfudagur skuldabréfanna var 27. september 2005. Samkvæmt skilmálum þeirra hefur Lánasjóður sveitarfélaga ohf. heimild til uppgreiðslu á hverjum gjalddaga frá og með 1. október 2010.

Innköllunin miðast við 1. október 2012. Skuldin verður greidd í samræmi við skilmála bréfanna. Vísað er að öðru leyti til skilmála bréfanna.

Skuldabréfin og vextir af þeim verða, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar, greidd til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning hjá. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á bankareikninga eigenda.

Skuldabréfin eru skráð í Nasdaq OMX Iceland hf. og verður óskað eftir afskráningu þeirra að lokinni innköllun.

Arion banki hafnar ásökunum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar:

# Fráleitt að til sé „dauðalisti“

**VIÐSKIPTI** Arion banki segir fráleitt að til sé listi yfir lífvænleg fyrirtæki sem bankinn hafi ákveðið að taka af eigendum þeirra til að laga ójöfnuð milli nýja bankans og þrotabús gamla Kaupþings. Jón Ásgeir Jóhannesson athafnamaður hélt því fram í innsendri grein í Fréttablaðinu á laugardag að slíkur listi væri til. Áður hafði Víglundur Þorsteinsson, fyrrverandi eigandi BM Vallár, haldið hinu sama fram.

Í svari Haraldar Guðna Eiðssonar, upplýsingafulltrúa Arion banka, við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið segir að eini listinn, sem til er, sé sá sem útbúinn var við stofnun Arion banka árið 2008 og nær yfir fjörutíu stærstu skuldunauta hans.

„Þessi fjörutíu fyrirtækjalán voru allt frá því að vera mjög góð lán, sem innheimtast að fullu, til lána þar sem líkur á endurheimtum voru takmarkaðar. Hugsanlega er verið að vísa til þess lista. En þessi fyrirtæki voru í engu meðhöndluð með öðrum hætti en önnur. [ … ]Í einhverjum tilvikum var staða fyrirtækja með þeim hætti að ekki var hjá því komist að bankinn tæki félag yfir eða gengi að sínum veðum. Að baki slíkum ákvörðunum lá ávallt ýtarleg greining á stöðu fyrirtækjanna og lífvænleika þeirra.“



**ARION BANKI** Bæði Jón Ásgeir Jóhannesson og Víglundur Þorsteinsson fullyrða að bankinn hafi útbúið svokallaðan dauðalista. Upplýsingafulltrúi bankans þvertekur fyrir það. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Jón Ásgeir og fjölskylda hans voru einn eigenda 1998 ehf. sem skuldaði Arion banka á sjötta tug milljarða króna í árslok 2010. Eina eign félagsins var 95,7 prósenta eign í smásölurisanum Högum. Arion banki ákvað að ganga ekki að endurskipulagningartilboði Jóns Ásgeirs og fjölskyldu hans heldur ganga að veðum sínum og selja Haga til nýrra eigenda. Félagið var síðan skráð á markað í desember 2011.

Ingibjörg Pálmadóttir, eiginkona Jóns Ásgeirs, er aðaleigandi 365 ehf. sem gefur út Fréttablaðið. - þsj

# Láttu hjartað ráða




„Himneskir lífrænir gosdrykkir úr fyrsta flokks hráefni og allir í fjölskyldunni finna eitthvað við sitt hæfi."

Solla

HIMNESKT

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · **www.lífrænt.is**

LEYNIVOPNID

Fornleifarannsóknir á Hrafnseyri við Arnarfjörð

# Túngarður eða virkisveggur?

**Fornleifafræðirannsóknir fara nú fram á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Er það liður í verkefni Fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða sem ber heitið Arnarfjörður á miðöldum. Þótt rannsakendur hafi orðið margs vísari dylst margur leyndardómurinn enn í hjúpi sínum.**

Hvar liggur Hrafn, sem stundum er nefndur fyrsti læknir okkar Íslendinga? Hvar var virki hans? Og af hverju var miðaldakirkjugarðurinn færður? Er eitthvað til í því að hann hafi vanhelgast þegar prestur var drepinn í miðri guðsþjónustu?


MARGRÉT HRÖNN HALLMUNDSDÓTTIR

Margur gæti haldið að af nógu væri að taka þegar fornleifafræðingar taka sig til og opna miðaldagrafir. Sú er þó ekki raunin á Hrafnseyri í Arnarfirði.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur, sem fer fyrir rannsakendum fyrir vestan, segir að vegna slæmra skilyrða í jarðvegi hafi lítið verið eftir af jarðneskum leifum í þeim gröfum sem opnaðar hafa verið. „Tvær voru alveg tómar og í annarri voru bara tennur,“ segir hún.

En heppnin var líka í för með þeim því undir steini einum í einni gröfinni stóð kjálki nokkur af sér ágang tímans. Hann hefur nú verið sendur til aldursgreiningar og vonast Margrét til að hún liggi fyrir í vetur.

En Margrét Hrönn og lið hennar hafa ekki aðeins verið að hrófla við gömlum gröfum. „Í ágúst hófust rannsóknir aftan við kirkjugarðinn,“ segir hún. „Rannsóknarspurningar sumarsins snúa meðal annars að því að staðsetja miðaldabyggðina á Hrafnseyri en síðasta byggð var ofan við núverandi kirkju.“ Í sumar komu að sögn Margrétar í ljós tvö eldstæði og eins lítið hús ásamt voldugum túngarði þar sem stórgrýti er í undirstöðum og torf í veggnum sem hefur verið tveir metrar á breidd. Vegginn á að rannsaka betur næsta sumar.

Ekki skortir tilgáturnar um það sem þarna hefur fundist. Hrafn, sá er eyrin heitir eftir, var höfðingi mikill eins og lesa má í Sturlungu en hann var einnig fær læknir.


**MIÐALDAKIRKJUGARÐURINN Á HRAFNSEYRI** Enginn veit fyrir víst af hverju þessi miðaldakirkjugarður var lagður af, en tilgáta er uppi um að það hafi gerst eftir að presturinn á staðnum var myrtur fyrir framan söfnuð sinn. MYNDIR/MARGRÉT HRÖNN HALLMUNDSDÓTTIR


**KJÁLKINN FORNI** Það eina sem tímans tönn náði ekki að tyggja til tortímingar var þessi kjálki sem nú hefur verið sendur til aldursgreiningar.

„Hann er meðal annars frægur fyrir það að hafa tekið úr manni þvagsteina og sjúklingurinn lifði það af,“ segir Margrét Hrönn.

Hrafn var vinsæll maður enda höfðingi heim að sækja, læknaði hann hvern þann er sjúkur leitaði til hans og tók aldrei gjald fyrir. En það var vandlifað á Sturlungaöld og jafnvel hinir vænstu menn eignuðust svörnustu óvini.

Þorvaldur Snorrason Vatnsfirðingur taldi sig eiga sökótt við Hrafn svo hann sótti að honum árið 1213. Það var þó ekki heiglum hent því Hrafn hafði reist virki nokkuð við hús sitt.

„Ef ég leyfi mér að vera svolítið rómantísk þá er aldrei að vita nema túnveggurinn, sem við fundum í sumar, sé einmitt þetta virki,“ segir Margrét Hrönn. Það virki dugði þó ekki betur en svo að Þorvaldur leiddi Hrafn út og var hann hálshöggvinn. Sagt er að hann hafi borið sig karlmannlega.

Margrét Hrönn nýtur meðal annars liðsinnis tíu fornleifafræðinema frá háskólum á Bretlandi við að komast að þessum minjum fyrri alda.

Jón Sigurður Eyjólfsson
jse@frettabladid.is



## Svæsnasta kenningin um kirkjugarðinn

Miðaldakirkjugarðurinn á Hrafnseyri er fyrir neðan núverandi kirkju. Vangaveltur hafa verið uppi um af hverju hann hafi verið lagður niður á sínum tíma. Ekki skortir tilgáturnar, en sú svæsnasta er á þann veg að Gvendur nokkur, óvildarmaður guðsmannsins á staðnum, hafi skotið á prestinn af boga sínum og það í miðri guðsþjónustu. Á staðurinn að hafa saurgast af blóði prestsins við vígið.

Hefur bogi þessi verið hið kröftugasta vopn því Gvendur er sagður hafa skotið í gegnum kirkjuhurðina. Á hann að hafa staðið á holti einu þegar hann lét örina fljúga og heitir síðan holt þetta Gvendarholt. Frá þessu segir í bók Böðvars Bjarnasonar sem gefin var út árið 1961. Þar segir reyndar að þessi munnmælasaga sé mjög úr lagi færð þó svo hún kunni ef til vill að styðjast við einhvern sögulegan grundvöll.

ÁTTU VON Á GESTUM?

Lingen svefnsófi
TILBOÐ AÐEINS
Kr. 99.000,-
Verð áður 123.750,-



Ný sending á frábæru tilboðsverði!
Góð svampdýna
Breidd: 200 cm
Dýpt: 120 cm

20% afsláttur í sept.



Betra BAK
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

RE/MAX
LIND

# Það er ástæða fyrir því að viðskiptavinir okkar koma aftur...

*...þeir fá góða þjónustu.*

**Frítt verðmat!**

- Við sjáum um að láta mynda eignina.
- Við sýnum eignina.
- Við fylgjum kaupendum eftir.
- Við aðstoðum við leit að nýrri eign.
- Við tryggjum hagsmuni viðskiptavina okkar.
- Við höfum mikla reynslu á fasteignamarkaðnum.



**Hannes Steindórsson**
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 510 7900
GSM: 699 5008



**Kristín Skjaldar**
Sölufulltrúi
kristin@remax.is
Sími: 510 7900
GSM: 824 4031



**Þórarinn Jónsson Hdl.**
Löggildur fasteignasali
Sími: 510 7900

Remax Lind - www.frittverdmat.is

VERT

## Íslenskir keppendur gera það gott á Ólympíuleikum fatlaðra sem fer fram í London

# Sigurvíma sundkappans Jóns Margeirs

**Jón Margeir fagnaði vel og innilega eftir að hafa tryggt sér gullið í 200 metra skriðsundi. Þetta eru fyrstu verðlaun Íslendings á Ólympíumóti síðan í Aþenu 2004.**

Íslenska þjóðin samfagnaði Jóni Margeiri Sverrissyni þegar hann tryggði sér gullverðlaunin í 200 metra skriðsundi í flokki hreyfihamlaðra með nýju heimsmeti á Ólympíumóti fatlaðra í London á sunnudag.

Þetta eru fyrstu verðlaun Íslendings á Ólympíumóti fatlaðra síðan í Aþenu árið 2004. Þá vann sundkonan Kristín Rós Hákonardóttir gull og brons og spretthlauparinn Jón Oddur Sigurðsson hlaut tvenn silfurverðlaun.

Tárin runnu í stríðum straumum þegar Jóni Margeiri var innilega fagnað af fjölskyldu og vinum að sundi loknu, enda var hann þar að uppskera ríkulega eftir áralanga taumlausa vinnu. Auk þess flykktust tugir aðdáenda um kappann sem hafði ekki undan að skrifa eiginhandaráritanir.

Þrír íþróttamenn eru í íslenska hópnum auk Jóns Margeirs, sundkonan Kolbrún Alda Stefánsdóttir og frjálsíþróttafólkið Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir og Helgi Sveinsson.

Matthildur keppir í 200 metra hlaupi á morgun, Jón Margeir og Kolbrún Alda stinga sér aftur í laugina á fimmtudaginn og á föstudag keppir Helgi í 100 metra hlaupi og spjótkasti.

thorgils@frettabladid.is



**SIGURREIFUR** Jón Margeir kom í fyrstur í mark í 200 metra skriðsundi á nýju heimsmeti, 1:59,62 mínútum. Hann fagnaði að vonum vel. NORDICPHOTOS/GETTY



**Á FLJÚGANDI FERÐ** Jón Margeir náði fljótt forystu í sundinu. Keppinautar hans sóttu að honum á lokasprettinum, en glæstur sigur vannst að lokum. MYND/JÓN BJÖRN



**KEPPENDUR MEÐ RÁÐHERRA** Ísland sendir fjóra keppendur til leiks á Ólympíumótið. Hér er íslenski hópurinn með velferðarráðherra í móttöku í sendiráðinu í London. MYND/JÓN BJÖRN



**LANGSTÖKK** Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir keppir hér í langstökki. Hún lenti í áttunda sæti, en hún er einungis fimmtán ára og á því sannarlega framtíðina fyrir sér. MYND/JÓN BJÖRN



**VIÐ ENDAMARKIÐ** Kolbrún Alda Stefánsdóttir kemur hér í mark. Hún keppir á ný á fimmtudag. MYND/JÓN BJÖRN





**STOLTIR FORELDRAR AFREKSMANNS** Foreldrar Jóns Margeirs fögnuðu stráknum að sjálfsögðu innilega eftir gullsundið. Margmenni dró að og vildu tugir aðdáenda heilsa upp á nýkrýndan meistara. MYND/JÓN BJÖRN





# Velkomin
## á landsleik í upplýsingatækni

# Haustráðstefna atvinnulífsins

**Haustráðstefna Advania verður haldin föstudaginn 7. september á Hilton-hótelinu í Reykjavík. Ráðstefnan er einstakt stefnumót upplýsingatækni og atvinnulífs með 3 lykilræðum og 40 gagnlegum fyrirlestrum um stefnur og strauma.**

### Newsweek, LSH og Fjarðaál

Lykilræður ráðstefnunnar verða þrjár.

**Dan Lyons**, tækniritstjóri Newsweek, fjallar um byltingu snjallsíma og samfélagsmiðla og áhrif hennar á atvinnulífið.

**Björn Zoëga**, forstjóra Landspítala-Háskólasjúkrahúss, segir frá nýja spítalanum í Vatnsmýrinni; þessu tækniundri sem verður að mörgu leyti hjarta þekkingariðnaðar í landinu.

**Janne Sigurðsson**, forstjóri Fjarðaáls, greinir frá því hvernig álverið á Reyðarfirði beitir upplýsingatækni á markvissan hátt til að skapa þekkingarver í fremstu röð.

### Áfram Ísland!

Ráðstefnan stendur yfir frá morgni til kvölds þegar blásið verður til veglegs lokahófs með landsþekktum listamönnum og skemmtikröftum. Að því loknu býður Advania ráðstefnugestum á **landsleik Íslands og Noregs** í undankeppni HM í fótbolta.

Ráðstefnugjald er 31.400 kr. og eru veitingar yfir daginn innifaldar.

### Dagskrá og skráning

Kíktu á vefinn og skoðaðu dagskrána. Skráning er hafin á **advania.is/haustradstefna**

### #haust2012

Fylgstu með og taktu þátt í umræðunni á Twitter

advania
Welcome to IT

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

12-1459 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtt ráðuneyti á að horfa til heildarhagsmuna:

## Reynir á ráðherrann

Sú tímabæra breyting tók gildi um mánaðamótin að nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti tók til starfa. Hin gamla skipan mála var orðin löngu úrelt. Þar áttu fornir undirstöðuatvinnuvegir, sjávarútvegur og landbúnaður, auk iðnaðarins „sín“ ráðuneyti og aðrar atvinnugreinar fengu takmarkaða eða handahófskennda athygli.

Rökin fyrir því að leggja niður lítil ráðuneyti sem pössuðu upp á sérhagsmuni og setja á fót stórt ráðuneyti sem horfir á hagsmuni og starfsumhverfi atvinnulífsins almennt eru augljós, enda hafa allir stóru flokkarnir ályktað um málið, þótt sumir hafi eitthvað lítið viljað kannast við það nú í aðdraganda þessarar breytingar.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, sagði réttilega hér í blaðinu í síðustu viku að með þessari breytingu skapaðist meira jafnræði með atvinnugreinunum. „Við getum tekið einhverja mestu vaxtargrein íslensks atvinnulífs undanfarin ár og áratugi, ferðaþjónustuna. Það hefur aldrei verið til ráðuneyti ferðamála, þó þeim hafi alltaf verið sinnt í þeim ráðuneytum sem með þau hafa farið á hverjum tíma,“ sagði Steingrímur. „Þá er verslunin mjög mikilvæg atvinnugrein, en hefur ekki kannski beinlínis verið sett upp sem slík í skipulagi stjórnarráðsins. Hinar skapandi greinar munu einnig eiga sinn fulltrúa í þessu nýja skipulagi.“

Ein mikilvægasta breytingin er sú að sameinað ráðuneyti ætti að hafa bolmagn til sjálfstæðrar stefnumótunar í stað þess að ganga erinda öflugra hagsmunasamtaka atvinnugreinanna, eins og oft hefur brugðið við. Einkum og sér í lagi í landbúnaðarráðuneytinu á meðan það var og hét, en líka að einhverju leyti í sjávarútvegs- og iðnaðarráðuneytunum, var stundum erfitt að átta sig á því hvar stjórnsýslan endaði og hagsmunasamtökin tóku við.

Breytingin setur hins vegar ráðherra atvinnu- og nýsköpunarmála í nýja stöðu. Hann getur ekki lengur verið hagsmunagæzlumaður og talsmaður „sinnar“ atvinnugreinar á kostnað annarra.

Um þetta skrifuðu forystumenn Samtaka verzlunar og þjónustu, Margrét Kristmannsdóttir og Andrés Magnússon, í grein í helgarblaði Fréttablaðsins: „Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra mun hafa heildarsýn yfir atvinnulífið í landinu og SVÞ leggja áherslu á að sá ráðherra sem fer með þennan málaflokk nú og í framtíðinni tryggi að jafnvægis verði gætt á milli allra atvinnugreina, að heildarhagsmunir verði hafðir að leiðarljósi og að þröngir sérhagsmunir ráði aldrei för.“

Þetta eru vafalaust væntingar, sem fleiri gera til nýs ráðuneytis og ráðherra þess. Þá vakna spurningar eins og þessi: Hvað gerir Steingrímur J. Sigfússon til dæmis ef enn einu sinni slær í brýnu með landbúnaðinum, sem vill hafa sem allra hæsta tolla á mat sem er fluttur inn til landsins, og innflytjendum og smásölum á matvörumarkaði, sem ásamt neytendum eiga skýra hagsmuni af því að tollar séu sem lægstir og samkeppnin sem virkust? Hvar telur hann að almannahagsmunirnir liggi?

Það getur orðið vandlifað í hinum nýja sameinaða ráðherrastól og mun reyna á ráðherrann.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Pilsfaldakapítalisminn

Einn af hornsteinum stefnu Sjálfstæðisflokksins er að nýta eigi krafta einstaklingsins með sem minnstum afskiptum hins opinbera. Markaðurinn á helst að ráða. Nú ber svo við að fyrirtæki austur á fjörðum hefur keypt fyrirtæki í Vestmannaeyjum á þessum sama markaði. Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum, sem Sjálfstæðismenn skipa, hyggst hins vegar koma í veg fyrir að markaðurinn ráði og stíga inn í þau kaup. Pilsfaldakapítalismi hét þetta einu sinni og á að heita enn, óháð því hvort gjörningurinn sé réttur eður ei.



### Fórnarlambavæðingin

Orð hafa ábyrgð og það skilja þeir sem tjá sig og rita á opinberum vettvangi. Undanfarið hafa nokkur dæmi sést af því að menn úr viðskiptalífinu tala um sig sem fórnarlömb vegna þess hvernig fyrir þeim er komið. Með því reyna þeir að nýta sér þá samúð sem orðinu fylgir. Vel má vera að einhverjir þeirra telji sig svikna í viðskiptum, en er ekki ábyrgara að skýla sér ekki á bak við fórnarlambsstimpil?



### Sama skrifstofan

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, fagnar nýju ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála. Hann segir í pistli á heimasíðu sinni að planið hafi verið að lagt yrði á ráðin um allar auðlindir hafs og lands á einum stað í stjórnarráðinu, í umræddu ráðuneyti. Þess vegna sé það miður að ekki hafi orðið af þessu, eina breytingin sé nýtt heiti á skrifstofunum við Skuggasund. Eina stofnunin sem flust hafi undir ráðuneytið sé Veiðimálastofnun. Þurfa ekki oddvitar ríkisstjórnarinnar að svara fyrir þessa gagnrýni?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Foreldrar komi að ráðningum skólastjóra grunnskólanna

Menntamál



Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi

Víða erlendis taka foreldrar grunnskólabarna mun virkari þátt í ráðningarferli skólastjóra en tíðkast á Íslandi. Talið er æskilegt að foreldrar, skattgreiðendur, hafi þannig beina aðkomu að þeirri lykilákvörðun, sem ráðning skólastjóra vissulega er fyrir skólann og viðkomandi íbúahverfi.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur vilja að virkt samráð verði tekið upp við foreldrafélög í borginni við nýráðningar skólastjóra og hafa lagt fram tillögu þar að lútandi.

Slíkt samráð feli í sér að í skóla, þar sem ráðning skólastjóra stendur fyrir dyrum, skuli gefa stjórn viðkomandi foreldrafélags kost á að kynna sér helstu upplýsingar um umsækjendur og hitta þá að máli til að kynnast sýn þeirra á starfið. Ef því verður við komið, verði stjórn foreldrafélags heimilt að efna til fundar, sem opinn verði öllum foreldrum viðkomandi skóla, þar sem umsækjendum, sem fullnægja kröfum til starfsins, verði gefinn kostur á að kynna sig og stefnumál sín.

Í framhaldi af slíkum fundi sé stjórn foreldrafélags heimilt að skila umsögn til skóla- og frístundaráðs með áliti um hver sé hæfastur til að gegna viðkomandi starfi. Stjórn foreldrafélagsins verði einnig heimilt að skila umsögn til ráðsins án þess að mælt sé með ákveðnum umsækjanda en með ábendingum um hvaða atriði sé æskilegt að leggja áherslu á þegar ráðið verður í stöðuna með tilliti til vilja foreldra og aðstæðna í umræddum skóla.

Með samþykkt tillögunnar yrði brotið blað varðandi aðkomu foreldra að skólastarfi í Reykjavík. Foreldrafélög fái þannig í raun rétt til umfjöllunar og umsagnar áður en nýr skólastjóri er ráðinn. Það væri síðan hverju foreldrafélagi í sjálfsvald sett hvort slík heimild yrði nýtt og með hvaða hætti.

Þannig væri tryggt að rödd foreldra myndi heyrast í ráðningarferlinu en eftir sem áður myndi skóla- og frístundaráð Reykjavíkur annast sjálfa ráðninguna og bera ábyrgð á henni eins og kveðið er á um í samþykktum ráðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ungar konur og leghálsinn

HEILSA



Teitur Guðmundsson
læknir

Það er merkilegt að hlusta á og fylgjast með fréttum af þeirri staðreynd að konur virðast í minni mæli fara í skoðun með tilliti til forvarna gegn leghálskrabbameini. Þá kemur einnig fram að konur sem greinast nú séu með lengra genginn sjúkdóm en áður og því erfiðara um vik að meðhöndla þær. Kvenlæknar kalla eftir vitundarvakningu og hafa áhyggjur af þróun mála. Um langt árabil hefur Krabbameinsfélagið og kvenlæknar auk heimilis- og heilsugæslulækna á landsbyggðinni framkvæmt svokallaða leghálsskoðun með sýnatöku í því tilliti að sjá hvort forstigsbreytingar krabbameins séu til staðar. Slík skoðun er ein fárra sem er viðurkennt að eigi rétt á sér í forvarnaskyni. Undirritaður hefur áður ritað greinar um krabbamein og forvarnir gegn þeim, mest varðandi ristilkrabbamein, sem er eitt hið algengasta hjá báðum kynjum og mikilvægi forvarna þar ótvírætt.

Það er sláandi ef rétt reynist að yngri konur séu tregari til hópleitar en áður hefur tíðkast og er spurning hvað veldur. Ljóst er að skoðun sem þessi er hvorki spennandi né þægileg fyrir viðkomandi einstakling, en til þess að geta skoðað sem flestar konur og annað þeim fjölda sem þarf slíka skoðun reglulega er ljóst að ekki gefst mikill tími fyrir spjall og verður skoðunin því ópersónuleg og jafnvel hafa konur upplifað hana sem ákveðna færibandavinnu. Markviss og fumlaus skoðun sem fylgir skilgreindu verklagi er hins vegar nauðsynleg til að viðhalda næmni rannsóknarinnar og koma í veg fyrir að konur þurfi að koma ítrekað til skoðunar vegna lélegrar sýnatöku. Flestar konur sem ekki eiga sinn kvenlækni fara í slíka skoðun á vegum leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands.

Allar konur á aldrinum 20-69 ára eru boðaðar til skoðunar á tveggja ára fresti, en tímabilið getur verið styttra greinist forstigsbreytingar eða ef verið er að fylgja eftir einstaklingi eftir keiluskurð svo dæmi sé tekið.

Ein meginástæða leghálskrabbameins eru frumubreytingar sem orsakast af svokallaðri HPV-veirutegund (Human Papilloma Virus) sem eru mjög algengar, en talið er að um 80% kvenna smitist af slíkum veirum á lífsleiðinni. Einkenni geta verið mismikil og mikilvægt er að átta sig á því að til eru ríflega 100 undirtegundir þessa veiruhóps og í flestum tilvikum vinnur líkaminn bug á veirunni sjálfur án aðstoðar. HPV-serotýpur 16 og 18 eru skæðastar og hefur verið þróað bóluefni gegn þeim sem í dag er gefið öllum stúlkum tólf og þrettán ára hérlendis.

Breytt kynhegðun er talin ein af orsökum þess að útbreiðsla slíks smits er meiri en áður og

> Einkenni geta verið mismikil og mikilvægt er að átta sig á því að til eru ríflega 100 undirtegundir…

hefur verið tengd við aukinn fjölda rekkjunauta og mögulega fjölbreyttari kynlífsvenjur. HPV-smit er algengasti kynsjúkdómurinn í Bandaríkjunum en talið er að 6,2 milljónir nýrra tilfella greinist þar árlega. Hérlendis var fjöldi tilfella árið 2011 samtals 251, en HPV fellur undir skráningarskylda smitsjúkdóma. Til gamans má geta að þessar tölur eru viðsnúnar í samanburði við Bandaríkin því hérlendis er klamydía langalgengasti kynsjúkdómurinn með 2.090 greind tilfelli árið 2011. Líklega er því tala þeirra sem ekki leita læknis og því ekki rétt greindar veruleg samanber það sem við sjáum í hópleit Krabbameinsfélagsins með lengra gengna sjúkdóma hjá yngri konum en undangengin ár.

Þess ber að geta að kynfæravörtur (HPV-veira) og aðrir kynsjúkdómar eins og klamydía og lekandi geta smitast við alla kynhegðan, þar á meðal munnmök og endaþarmsmök. Einkenni geta komið fram löngu síðar í formi húðbreytinga eins og kynfæravörtum, eða frumubreytingum í leghálsi en slíkt er einungis hægt að greina með umræddri leghálsskoðun.

Ég vil því hvetja konur til skoðunar og fyrirbyggjandi aðgerða gegn leghálskrabbameini, sérstaklega þær sem eru í yngri aldurshópunum, þetta er ekki feimnismál, heldur dauðans alvara.

AF NETINU

### Hústökufólkið

Fiskimiðin eru sameign þjóðarinnar. Veiðirétturinn er það hins vegar ekki. Þannig á þjóðin hús sem í situr hústökufólk. Þetta hústökufólk sinnir í engu kalli eigandans eftir húsinu og hótar að brenna það til kaldra kola ef einhverju skal hnika. Hústökufólkið ákveður leigu hússins en ekki eigandinn. Hústökufólkið framleigir tóm herbergi á verði sem því sýnist. Hústökufólkið notar húsið sem veð til að ná í fjármagn. Hústökufólkið er einrátt um arð hússins og allsráðandi hvernig honum er ráðstafað. Hústökufólkið selur húsið án þess að spyrja eigandann. Hústökufólkið kaupir húsið án þess að spyrja eigandann. Viltu hafa þetta svona? Ef ekki, mættu þá á kjörstað þann 20. október og festu auðlindaatkvæði í stjórnarskrá.

http://www.dv.is/blogg

**Lýður Árnason**

### Óskiljanlegt kerfi

Ég talaði um daginn við erlent fólk sem fylgist mjög vel með íslenskum málefnum og kemur hingað reglulega. Það furðaði sig á kerfi sem byggir á því að fólk borgi og borgi húsnæðislán – en eigi svo ekki neitt þótt það hafi greitt samviskusamlega af þeim í 15-20 ár. Þau töldu að þetta væri óhugsandi annars staðar – skildu ekki að Íslendingar byggju við slíkt kerfi til langframa.

http://eyjan.pressan.is/silfuregils/

**Egill Helgason**

# Hvað ef það væri þitt barn?

Samfélagsmál

Bryndís Jónsdóttir
framkvæmdastjóri SAMFOK



*Kæri pólitíkus.*

Síðustu daga og vikur hafa fjölmiðlar fjallað um málefni lítils drengs með þroskahömlun. Litli drengurinn hefur gengið í almennan grunnskóla fram að þessu. Þar líður honum ekki vel og foreldrar hans hafa metið það svo að hag hans sé betur borgið í Klettaskóla sem er sérskóli fyrir þroskahömluð og fötluð börn. En sérfræðingarnir segja nei, í umboði pólitíkusa eins og þín, og þeir hafa ekki einu sinni hitt barnið að sögn foreldranna.

Saga þessa drengs er ekki einsdæmi. Samkvæmt upplýsingum frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur hafa þó ekki mörg börn fengið synjun um skólavist í Klettaskóla. Það sem þessi börn eiga sammerkt er að foreldrar þeirra telja að barni þeirra væri betur komið í sérskóla en almennum grunnskóla. Foreldrar fatlaðra og þroskahamlaðra barna láta mjög gjarnan á það reyna hvort barnið þeirra getur gengið í sinn heimaskóla. Sem betur fer gengur það oft mjög vel. En þegar það gengur ekki vel er ekki úr mörgum úrræðum að velja. Það eru oft þung spor fyrir foreldra að taka barnið sitt úr almennum skóla og sækja um í sérskóla. Ákvörðun þeirra um að sækja um í Klettaskóla er því oft mjög vel ígrunduð og tekin að vandlega athuguðu máli og jafnvel með afar neikvæða reynslu af almenna skólakerfinu að baki.

Það er því talsvert högg að fá synjun á grundvelli þess að barn, sem foreldri telur að eigi

> Hvað ef þitt barn væri með væga þroskahömlun og viðbótarfatlanir, liði illa í skólanum og væri félagslega einangrað?

ekki heima í almenna grunnskólanum og eigi ekki samleið með nemendum þar, fái ekki inngöngu í sérskólann á þeirri forsendu að það eigi ekki samleið með börnunum þar heldur. Fólk sem á börn sem þau telja komin að endimörkum í almenna skólakerfinu er skilið eftir í lausu lofti án úrlausna. Hvar er eiginlega pláss fyrir þessa nemendur?

Kæri pólitíkus, ef við lítum nú algjörlega fram hjá því að þú þjónar kerfinu… eða var það kannski öfugt? Hvað ef þetta væri þitt barn? Hvað ef þitt barn væri með væga þroskahömlum og viðbótarfatlanir, liði illa í skólanum og væri félagslega einangrað? Hvað ef þú í hjarta þínu vissir að barnið þitt ætti betri samleið með nemendum sérskólans en nemendum almenna grunnskólans? Hvað ef þú þyrftir að horfa á eftir barninu þínu á hverjum morgni, vitandi að því liði illa í skólanum og ætti enga vini? Hvað ef þú vissir af valkosti, þar sem barnið þitt ætti möguleika á að eignast vini á jafningjagrundvelli? Hvað ef þú vissir að misvitrir pólitíkusar væru markvisst að breyta samsetningu nemendahópsins í sérskólanum með því að herða inntökuskilyrði og koma þannig í veg fyrir að barnið, sem áður hefði átt þann valkost að ganga í skóla með jafningjum sínum, fengi inngöngu? Hvað ef það væri barnið þitt sem hvergi passar inn? Mig setur hljóða og ég fæ tár í augun við tilhugsunina um að þetta væri mitt barn.

Kæri pólitíkus, hvaða máli skipta nokkrar krónur þegar vellíðan og lífshamingja barns er annars vegar? Ég skora á þig að hætta að vera þræll kerfisins og þess í stað láta kerfið þjóna þér, okkur og hagsmunum allra barna!

www.meiraprof.is
Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK
ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



# Er Georg Bjarnfreðarson hæfastur?

Jafnrétti

Ásta Bjarnadóttir
vinnu- og skipulagssálfræðingur



Kærunefnd jafnréttismála er káhrifamikill úrskurðaraðili í deilumálum um opinberar ráðningar hér á landi. Þegar kærunefndin tekur mál til umfjöllunar leggur hún almennt til hliðar fyrra mat sem gert hefur verið og framkvæmir sitt eigið sjálfstæða mat á kæranda og þeim sem var ráðinn. Kærunefndin úrskurðar svo um hæfni þeirra, oft með mjög afgerandi hætti.

En hvaða aðferðir notar kærunefndin til að meta hæfni umsækjenda og komast að sinni afdrifaríku niðurstöðu? Úrskurðir kærunefndarinnar eru almennt byggðir eingöngu á skoðun á skriflegum gögnum umsækjenda, þ.e. ferilskránum. Í úrskurðum eru prófgráður taldar upp, tegundir reynslu tíundaðar og árafjöldi í hverju starfi. Kærunefndin hefur heimild til að kalla umsækjendur á sinn fund en nýtir hana almennt ekki. Fjöldi ára í háskóla er vissulega hlutlæg aðferð en er hún góður mælikvarði á hæfni einstaklings, kannski tuttugu árum síðar, til að gegna tilteknu starfi í framtíðinni? Hlutlægir mælikvarðar eru ekki alltaf réttir mælikvarðar.

Aðferðin sem kærunefndin notar er ágætis aðferð til að þrengja þann hóp sem boðið er að taka þátt í hinu raunverulega mati en getur ekki talist heildstæð matsaðferð ein og sér. Raunar er varla til sá stjórnandi eða fyrirtækiseigandi sem myndi nota aðferð kærunefndarinnar til að ráða sér starfsmann því heilbrigð skynsemi segir okkur að pappírarnir segja ekki allt. Spyrja má hvort rannsóknarregla stjórnsýslulaga sé uppfyllt með þessari aðferðafræði og hvort málin séu nægilega vel upplýst þegar þessi nálgun er notuð, ekki síst í ljósi ákvæðis jafnréttislaga um að taka skuli mið af „öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi … eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu“ (sjá 5. mgr. 26. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008).

Þegar deilt er um verðmæti fyrirtækja er ekki talið duga að rýna skrifleg gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Ef slík deila ratar fyrir dómstóla eru gjarna skipaðir dómkvaddir matsmenn sem fá fullan aðgang að bókhaldi fyrirtækisins og gera sína sjálfstæðu úttekt áður en þeir kveða upp úr um rétt verð. Þessir matsmenn eru yfirleitt sérfræðingar í verðmati fyrirtækja en ekki endilega lögfræðingar, enda matsverkefnið ekki af lögfræðilegum toga. Ef deiluaðilar eru ekki sáttir við mat dómkvaddra matsmanna er óskað eftir svokölluðu yfirmati en þá koma enn aðrir aðilar og meta fyrirtækið aftur. Heilmikil huglægni er í mati á verðmæti fyrirtækja því velja þarf forsendur af ýmsu tagi en þó er mat sérfræðinganna talið haldbærara en beint mat dómara. Mat getur nefnilega verið skipulegt og málefnalegt þó það feli í sér tiltekna huglægni.

> Markmið jafnréttislaga eru samfélagslega mikilvæg en það réttlætir ekki að vönduðum aðferðum í starfsmannavali sé kastað fyrir róða.

Frammistaða í starfi er í eðli sínu flókið fyrirbæri sem erfitt er að höndla og á sér margar hliðar. Það er hægt að mæla frammistöðu en það krefst almennt aðkomu mannshugans sem alltaf felur í sér ákveðið huglægt mat og beitingu dómgreindar. Enn þá erfiðara er að spá fyrir um frammistöðu í starfi sem einstaklingurinn hefur enn ekki tekið við. Þetta vandamál hefur verið viðfangsefni vinnusálfræðinnar sem fræðigreinar í um það bil 100 ár og til eru ógrynni rannsókna sem segja til um hvaða aðferðir spá best fyrir um frammistöðu í starfi (sjá t.d. yfirlitsgrein Schmidt og Hunter, The Validity and Utility of Selection Methods in Personnel Research: Practical and Theoretical Implications of 85 Years of Research Findings, Psychological Bulletin, 1998).

Viðurkenndar faglegar aðferðir við starfsmannaval eru þær aðferðir sem reynst hafa samkvæmt ofangreindum rannsóknum spá fyrir um frammistöðu í starfi. Sem dæmi um slíkar aðferðir má nefna stöðluð og hegðunartengd viðtöl, verklegar samskipta- og stjórnunaræfingar, raunhæf skrifleg verkefni, sýnishorn vinnu, aðstæðumatspróf, persónuleikamat, próf sem mæla talnaleikni, próf sem mæla málfarslega leikni, próf sem mæla rökhugsun, starfsþekkingarpróf, staðlaðar umsagnir og matsmiðstöðvar. Öryggi niðurstöðunnar eykst eftir því sem fleiri aðferðir eru notaðar samhliða til að meta sömu eiginleika.

Um þessar aðferðir er ítarlega fjallað í öllum kennslubókum um starfsmannaval, en mat á ferilskrám er hins vegar afgreitt stuttlega sem aðferð til að þrengja hópinn. Hér á landi virðist viðurkennd þekking á starfsmannavali ekki vera nýtt á neinn hátt í kæruferlum vegna opinberra ráðninga. Það er líklega aðeins tímaspursmál hvenær sú staða kemur upp að fyrra matið sem gert var við ráðninguna sé augljóslega faglegra og ítarlegra en mat kærunefndarinnar, en mat kærunefndarinnar verður samt sem áður hið endanlega og „bindandi“.

Markmið jafnréttislaga eru samfélagslega mikilvæg en það réttlætir ekki að vönduðum aðferðum í starfsmannavali sé kastað fyrir róða. Það er ekki gott fyrir málstað jafnréttisins að Georg Bjarnfreðarson – með sínar fimm háskólagráður – sé táknrænn fyrir hæfasta einstaklinginn eins og hann birtist í gildismati íslenskra jafnréttisyfirvalda. Auknar heimildir kærunefndar jafnréttismála til að láta fara fram endurmat á þeim sem til greina koma, eða betri nýting á heimildum sem nú þegar eru í jafnréttislögunum, eru nauðsynlegar til að tryggja trúverðugleika þessa ferlis og minnka deilur um úrskurði.

# Krónan á þunnum ís, 1. hluti

Fjármál

Zack Vogel
lektor í New York



Íslandi hefur tekist vel upp í glímu sinni við afleiðingar bankakreppunnar og þjóðir heims líta nú til landsins í leit að lausnum á eigin vandamálum. Þetta þýðir ekki að Ísland sé komið á lygnan sjó. Þvert á móti stendur landið frammi fyrir óleystum vandamálum sem takast þarf á við á næstu árum. Á Íslandi búa 315.000 íbúar og þeir halda úti óháðum gjaldmiðli án þess að festa gengi hans við nokkurn annan gjaldmiðil. Þessi gjaldmiðill er íslenska krónan. Íslendingar þurfa að svara þeirri spurningu hvort það sé heppilegt fyrirkomulag að búa áfram við krónuna.

Fleiri afgerandi spurningar krefjast svara. Þessar spurningar snúast um gjaldeyrishöft, eftirlit með starfsemi bankastofnana og fyrirkomulag og samhengi ríkisfjármála og peningamála. En lykilatriðið er að ákveða fyrirkomulag gjaldmiðilsmála. Íslensk stjórnvöld þurfa að ákveða hvort halda skuli í krónuna sem lögeyri eða hvort taka skuli upp erlenda mynt sem lögeyri. Evra, Bandaríkjadalur og Kanadadalur hafa verið nefndir sem möguleikar ásamt fleiri myntum. Hvort sem niðurstaðan verður að halda krónunni eða sleppa henni mun sú stefnumörkun krefjast þolinmæði, ákveðni og fórna, en þar með eru líkindi leiðanna að mestu upptalin.

Það er skynsamlegt fyrir íslensk stjórnvöld að vinna áfram að framgangi umsóknar að Evrópusambandinu og Evrópska myntsamstarfinu (ERM) með upptöku evru í huga. Upptaka evru sem lögeyris á Íslandi mun taka mörg ár. Hindranir kunna að verða á þeirri leið sem gera hana ófæra. Biðin eftir evrunni gæti þó orðið landinu til blessunar ef tíminn væri nýttur til kerfisbreytinga sem auðvelduðu Íslendingum að sníða agnúa af því gjaldmiðilskerfi sem þeir nú búa við. Fýsilegt kann að virðast að taka upp aðra mynt en evru í stað krónunnar vegna þess óróleika og verðbólguhættu sem er á evrusvæðinu nú. Upptaka þjóðmyntar annars lands er mjög áhættusöm vegna þess að ólíklegt er að hagsveifla og þar með peningastefna heimalands myntarinnar og Íslands séu í takt. Einhliða upptaka þjóðmyntar annars lands yki störlega líkindin á nýrri djúpri kreppu á Íslandi.

Rekja má ástæðu þess að Íslendingar vilja losa sig við krónuna til reynslu þeirra frá október 2008. Enginn Íslendingur hefur áhuga á að endurupplifa þá óvissu og það verðmætatap sem fylgdi gengisfalli krónunnar. Ég vil halda því fram að þessi martraðarkennda reynsla Íslendinga sé nánast ávallt niðurstaðan þegar stjórnvöld sem búa við fljótandi gengi leyfa myntinni að styrkjast mikið umfram jafnvægisgildi sitt. Íslensk stjórnvöld gengu lengra en að leyfa myntinni að styrkjast, stjórnvaldsaðgerðir beinlínis ýttu undir frekari styrkingu þó það hafi ekki verið ætlunin. Hækkun stýrivaxta án þess að gripið væri til takmarkana á innflæði erlends fjármagns dró slíkt fjármagn til landsins í áður óþekktum mæli. Innflæði fjármagns fylgdi bóla í fasteignaverði og verði annarra eigna, útblásinn bankageiri, útrás og útlánaþensla. Allt þetta má í mismiklum mæli rekja til haftalausrar styrkingar gengis krónunnar á sínum tíma.

Það að taka upp Kanadadal, evru eða Bandaríkjadal yrði til þess að lækka verðbólgu og vexti, draga úr gengissveiflum og auðvelda Íslendingum að eiga viðskipti við aðrar þjóðir. En þessi ávinningur er ekki ókeypis. Kostnaðurinn felst í því að íslensk stjórnvöld tapa stjórntækjum. Sé ekið eftir rólegri fáfarinni götu er hægt að taka hendur af stýri um stund. En deilist vegurinn í tvennt eða ef bíll kemur úr gagnstæðri átt er mikilvægt að gripa um stýrið til að forðast vandræði. Að taka upp mynt annars lands þar sem efnahagslífið lýtur öðrum lögmálum og þar sem hagsveiflan er ekki í takt við hagsveiflu á Íslandi svipar til þess að láta stýrið á bílnum í hendur gegstirðs frænda í aftursætinu. Uppbygging atvinnulífs á Íslandi er sérstök. Þar fer mikið fyrir áli og fiski. Hagsveifla á Íslandi kann að vera í takt við Kanada og Evrópu um hríð, en komi til þess að hagsveiflur þessara landa færist úr takti væri Ísland fórnarlamb peningastefnu sem sniðin væri að vandamálum annars lands. Að taka upp mynt annars lands þýðir að ekki er hægt að nota peningapólitísk og gengispólitísk stjórntæki til að takast á við sérstök íslensk hagstjórnarvandamál.

> Það að taka upp Kanadadal, evru eða Bandaríkjadal yrði til þess að lækka verðbólgu og vexti, draga úr gengissveiflum og auðvelda íslendingum að eiga viðskipti við aðrar þjóðir.

Það er umstang og óvissa fólgin í því að skipta um mynt. Því kann mörgum að þykja eðlilegt að halda krónunni til að forðast slík óþægindi. En það kostar líka talsvert umstang og fórnir að halda krónunni. Gengi krónunnar þarf að veikjast hægt og bítandi uns þess er ekki lengur þörf að beita valdboði til að halda erlendu fjármagni föngnu innanlands. Hægt og bítandi þarf að snúa gjaldeyrishöftum við þannig að hægt sé að nota ríkisfjármálin til að örva jafnan og góðan hagvöxt og til að halda verðbólgu í skefjum. Ekki ætti að nota stýrivaxtahækkanir sem agn til að lokka að erlenda fjárfesta, þvert á móti er slíkum hækkunum ætlað að kæla hagkerfið niður þegar þörf er á. Þá þarf að halda krónunni viðvarandi veikri þannig að grimmir og fjárhagslega sterkir gjaldmiðlaspekúlantar sýni henni ekki áhuga.

Íslenska hagkerfið er einfaldlega of lítið til að landið geti varið stöðu sterks gjaldmiðils, til þess þyrfti óhóflega stóran gjaldeyrisvarasjóð. Íslensk stjórnvöld og Seðlabankinn þyrftu að setja á fót nefnd sem hefði það markmið, með gjaldeyrismarkaðsinngripum, að halda krónunni 10-20% veikari en svari til jafnvægisgengis hennar. Smæð landsins ætti að hjálpa til við að halda krónunni veikri og landsmenn ættu ekki undir neinum kringumstæðum að reyna að styrkja veikt gengi hennar. Í næstu grein mun ég fjalla um reynslu ríkja Suður-Ameríku og draga tillögur mínar saman.

*Zack Vogel keypti og seldi skuldatryggingar nýlega þróaðra ríkja fyrir Morgan Stanley og Deutsche Bank. Hann vinnur nú að því að greina viðbrögð Íslands, Argentínu, Grikklands og annarra kreppuhrjáðra landa við fjármálakreppum, nýjum og gömlum. Hann er lektor við viðskiptafræðideild Skidmore College í Saratoga Springs, New York. Námskeið Vogels um Global Credit Crisis mun fjalla ítarlega um valkosti þá sem Ísland stendur frammi fyrir á gjaldmiðilssviðinu.*

# Skólaforeldrar í aðalhlutverki

Menntun

Margrét V. Helgadóttir
formaður SAMFOK



Nú í haust hófu um það bil 1.400 nýir nemendur skólagöngu í 1. bekk í grunnskólum Reykjavíkur. Við þau tímamót er gaman að láta hugann reika til þess dags þegar við foreldrarnir vorum í þessum sporum og mættum full eftirvæntingar fyrsta skóladaginn. Þetta er stór dagur fyrir börnin en ekki síður fyrir okkur foreldrana. Litlu ungarnir okkar á leið inn í tíu ára grunnskólaferðalag og við teljum okkur jú vita manna best hvað þau eiga eftir að læra og reyna á vegferð þessari.

Skólaumhverfið hefur þó breyst gríðarlega frá því við, foreldrarnir, hófum okkar skólagöngu. Heimilin taka meiri þátt í námi barnanna og skólinn tekur meiri þátt í gæslu og umönnun barna. Skilin á milli hlutverka heimila og skóla eru gjörbreytt miðað við það sem áður þekktist. Foreldrar gegna orðið miklu stærra hlutverki í skólasamfélaginu. Búið er að skilgreina ýmis hlutverk sem foreldrar taka að sér og auka þannig samstarf heimila og skóla til muna.

Þar má nefna hin lögbundnu foreldrafélög og fulltrúa foreldra í skólaráði, hlutverk bekkjarfulltrúa og foreldraröltið. Við foreldrar erum afar mikilvæg auðlind í skólastarfi í dag og þurfum að vera dugleg að hvetja hvert annað áfram á þeirri braut.

Sem betur fer er alltaf ákveðinn kjarni foreldra tilbúinn að starfa í foreldrafélögum og taka að sér hlutverk bekkjarfulltrúa og það ber að þakka. Vonandi sjá æ fleiri foreldrar hversu skemmtilegt og gefandi það er að starfa í skólasamfélaginu og fá tækifæri til að kynnast því betur í gegnum foreldrastarfið núna í vetur. Fyrir þá foreldra sem vilja taka beinan þátt í skipulögðu starfi þá eru valdir bekkjarfulltrúar í öllum árgöngum í grunnskólum á haustin og oftast eru aðalfundir haldnir á vorin og þá er kosin stjórn foreldrafélagsins.

En það er ekki nauðsynlegt að vera kjörinn bekkjarfulltrúi eða sitja í stjórn foreldrafélagsins til að taka þátt. Það er hægt að taka þátt með því að láta vita af áhuga sínum eða bjóða fram starfskrafta sína í einstök verkefni. Ef allir foreldrar gefa kost á sér í eitt verkefni á vetri í þágu bekkjarins eða skólans verður vetrarstarfið leikur einn.

Í öllum skólum eru starfandi foreldrafélög. SAMFOK eru svæðasamtök foreldra í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Til SAMFOK geta foreldrar, bekkjarfulltrúar, skólaráðsfulltrúar og stjórnir foreldrafélaga leitað eftir ráðgjöf og aðstoð í hinum ýmsu málum sem snúa að foreldrastarfinu eða samskiptum við skólann. Á haustin eru haldin bekkjarfulltrúanámskeið til að kynna hlutverkið fyrir nýjum bekkjarfulltrúum og á skrifstofunni er hægt að fá ýmiss konar aðstoð og ráðgjöf sem snýr að samskiptum og skólasamfélaginu. Hægt er að fá allar nánari upplýsingar um SAMFOK á vefsíðunni www.samfok.is og sömuleiðis á Facebook-síðunni SAMFOK.

> Sem betur fer er alltaf ákveðinn kjarni foreldra tilbúinn að starfa í foreldrafélögum og taka að sér hlutverk bekkjarfulltrúa og það ber að þakka.

Höfum í huga að skólinn er vinnustaður barnanna tíu mánuði ársins. Með því að vera virkir þátttakendur í námi barnanna okkar og taka þátt í skólastarfinu, aukum við líkurnar á að barnið okkar upplifi námið og skólann á jákvæðum nótum og sjái heimilið og skólann sem heild, en ekki sem andstæða póla. Við þurfum að vera meðvituð um hlutverk okkar sem skólaforeldrar og að við séum einn hlekkur í stórri keðju sem sameinar skóla, foreldra og nemendur.

# Allt að verða vitlaust!

## Full búð af heilsudýnum og -koddum!

### Tilboðsverð

**C&J + Shape dýna**

| Stærð cm. | Með still. botni |
|---|---|
| 2x80x200 | 375.800,- |
| 2x90x200 | 399.800,- |
| 2x90x210 | 405.800,- |
| 2x100x200 | 423.800,- |
| 120x200 | 230.900,- |
| 140x200 | 257.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

Aðeins kr. 34.754,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 2X90X200

STILLAN-LEGT

12 Vaxtalaust MÁNAÐA AFBORGANIR




- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

Aðeins kr. 8.957,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 140X200

FRÁBÆR KAUP

### Dorma-verð

**Nature's Rest**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 44.900,- | 76.900,- |
| 100x200 | 46.900,- | 80.900,- |
| 120x200 | 53.900,- | 89.900,- |
| 140x200 | 55.900,- | 99.900,- |
| 160x200 | 65.900,- | 114.900,- |
| 180x200 | 75.900,- | 127.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

**Nature's Rest**

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²




### Dorma-verð

**Shape dýnur**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 80x200 | 58.900,- | 83.900,- |
| 90x200 | 65.900,- | 97.900,- |
| 120x200 | 85.900,- | 121.900,- |
| 140x200 | 99.900,- | 143.900,- |
| 160x200 | 114.900,- | 163.900,- |
| 180x200 | 129.900,- | 181.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

Aðeins kr. 14.477,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

HJÓNA-RÚM

SHAPE BY NATURE'S BEDDING





**Heilsudýna sem:**

- Lagar sig fullkomlega að líkamanum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!



Fyrir þá sem vilja dúnmjúka og hlýja alvöru dúnsæng og dúnkodda!

TVENNU 15.900,- TILBOÐ



Stök dúnsæng kr. **13.900**

Stakur dúnkoddi kr. **4.900**

Milano hægindastóll á frábæru verði!

Hægindastóll kr. 39.900,-

FJÓRIR LITIR



**OPIÐ**
**Holtagörðum**
**Virka daga frá kl. 10-18**
**Laugard. frá kl. 11-16**

# DORMA

– býður góða nótt

**Pöntunarsími**
**☎ 512 6800**
**www.dorma.is**

# Úrskurður um aukið meðlag – brot á jafnréttislögum?

Samfélagsmál



Linda Wiium
lögfræðingur



Leifur Runólfsson
lögmaður

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Framfærslu barns skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns. Þegar foreldrar barns búa ekki saman hér á Íslandi er lágmarksframfærsla með barni svokallað einfalt meðlag sem er fastsett af Tryggingastofnun ríkisins. Í dag nemur einfalt meðlag kr. 24.230 kr. Meðlagið tilheyrir barninu en það er forsjárforeldrið eða það foreldrið sem barn býr hjá sem tekur við meðlaginu og hefur umsjón með því.

Samkvæmt gildandi barnalögum nr. 76/2003, getur forsjárforeldri eða það foreldrið sem barn býr hjá, líka sótt um svokallað aukið meðlag með barninu. Ef foreldrar semja ekki sjálfir um aukið meðlag, getur sýslumaður úrskurðað um beiðni foreldris um slíkt. Þegar sýslumaður fær til sín beiðni um aukið meðlag, þá lítur hann fyrst og fremst á tekjur þess aðila sem er meðlagsgreiðandi. Innanríkisráðuneytið gefur út til allra sýslumanna árlega viðmiðunarfjárhæðir og leiðbeiningar vegna slíkra krafna sem sýslumönnum ber að fara eftir þegar þeir meta það hvort meðlagsgreiðandi hafi fjárhagslegt bolmagn til að greiða umfram einfalt meðlag. Þrátt fyrir þessar verklagsreglur ráðuneytisins hafa sýslumenn samt sem áður svigrúm til að meta hvert mál fyrir sig, enda eru aðstæður fólks mismunandi.

Engu að síður er það fyrst og fremst geta meðlagsgreiðanda til að greiða aukið meðlag samkvæmt viðmiðunartöflu ráðuneytisins sem horft er til.

Þann 15. mars síðastliðinn kom álit norsku Likestillings- og diskrimineringsnemda (Jafnréttisnefndar) á máli þar sem krafist var aukins meðlags (mál nr. 9/2011). Málsatvik voru með þeim hætti að kona sem komin var í nýja sambúð hafði eignast barn með sínum nýja manni. Fyrir átti hún börn með öðrum manni. Áður en hún eignaðist sitt nýja barn hafði hún verið í 60% starfi. Er hún var í fæðingarorlofi fékk hún greitt sem samsvarar til 80% af launum sínum. Konan fór fram á að fá aukið meðlag frá fyrri barnsföður sínum vegna þess að tekjur hennar höfðu lækkað. Manninum var gert að greiða henni aukið meðlag.

Í stuttu máli þá hélt karlmaðurinn því fram að með því að honum væri gert að greiða aukið meðlag með börnunum vegna þess að barnsmóðirin væri í fæðingarorlofi með nýtt barn þá væri verið að mismuna honum sem karlmanni. Málið fór fyrst á borð umboðsmanns jafnréttismála og hann benti á að málið snerist um svokallaða óbeina mismunun. Umboðsmaður benti á að meirihluti meðlagsmóttakenda væru konur og því meirihlutinn af meðlagsgreiðendum karlmenn. Umboðsmaður taldi að meðlagsreglurnar norsku mismunuðu því karlmönnum þegar þeim væri gert skylt að greiða aukið meðlag þegar barnsmóðir tæki út fæðingarorlof. Það liggi næst barnsmóðurinni sjálfri og hennar nýja manni að taka á sig þær auknu fjárhagslegu afleiðingar sem fylgdu því að vera í fæðingarorlofi vegna nýs barns.

Málið fór áfram til Jafnréttisnefndar sem getur bara gefið álit sitt á málinu en ekki breytt ákvörðun þess stjórnvalds sem úrskurðar meðlagið. Jafnréttisnefndin staðfesti niðurstöðu umboðsmanns með sömu rökum og taldi að um væri að ræða óbeina mismunun samkvæmt 3. gr. laga um jafnrétti (Lov om likestilling mellom kjønnene). Þess má geta að þetta er ekki í fyrsta sinn sem talið er að norsku meðlagsreglurnar brjóti gegn lögum um jafnrétti þegar kemur að því að auka meðlagsbyrði meðlagsgreiðanda.

Það er ljóst að það getur verið þungur baggi að bera fyrir þá sem eru meðlagsskyldir með fleiri en einu barni þó að einfalt meðlag sé í sjálfu sér ekki mikill peningur fyrir meðlagsmóttakanda. Það er spurning hvort það sé í einhverjum tilfellum hér á landi, að verið sé að mismuna karlmönnum og þar með brjóta gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þegar sýslumaður úrskurðar menn til að greiða aukið meðlag. Ákvæðið sem jafnréttisnefndin norska taldi að væri brotið gegn er mjög svipað því íslenska en í 2. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, segir að óbein mismunun sé þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Því leiðir það hugann að því hvort slík óbein mismunun eigi sér stað líka hér á landi þegar meðlagsgreiðendur eru úrskurðaðir til að greiða aukið meðlag. Sérstaklega þar sem nær eingöngu er horft til tekna meðlagsgreiðanda og að jafnaði ekki tekið tillit til annarra skulda meðlagsgreiðanda eða hags meðlagsmóttakanda.

Er það óbein mismunun þegar meðlagsgreiðandi er skyldaður til að greiða aukið meðlag með einu barni eða fleiri þegar barnsmóðirin velur það sjálf að minnka við sig vinnu og þar með tekjur, þó svo að meðlagsgreiðandi teljist hafa fjárhagslegt bolmagn til þess samkvæmt viðmiðunarreglum ráðuneytisins? Er það óbein mismunun þegar meðlagsgreiðandi er skyldaður til að greiða aukið meðlag þegar barnsmóðir er komin í nýja sambúð eða hjúskap, eignast fleiri börn og minnkar við sig vinnu eða tekur út fæðingarorlof?

Okkur er ekki kunnugt um hvort þessi spurning hafi komið upp í umræðunni um beitingu reglna um viðbótarmeðlag hér á landi, en ef ekki, þá er kannski kominn tími til?

# Hvatning til kennara

Menntamál



Ragnar Halldórsson
ráðgjafi

Kennarar þurfa hvatningu og þakklæti eins og aðrir. Að fá jákvæð viðbrögð við góðri frammistöðu til að gera sitt besta. En þetta gleymist því miður allt of oft.

Skólar eru mikilvægari en bankar því innihald þeirra verður ekki metið til fjár. Og kennarar eru stjórnendurnir í skólastofunni. Með hörkudugnaði og hæfileikum tekst þeim að gera lítil kraftaverk á hverjum einasta degi. Enda má segja að hvert einasta námsbarn sé lítið undur sem bíður eftir því að verða uppgötvað. Og þess vegna er starf kennarans svo gríðarlega mikilvægt.

Góðir kennarar eiga stóran þátt í bjartri framtíð nemenda sinna og þjóðfélagsins í leiðinni. Þeir geta laðað fram það besta í börnum, komið auga á hæfileika sem ekki njóta sín til fulls, hjálpað þeim sem fá lítinn stuðning heima hjá sér til að blómstra og átt þátt í að skapandi hugsun barna nái fullum þroska.

## Tilfinningar og skoðanir

Eitt það besta sem barn lærir er að tjá tilfinningar sínar og skoðanir. Að ná tengslum við tilfinningar sínar og tjá þær. Að hafa skoðanir og kunna að rökstyðja þær. Og þess vegna hvet ég kennara til þess að örva börn til að tjá skoðanir sínar – og rökstyðja þær. Að standa glöð upp úr stólnum við skólaborðið – eða glaðbeitt uppi við töflu – og tjá skoðanir sínar og tilfinningar fyrir bekknum og kennaranum. Til að varpa ljósi á hvernig þeim líður. Og rökstyðja skoðanir sínar.

Hve mörg börn á Íslandi skyldu brenna inni með tilfinningar sínar með einum eða öðrum hætti? Hve mörg börn skyldi vanta einhvern sem hefur góðan tíma til að hlusta á skoðanir þeirra og hvernig þeim líður? Og: Hvaða afleiðingar skyldi þetta hafa á velferð og heilsu þessara barna?

Heima hlusta þau á fullorðna fólkið segja þeim eitthvað. Í sjónvarpinu er eintal í eina átt. Þar – eins og annars staðar – eru allir að segja þeim eitthvað. Í skólanum eru kennararnir að segja þeim eitthvað allan daginn. Úti í þjóðfélaginu mæta þau fólki sem segir þeim hitt og þetta. En afar fáir eða engir hlusta á þau.

## Að segja ekkert

Ég gæti trúað að allt of mörg íslensk börn fari í gegnum hvern einasta dag nánast þegjandi. Án þess að segja neitt. Varla aukatekið orð. En lifa á sama tíma í umhverfi sem er alltaf að segja þeim eitthvað. Án þess að hlusta á þau. Umhverfi sem beinir sífellt spjótum sínum að þeim. Í sjónvarpinu. Á heimilinu. Í skólanum. Í þjóðfélaginu.

Barn sem hefur lært að tjá tilfinningar sínar og skoðanir feimnislaust og á rökvísan hátt hefur lært annað mjög dýrmætt: Sjálfsaga. Sem er undirstaða alls aga. Og líka: Rökhugsun – sjálfsvirðingu – sjálfstraust og virðingu gagnvart öðrum. Sem minnkar til muna líkurnar á því að þetta barn brenni inni með tilfinningar sínar.

Börn sem læra rökhugsun læra samræðuhæfni. Og í leiðinni læra þau að byggja upp sjálfstraust og sjálfsaga – sem er undirstaða alls annars aga. Börn sem læra að tjá sig læra þannig að bera virðingu fyrir eigin tilfinningum og tilfinningum annarra. Þau læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og virða skoðanir annarra.

## Hvers vegna?

Og með því að þjálfa börn í skóla að tjá skoðanir sínar og rökstyðja þær vinnst ekki einungis rökhugsun, samræðuhæfni, sjálfstraust, sjálfsvirðing, sjálfsagi, almennur agi og virðing gagnvart öðrum heldur stuðlar slík hæfni smám saman að því að koma í veg fyrir, lækna og leysa stóran hluta af félagslegum vandamálum í þjóðfélaginu.

Því hver skyldi vera stærsti orsakavaldur margra skæðustu félagslegu vandamála þjóðfélagsins? Þegar fólk brennur inni með skoðanir sínar og tilfinningar. Því fólki sem brennur inni með skoðanir sínar og tilfinningar líður oftast mjög illa.

Því hvet ég hina frábæru, ósérhlífnu og þjóðfélagslega lífsnauðsynlegu stétt kennara til að örva börnin í bekknum til að tjá líðan sína og skoðanir. Og kenna börnunum að gefa ástæður fyrir líðan sinni. Og rök fyrir skoðunum sínum. Til dæmis með því að svara spurningunni: Hvers vegna?

# Frændi minn er með krabbamein

Heilbrigðismál



Bergur Hauksson
lög- og viðskiptafræðingur

Frændi minn er með krabbamein og var eitthvað ósáttur við að vera sendur heim af spítalanum vegna þess að tæki sem er hluti af meðferð hans var bilað. Samkvæmt fréttum þá kostar svona tæki um fjögur hundruð milljónir króna. Það eru ekki til peningar segja stjórnmálamennirnir sem hafa sumir unnið myrkranna á milli í þrjú ár og eru orðnir þreyttir. Ég sagði frænda mínum að vera ekki að þessu væli, honum væri ekki vorkunn, stjórnvöld væru alltaf að hugsa um hann en það væru ekki til peningar. Honum væri nær að hugsa um þreyttu stjórnmálamennina sem væru alltaf að vinna, enginn vorkenndi þeim.

Frændi minn sagði þá að þetta snerist um forgangsröðun. Ég sagðist nú þekkja það, stjórnmálamennirnir hefðu sagt okkur að þeir forgangsraði og ekki ljúga þeir. Frændi minn sagði þá að forgangsröðunin væri ekki rétt. Ég sagði að nú væri hann ósanngjarn, stjórnmálamennirnir hefðu sagt okkur að þeir hefðu lagt áherslu á að skera niður á réttum stöðum og halda verndarvæng yfir þeim sem minna mega sín. Frændi minn maldaði eitthvað í móinn milli þess sem hann kastaði upp.

Loksins þegar hann gat talað aftur sagði hann: „En væri það ekki rétt forgangsröð að kaupa nýtt geislatæki svo meðferð krabbameinssjúklinga gæti verið með eðlilegum hætti? Og einnig að veitt yrði fjárveiting fyrir öðrum tækjum sem spítalinn þarf á að halda? Ætti ekki frekar að veita fjármunum í þessi tækjakaup en að styrkja stjórnmálaflokkana um hundruð milljóna króna á ári eða styrkja einhver barnaheimili norður í landi sem eru hætt starfsemi eða gera jarðgöng sem kosta milljarða króna og engin þörf er á, væri það ekki meira í anda hugsjóna stjórnmálaflokkanna?“ spurði hann.

Ég náði ekki að svara honum áður en hann rauk inn á klósett. „Vanþakklætið í fólki,“ hugsaði ég, „getur fólk aldrei unnt öðrum neins, það eru ekki til peningar í allt og hann frændi minn verður að skilja að það verður að forgangsraða! Vonandi verður hann orðinn góður þegar göngin verða tilbúin svo hann geti að minnsta kosti notað þau,“ hugsaði ég og gekk út.

# Það er ekki hlaupið að því að fá örorkumat

Heilbrigðismál



Hilmar Guðmundsson
kjarahópi ÖBÍ

Að vera öryrki er hugtak sem erfitt er að útskýra. Örorka er afleiðing slysa eða sjúkdóma sem viðkomandi hefur orðið fyrir á lífsleiðinni. Það að verða öryrki er langt og flókið ferli. Ef viðkomandi er á vinnumarkaði við slys fær hann laun í veikindaleyfi samkvæmt samningi þess verkalýðsfélags sem hann er í. Veikindalaun greiðast eftir áunnum réttindum, en því næst fær hann greitt frá sjúkrasjóði síns stéttarfélags. Mismunandi er hvað þær greiðslur berast lengi, en yfirleitt ekki meira en ár. Því næst fer fram mat á því hvort viðkomandi geti farið í endurhæfingu sem er líklegt til að skila árangri. Ef svo er þá er sótt um endurhæfingarlífeyri, annars er sótt um örorkulífeyri. Viðkomandi getur einnig farið í örorkumat hjá lífeyrissjóði sínum.

Örorkumat byggist einvörðungu á læknisfræðilegu mati. Í rannsókn á fátækt og félagslegri aðstöð kemur fram að örorkumat „… er þó ekki endanlegt eða gert í eitt skipti fyrir öll og margir þátttakendur lýstu síendurteknu mati og endurmati á ástandi sínu og örorku“. (1)

## Rýr afrakstur

Upphæð örorkulífeyris almannatrygginga nú fyrir mann sem fær fyrsta örorku- eða endurhæfingarlífeyrismat fjörutíu ára og býr einn er 203.005 krónur fyrir skatt ef hann er ekki með neinar aðrar tekjur. Aðrar tekjur skerða þessa upphæð. Tekjuskattur af þessu er 75.802 kr. og persónuafsláttur (100%) er 46.532 kr. Til útborgunar er þá 173.735 kr. Ef viðkomandi býr með öðrum fullorðnum er upphæðin 156.153 kr. á mánuði eftir skatt. Þetta er nú allur afraksturinn af því að vera öryrki, fyrir utan það að þurfa að burðast með veikindi eða fötlun það sem eftir er af lífinu. Ýmis viðbótarútgjöld eru þessu fylgjandi, t.d. lyfjakostnaður sem oft á tíðum getur verið mjög mikill og hjálpartæki, svo sem sérsmíðaðir skór, spelkur, bakbelti og sérhönnuð rúm, auk fjölda annarra útgjalda sem geta fylgt sjúkdómum eða fötlun.

> Örorka er afleiðing slysa eða sjúkdóma sem viðkomandi hefur orðið fyrir á lífsleiðinni.

Flestir þeir öryrkjar ef ekki allir sem ég þekki, þekki ég þó nokkra, vilja glaðir vinna, en margir eru það illa staddir líkamlega eða andlega að þeir hafa enga starfsorku. Til að fleiri öryrkjar geti verið á vinnumarkaði þarf atvinnulífið að koma til móts við fólk með skerðingar og/eða skerta starfsorku, bjóða upp á hlutastörf, sveigjanlegan vinnutíma og bætt aðgengi á vinnustöðum. Ríkið þarf að taka að sér að greiða að fullu fyrir hjálpartæki á vinnustöðum, túlkun og aðra sérhæfða þjónustu.

*(1)Heimild: Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja. Höfundar: Rannveig Traustadóttir, Kristín Björnsdóttir, James Rice, Knútur Birgisson og Eiríkur Karl Ólafsson Smith*

# FORD **FOCUS** Trend **frá 3.450.000 kr.**
# FORD **FOCUS** Titanium **frá 3.740.000 kr.**

Kauptu nýjan Ford Focus Trend eða Titanium í dag. Ford Focus er ríkulega útbúinn og fæst bæði bensín og dísil. Beinskiptur og sjálfskiptur. Lipur og sparneytinn. Með 1,0 lítra 125 hestafla EcoBoost vélinni færðu nýjustu spartækni Ford. Falleg hönnun. Fáanlegur sem skutbíll. Frábær í endursölu. Góð kaup. Kauptu Ford Focus frá 3.450.000 kr. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **FOCUS** TREND

FRÁ

**25.848 kr./mán.***

* Ford Focus Trend 5 dyra 1,0 EcoBoost bensín, 125 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.900.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,46%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

# Hestamenn hunsaðir

Skipulagsmál

Brynjar Kvaran
lögfræðingur og hestamaður



Nú er til kynningar hjá Reykjavíkurborg nýtt deiliskipulag fyrir Heiðmörk og hægt að gera athugasemdir við það til 12. september nk. Hestaíþróttin er þriðja fjölmennasta íþróttagreinin innan ÍSÍ með um tólf þúsund félagsmenn. Á höfuðborgarsvæðinu einu eru skráðir félagsmenn um sex þúsund. Fjöldi þeirra sem stunda hestamennsku er þó mun meiri þar sem stór hluti hestamanna er ekki félagsbundinn. Á höfuðborgarsvæðinu eru einnig margir reiðskólar og hestaleigur og áætlað er að um átján þúsund manns stundi hestamennsku á ári hverju á höfuðborgarsvæðinu.

Félagssvæði hestamannafélaganna í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði eru öll í næsta nágrenni við Heiðmörkina því þar hafa sveitarfélögin úthlutað þeim svæði undir hesthús, reiðhallir og keppnisvelli. Hins vegar virðist skilningur skipulagsyfirvalda á eðli hestamennsku vera takmarkaður sem kemur best fram þegar verið er að skipuleggja nágrenni hestamannahverfanna. Hestamennska gengur aðeins að litlum hluta út á að ríða á hringvöllum eða í reiðhöllum. Hún gengur fyrst og fremst út á að að ríða út í náttúrunni og njóta hennar og hestanna í reiðtúrum og ferðalögum um landið. Miklu skiptir því að fjölbreyttar reiðleiðir séu fyrir hendi og eðli málsins samkvæmt ekki síst í námunda við hestamannahverfin.

Á tímabilinu frá desember til júní ár hvert eru hestamenn án efa einn allra fjölmennasti hópurinn sem fer um og nýtir sér Heiðmerkursvæðið. Það hlýtur því að teljast eðlilegt og sjálfsagt að tekið sé tillit til hestamanna og þarfa þeirra við gerð deiliskipulags fyrir svæðið. Það er því nokkuð einkennilegt að lesa greinargerð með deiliskipulagstillögunni en í henni er ekkert fjallað um þessa miklu umferð hestamanna um svæðið sem áratuga hefð er fyrir. Skipulagið verður auðvitað að gera ráð fyrir að hestamenn geti hér eftir sem hingað til stundað íþrótt sína og útreiðar í námunda við hestamannahverfin þar sem þeir hafa fjárfest í aðstöðu fyrir sitt áhugamál. Reiðgötur eru útivistar- og íþróttavettvangur hestamanna. Þeir vilja að aðrir sýni þessu skilning og þá ekki síst sveitarfélög og skipulagsyfirvöld.

> Þess er krafist að fundað verði með hestamönnum, hlustað á þá, þeim sýndur skilningur og virðing…

Sama deiliskipulagstillaga og nú er auglýst af hálfu Reykjavíkurborgar var til umfjöllunar fyrir tveimur árum. Hestamannafélagið Fákur, reiðveganefnd Landssambands hestamanna og fleiri gerðu þá alvarlegar athugasemdir við tillöguna og bentu á að það væri óásættanlegt hversu lítið tillit væri tekið til ofangreindra hagsmuna hestamanna í tillögunni. Hestamenn eru samkvæmt tillögunni útilokaðir frá stórum hluta svæðisins og hún tekur alls ekki tillit til almennrar notkunar og þarfa hestamanna. Besta dæmið þar um er að stysti hringur sem hestamenn geta farið innan svæðisins sem tillagan tekur til er u.þ.b. 19 km langur. Það er auðvitað algjörlega óásættanlegt. Í samvinnu við landslagsarkitekt og aðra fagaðila voru lagðar fram vel ígrundaðar tillögur til breytinga og bóta á skipulaginu. Síðan þá hefur ekkert heyrst í þeim sem fara með þessi mál af hálfu Reykjavíkurborgar. Engir fundir hafa verið haldnir með hestamönnum um tillöguna eða önnur samskipti höfð við þá um hana. Athugasemdir og breytingatillögur hagsmunaaðila hestamanna virðast hafa verið algjörlega hunsaðar.

Á fundi sem hestamannafélagið Fákur hélt nýlega var fundarmönnum heitt í hamsi og þar samþykkt harðorð ályktun gegn deiliskipulagstillögunni og breytinga krafist. Líklegt er að önnur hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu muni gera slíkt hið sama enda hafa þau líka hagsmuna að gæta þar sem félagssvæði þeirra flestra liggja að Heiðmerkursvæðinu. Það munu einnig fjölmargir hestamenn gera í eigin nafni því tillagan er óásættanleg og takmarkar möguleika þeirra til að stunda íþrótt sína og áhugamál og rýrir um leið verðgildi fasteigna þeirra. Þess er krafist að fundað verði með hestamönnum, hlustað á þá, þeim sýndur skilningur og virðing og að komið verði til móts við kröfur þeirra um betra aðgengi fyrir hestamenn og nýtingu á Heiðmerkursvæðinu. Það viljum við gera í sátt og samlyndi við aðra notendur svæðisins, hagsmunaaðila, fagaðila og náttúruna sjálfa. Er það ekki tilgangurinn og það sem að er stefnt?




# Aukið öryggi á norðlægum slóðum

Varnarmál

Gunnar Alexander Ólafsson
stjórnmálafræðingur



Elvar Örn Arason
stjórnmálafræðingur



Umtalsverðar breytingar hafa orðið á framkvæmd varnarstarfsins við Bandaríkin eftir brottför varnarliðsins árið 2006. Breyttar aðstæður á alþjóðavettvangi kölluðu á endurskoðun á stefnu íslenskra stjórnvalda í öryggis- og varnarmálum.

Í kjölfar brottfarar varnarliðsins samþykkti fastaráð NATO að komið yrði á reglulegri loftrýmisgæslu umhverfis Ísland, enda stefna bandalagsins að öll aðildarríki þess njóti eftirlits. Íslensk stjórnvöld hafa því á umliðnum árum tekið upp virkt grannríkjasamstarf við okkar helstu nágrannaríki, ekki síst Norðurlöndin, og samstarfið við ESB á sviði öryggismála hefur aukist hröðum skrefum. Í annan stað er megintilgangur loftrýmisgæslunnar að viðhalda þekkingu og vitund aðildarríkja bandalagsins á aðstæðum á Íslandi svo þau geti brugðist skjótt og skilvirkt við þurfi Ísland á aðstoð flugsveita bandalagsins að halda. Að endingu er svo tilgangur loftrýmisgæslunnar sá að á Íslandi fyrirfinnist sú þekking og reynsla sem þarf til að taka á móti erlendum flugsveitum.

Fyrir rúmum þremur árum afhenti Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, utanríkisráðherrum Norðurlandanna skýrslu um norrænt utanríkis- og varnarmálasamstarf. Í henni voru settar fram þrettán tillögur sem miða að því að efla norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála. Meðal tillagna Stoltenbergs er norrænt loftrýmiseftirlit yfir Íslandi. Tillagan um samnorrænt loftrýmiseftirlit yfir Íslandi er frumleg og ögrandi, þar sem hvorki Finnar né Svíar eiga aðild að NATO. Slíkt fyrirkomulag gæti verið upphafið að þróun, sem hefði í för með sér að Norðurlöndin tækju smám saman að sér stærra hlutverk varðandi eftirlit á norrænu loftrými.

Ýmislegt bendir til að samnorræn loftrýmisgæsla sé að líta dagsins ljós. Varnarmálaráðherra Finnlands, Carl Haglund, ræddi nýverið við sænska varnarmálaráðherrann, Karin Enström, um þátttöku þeirra í eftirliti innan íslensku lofthelginnar. Haglund sagði að út frá sjónarhóli Finnlands væri það mikilvægt að Svíar tækju einnig þátt í eftirlitinu. Finnsk stjórnvöld telja að þátttaka í loftrýmisgæslu á Íslandi muni dýpka og styrkja norrænt samstarf.

> Tillagan um samnorrænt loftrýmiseftirlit yfir Íslandi er frumleg og ögrandi, þar sem hvorki Finnar né Svíar eiga aðild að NATO.

Í þessu sambandi er athyglisvert að bæði Finnland og Svíþjóð eru hlutlaus ríki og bæði aðildarríki ESB, en tækju þátt í varnarsamstarfinu á grundvelli norrænnar samvinnu. Loftrýmisgæsla yfir Íslandi gæti samtvinnað hagsmuni Norðurlanda, NATO og stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum.

Aukið samstarf Norðurlandanna á þessu sviði mun efla öryggi á norðlægum slóðum. Efling norræns samstarfs kæmi því til viðbótar því evrópska samstarfi og Evró-Atlantshafssamvinnu sem nú þegar á sér stað. Utanríkis-, öryggis- og varnarsamstarf ESB er í stöðugri þróun. Íslendingar geta skipað sér í sveit með öðrum norrænum ríkjum og Eystrasaltslöndunum innan þess. Innganga Íslands í ESB ásamt nánara samstarfi Norðurlanda á sviði öryggismála mun uppfylla það tómarúm sem skapaðist eftir brotthvarf Bandaríkjahers og minnkandi þátttöku Atlantshafsbandalagsins í öryggismálum á norðlægum slóðum.

# Sameining nýju framboðanna?

Stjórnmál

Kjartan Örn Kjartansson
fullveldissinni og stuðningsmaður lausna og almennrar skynsemi



Um það er rætt að sameina beri nýju framboðin til þess að þau nái frekar inn á þing. Vissulega þarf styrk til þess, en spurningin er um hvað þau ættu að sameinast og hvort það sé eina leiðin til þess að ná framförum?

Ég hef lesið stefnuskrá þessara framboða. Án þess að fara út í smáatriði, þá sýnist mér að þar sé margt gott og fallegt, sem hægt er að vera sammála um. Gallinn er sá að yfirleitt er um almenn atriði að ræða, að leita skuli að hinu og þessu, að stefnt sé að o.s.frv. Sjaldnast er hins vegar nefnt eitthvað áþreifanlegt eða það útfært hvernig beri að ráða fram úr verkefnunum. Á þessu er ein undantekning, en það er Hægri grænir, flokkur fólksins, sem er með ýtarlegar og vel skilgreindar lausnir á vandamálunum byggðar á hugsjónum frelsis, heiðarleika, lágra skatta og öflugs atvinnulífs. Einkum er þar um að ræða jarðbundið raunsæi og almenna skynsemi, sem auðvelt er að skilja og vilja.

### Afl án sundrungar

Það er rétt að það þarf styrk kjósenda til þess að ná fram stefnumálum flokksins og ég hvet alla hugsandi menn, fólk eins og eldri borgara, þá sem eru í skuldakreppu, atvinnulausir eða hafa flúið land og alla þá sem vilja og þrá réttlátara samfélag að fylkja sér um eitt stöðugt afl án sundrungar fjölframboðs margra ólíkra flokka með mismunandi hugsjónir og framagirni. Ef Hægri grænir, flokkur fólksins, nær þeim styrk sem til þarf þá mun ekki bara eitthvað gerast heldur munu þá aðgerðir í þágu fólksins hefjast.

> Ef Hægri grænir, flokkur fólksins, nær þeim styrk sem til þarf þá mun ekki bara eitthvað gerast heldur munu þá aðgerðir í þágu fólksins hefjast.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

## GOTT RÁÐ



Gott ráð til að fjölskyldan borði meira af grænmeti og ávöxtum er að skera allt niður á bakka og hafa á borðum. Gulrætur, agúrkur, blómkál eða annað grænmeti og svo ýmsir niðursneiddir ávextir. Hægt er að gera ídýfu úr hreinni jógúrt og hunangi til að hafa með.

Eirberg

Verð: 44.950 kr.
Blóðrásarörvun fyrir fætur
• Aukið blóðflæði • Minni bólga og bjúgur • Minni verkir
Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Minimizerinn sívinsæli - nýkominn aftur

teg 4500 - saumlaus skál í D,DD,E,F,FF,G skálum á **kr. 7.880,-**
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur


Útsölulok
40-70% afsláttur
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.


Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu
Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað Laug.



# FULL AF LÍFSORKU

**HEILSUHÓTEL ÍSLANDS KYNNIR** *Fyrir Helgu Haraldsdóttur var það eins og fyrsti vinningur í happdrætti að dvelja á Heilsuhóteli Íslands í Reykjanesbæ.*

Helgu Haraldsdóttur hefur sjaldan á ævinni liðið jafn vel og henni líður nú eftir tveggja vikna dvöl í sumar á Heilsuhóteli Íslands. „Þetta var eins og besti happdrættisvinningur að fara þangað. Dvölin var hreint út sagt yndisleg. Starfsfólkið, húsið og herbergin, þetta var frábært. Allt við staðinn lét mér finnast ég vera velkomin.“

Hópurinn sem dvaldi á hótelinu á sama tíma og Helga náði sérstaklega vel saman. Hann hefur haldið sambandi eftir dvölina og ætlar að fara saman í gönguferðir. Í kjölfar dvalarinnar á Heilsuhótelinu gistu tvær norskar konur hjá Helgu. „Þær voru í vandræðum með gistingu þannig að ég bauð þeim bara að vera hjá mér og við áttum góðar stundir saman hér heima,“ segir Helga og hlær.

Á Heilsuhótelinu kynntist Helga nýju mataræði sem hún hefur haldið eftir að hún kom heim. „Ég tók út hvítan sykur og hvítt hveiti. Kílóin fuku af mér og hafa haldið áfram að fara eftir dvölina. Mataræðið er hreinsandi og löngun í bæði kaffi og sætindi hefur alveg horfið. Við fórum út að ganga á hverjum degi og yfirleitt tvisvar á dag. Hreyfingin var skemmtun en ekki kvöð af því að hópurinn var svo virkur. Svo fór ég í nudd sem var alveg dásamlegt og fór á fyrirlestra og skemmtikvöld. Fyrirlestrarnir þarna skiluðu mjög miklu og voru gagnlegir og fróðlegir. Það sem stendur hins vegar upp úr hjá mér er saltskrúbburinn sem ég fór í á Heilsulindinni á hótelinu. Ég varð alveg ný manneskja eftir hann.“

„Ég setti mér ákveðin markmið á hótelinu sem ég ætlaði að ná fyrir desemberbyrjun en ég er búin að ná þeim nú þegar þannig að ég er alveg í skýjunum með dvölina á hótelinu. Ég er endurnærð bæði á sál og líkama. Full af nýrri lífsorku og glöð í hjarta og ætla svo sannarlega að fara aftur á Heilsuhótelið.“

heilsuhótel íslands
Næstu námskeið
7.-21. september 5.-19. október
Upplýsingar í síma 5128040
www.heilsuhotel.is

**KYNNTIST FÓLKI** Helga er ánægð með dvölina á Heilsuhóteli Íslands. Þar kynntist hún hópi fólks sem ætlar að fara í göngur saman. MYND/GVA

**TVEGGJA VIKNA MEÐFERÐ**

***Dagskrá Heilsuhótelsins er einföld og byggist á ákveðnu mataræði, hreyfingu, nuddi, gufuböðum, hvíld og slökun.***


Stuðnings stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0 – 45° timbur/gifsloft.

Vilji vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225 – 307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

# MOLI MEÐ SÉRSTÖÐU

**HOLLARI KOSTUR** *Dr. Þorbjörg Jensdóttir hyggur á markaðssetningu nýrrar, súrrar og sykurlausrar vöru sem jafnframt er holl tönnum og heitir HAp+.*



Þorbjörg Jensdóttir er doktor í heilbrigðisfræðum frá Kaupmannahafnarháskóla og Executive MBA frá Copenhagen Business School. Þorbjörg hefur þróað nýja vöru sem hefur sérstöðu á heimsvísu og kemur á markað hér á landi í október næstkomandi.

„Þetta eru litlir molar sem kallast HAp+. Þeir líta út eins og brjóstsykur en eru þó ekki sælgæti. HAp+ molarnir eru skaðlausir fyrir tennurnar, eru súrir að upplagi, sykurlausir og örva munnvatnsframleiðsluna tuttugufalt. Sérstaða molans er að hann er munnvatnsörvandi án þess að hafa glerungseyðandi áhrif en moli sem er þetta súr væri annars undir öllum kringumstæðum glerungseyðandi,“ segir Þorbjörg.

Glerungseyðing er eyðing á yfirborði tanna. Einkenni glerungseyðingar er mikil næmni fyrir hita og kulda og háir nú þegar um þriðjungi íslenskra unglinga samkvæmt rannsókn frá Háskóla Íslands.

„Molinn er heppilegur eftir máltíðir því hann er hreinsandi og ferskur fyrir munninn. Það er ekki mælt með því að fólk bursti tennurnar oftar en tvisvar á dag og þá er gott að fá sér þennan mola eftir mat eða drykk í staðinn fyrir til dæmis tyggjó.“

HAp+ molinn er útkoma rúmlega tíu ára rannsóknarvinnu og doktorsverkefnis Þorbjargar. „Ég byrjaði að skoða glerungseyðandi áhrif drykkja á íslenskum markaði og þannig hófst rannsóknarferlið fyrir doktorsritgerðina. Þaðan fór ég yfir í að kanna glerungseyðandi áhrif fastrar fæðu og þróaði svo mola fyrir fólk með munnþurrk.“




Vörulína HAp+ samanstendur af jarðarberja- og rabarbaramola, sítrónumola, engifer- og lime-mola og eucalyptus- og menthol-mola. „Í HAp+ vörulínunni eru aðeins náttúruleg litarefni og engin litarefni eru í engifermolanum. Bragðefnin eru einnig að miklu leyti náttúruleg og má þar meðal annars finna þykkni úr þistli, þörungum, eplum, kirsuberjum, radísum, sætum kartöflum, sítrónu og auðvitað engiferþykkni í engifermolanum. Allir molarnir hafa sömu munnvatnsörvunarvirknina þó svo að fólk átti sig ekki alltaf á því,“ segir Þorbjörg.

Fyrirtæki Þorbjargar, Ice Medico framleiðir vöruna á Íslandi og verður hún seld í apótekum frá og með október á þessu ári.

n **lilja.bjork@365.is**

**ÞRÓUN Á HEIMSVÍSU** HAp+ molinn sem er hannaður af Dr. Þorbjörgu Jensdóttur er aðeins með náttúrulegum litar- og bragðefnum. Hann er góður kostur eftir máltíðir til munnhreinsunar.

LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni“.*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands
**Opið 8-22**
**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP
**BOLTAVAKTIN**
Staða og úrslit leikja í beinni
vísir - oft á dag

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS
Snælandsskóla við Furugrund

# NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2012

*Auktu við þekkingu þína og möguleika á skjótan og skemmtilegan hátt í Kvöldskóla Kópavogs*

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda - framhalds – og talæfingaflokkum
ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA

**Íslenska fyrir útlendinga I – IV**
10 vikna námskeið
60 kennslustundir

**Icelandic for foreigners I – IV**
10 weeks courses
60 class hours

**Kurs jezyka islandzkiego dla obcokrajowcow I –**
Kurs10-tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

**Verklegar greinar**
Bókband
Frístundamálun
Silfursmíði
Skrautritun og kortagerð
Trésmíði
Útskurður

**Tölvunámskeið**
Fingrasetning 50 +
Tölvunám I 50 +
Tölvunám II 50 +

**Matreiðslunámskeið**
Bakað án hveitis og sykurs
Eldað án hveitis og sykurs
Gómsætir bauna – pasta – og grænmetisréttir
Frönsk matargerð heimilismatur með suðrænu ívafi
Ítölsk matargerð
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn
Spænsk matargerð
Sushigerð

**Saumanámskeið**
Fatasaumur/
Barnafatasaumur
Skrautsaumur
Baldering
Skattering
Þjóðbúningur - saumaður

**Prjón og Hekl**
Prjónanámskeið
Frágangur á prjóni
Hekl

**Annað**
Heimspeki í skólastarfi

**Ath. Starfsmenntunarsjóðir ýmissa stéttarfélaga styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.**

*Innritun og upplýsingar:* **http://kvoldskoli.kopavogur.is og í síma 564 1507**

## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ískápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

## Verslun




Nánari upplýsingar í s. 849 0698.



**Beauty in Black**
**Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Kjólar, þunnar og flottar peysur margar tegundir, Útsala, 50% afsláttur af völdum vörum. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695 6679.




# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**TÁLGUN-VÍRAVIRKI-SILFURLEIR**
Í vikunni byrja vinsælustu námskeidin. Skráning og uppl á handverkshusid.is og s:555-1212

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Björt þriggja herbergja íbúð í Kópavogi til leigu. Laus strax. Sérinngangur, engin gæludýr. Nánari upplýsingar gefnar í netfangi: leigakop2012@gmail.com

## Húsnæði óskast

Ó.e. 3-5 herb. íbúð frá 01.10. Greiðslugeta 100-150 Þ í Hfj, Kóp eða Garðab. S. 8690868

Óska eftir 4 herb. íbúð, hæð eða raðhúsi. Helst í grafarholti. Reglusemi, skilvísi og góðri umgengni heitið. Uppl. í s. 6627710 hekla64@hotmail.com

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir til sölu**
**Í landi Kílshrauns á Skeiðum 18 km, fyrir austan Selfoss. 55 mín, akstur frá Reykjavík. Fallega mosavaxið hraun eða tún, góðar til gróðursetningar, vegur, vatn, símastrengur og 3ja fasa rafmagn komið að lóðarmörkum.**
**Til afhendingar strax.**
**Uppl. í síma 824 3040 Hlynur.**

## Geymsluhúsnæði

**Upphituð ferðavagnageymsla í Borgarf.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012 , solbakki.311@gmail.com

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Húsvagnageymslan Þorlákshöfn.**
Eigum pláss f. húsv., fellih., tjaldv., bíla og fl. Gott verð S. 893 3347 og 866 6610.



**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í fullt starf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakari.is Uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
**Pizzabakara - Sendla. Um er að ræða hentugan vinnutíma í fullt/hlutastarf. 20 ára og eldri. Góð laun fyrir rétta fólkið. Umsóknir sendist á atvinna@wilsons.is**

Leita að fjölskyldum og einstaklingum á öllum aldri í auglýsingu. Áhugasamir vinsamlegast sendið nafn, aldur, símanúmer og mynd á snjocast@gmail.com

**Hagabakarí - Hagamel**
Óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu. Uppl. í s. 897 8101 eða 868 6102.

Beitingafólk vantar á sunnanverðum Vestfjörðum í haust/ vetur. Nánari uppl. í s. 845 3480.

Óskum eftir starfsmanni í fullt starf í sal. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ○ live spjall
908-6000 • 535-9999



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Styrkir

# Styrkir til verkefna sem hvetja til virkni atvinnuleitenda

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um verkefni sem hvetja til virkni atvinnuleitenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Velferðarsviði.

Verkefnin sem sótt er um styrk til þurfa að vera hvetjandi og þau þurfa að styrkja, virkja og efla hæfni þátttakenda til að takast á við breyttar aðstæður á vinnumarkaði.

**Umsóknarfrestur er til 30. september 2012.**

- Við úthlutun fjármagns er tekið mið af því að verkefnin nýtist sem flestum, að þau séu fjölbreytt og leiði til aukinnar velferðar.
- Skilyrði fyrir styrkveitingu er að námskeiðin/úrræðin sem samþykkt verða standi til boða þvert á þjónustumiðstöðvar.
- Námskeiðin/úrræðin skulu haldin á dagvinnutíma

Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar:
www.reykjavik.is/virkniverkefni

Reykjavíkurborg

## Atvinna

# AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI

Rúmfatalagerinn óskar eftir aðstoðarverslunarstjóra í fullt starf.
Mikil vinna í boði á líflegum og skemmtilegum vinnustað.
Miklir möguleikar á að vaxa í starfi.

**Hæfniskröfur:**
- Metnaður og áhugi
- Samviskusemi
- Stundvísi
- Þjónustulund
- Sjálfstæður í starfi
- Heiðarleiki



**Verksvið:**
- Pöntun á vörum
- Sala á vörum
- Framsetning á vörum
- Almenn verslunarstörf
- Stjórnun og skipulagning
- Önnur tilfallandi verkefni

-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

Umsóknir sendist á **rfl@rfl.is** eða á Rúmfatalagerinn, Blikastaðavegi 2, 112 Reykjavík merkt „**Atvinna**". Umsóknarfrestur er til 08.09.12
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

Félag Fasteignasala
vísir

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!







# NORA styrkir samstarf á Norður-Atlantssvæðinu

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) vill efla samstarf á Norður-Atlantssvæðinu.

Ein leiðanna að þessu markmiði er veiting styrkja tvisvar á ári til samstarfsverkefna með þátttöku að lágmarki tveggja af fjórum aðildarlöndum NORA (Grænlandi, Íslandi, Færeyjum og sjávarbyggðum Noregs).

NORA óskar því eftir verkefnahugmyndum og styrkumsóknum með **umsóknarfrest þann 1. október 2012**.

NORA hefur nú kynnt nýja fimm ára skipulagsáætlun sem finna má á heimasíðunni, www.nora.fo, þar sem bent er á meginviðfangsefni á svæðinu og hvar áherslur liggja varðandi verkefnastuðning á tímabilinu 2012–2016:

– Að **styrkja sterku hliðarnar enn frekar** með stuðningi við sjálfbæra þróun efnahagslega mikilvægustu atvinnugreina svæðisins. Það verður gert með því að styrkja nýsköpunarverkefni á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins. Það geta til að mynda verið verkefni sem snerta aukaafurðir og vannýttar auðlindir.

– Að **skapa ný tækifæri** og efla fjölbreytni svæðisbundinna hagkerfa með því að styðja þróun nýrra atvinnutækifæra, framleiðslu, framleiðsluaðferða og markaðssetninga, t.d. verkefni í ferðaþjónustu, landbúnaði eða verkefni sem varða endurnýjanlegra orkugjafa.

– Að **sigrast á fjarlægðum**, sem er eitt stærsta viðfangsefni á NORA-svæðinu og því verður mætt með því að styrkja verkefni á sviði fjarskipta, samgangna og flutninga og athafnamiðaðra greininga. Verkefnin geta t.d. varðað þróun upplýsingatækni sem henta sérstökum aðstæðum á Norður-Atlantssvæðinu eða eru til þess fallin að fjölga störfum í fámennum byggðarlögum eða á jaðarsvæðum.

Auk þessa hefur NORA áhuga á að efla samstarf við **nágranna norðurslóða til vesturs**. Þess vegna vill NORA gjarnan styrkja verkefni þar sem um samstarf NORA-landanna við Kanada og skosku eyjarnar er að ræða.

NORA veitir styrki að hámarki 500.000 danskar krónur á ári og mest til þriggja ára. Skilyrði er að þátttaka sé frá a.m.k. tveimur NORA-löndum.

Á heimasíðu NORA, www.nora.fo er að finna leiðbeiningar um umsóknarferilinn undir valtakkanum „Guide til projektstøtte". Þá er umsækjendum velkomið að leita til skrifstofu NORA um nánari upplýsingar og ráðgjöf.

**Tengiliður á Íslandi er:**
Sigríður K. Þorgrímsdóttir
Byggðastofnun
S. 455 5400
Sigga@byggdastofnun.is

**Umsóknareyðublaðið** er að finna á heimasíðu NORA og senda á umsóknina rafrænt (á word-formi) til NORA og sömuleiðis útprentaða og undirritaða umsókn með pósti. Fylgigögn, eins og verklýsing og annað ítarefni, sendist rafrænt (á word, excel eða pdf-formi).

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er verkefnasamstarf milli Færeyja, Grænlands, Íslands og strandhéraða Noregs og heyrir undir norrænu ráðherranefndina, sem fjármagnar starfsemina ásamt fjárframlagi þátttökulandanna.

NORA Nordisk Atlantsamarbejde
NORDISK ATLANTSAMARBEJDE
Bryggjubakki 12 · Box 259 · FO-110 Tórshavn
Tel: +298 30 69 90 · nora@nora.fo

SENDISTOVAN

## Fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Straumsalir 6 -Kópavogi

5 herbergja íbúð með 4 svefnherbergjum.

**OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.00-18.00**




Mjög falleg 129,8 fm. 5 herbergja íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi. Fjögur svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með útgangi á um 12 fm. svalir til suðvesturs. Opið eldhús með fallegum innréttingum úr mahony. Frá íbúðinni nýtur stórkostlegs útsýnis að Reykjanesi, til Snæfellsjökuls og víðar. Stutt í skóla, sundlaug og íþróttasvæði. Hús nýlega málað að utan. **Verð 36,9 millj.**
**Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.**
**Íbúð merkt 0302. Halldór og Anna á bjöllu.**

---



Sigrún Stella Einarsdóttir
lögg. fasteignasali
GSM 824 0610

**FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS**

### Breiðavík 13

**Opið hús kl. 17:30-18:00 í dag þriðjudaginn.**
**Sölumaður verður á staðnum. Verið velkomin!**




Vel skipulögð 92,7 fm þriggja herbergja íbúð á efstu hæð í góðu þriggja hæða fjölbýlishúsi á góðum stað í rótgrónu hverfi. Íbúðin er með stórum suður svölum og góðu útsýni. Stofan er björt, með parketi á gólfi og dyr út á svalir. Hjónaherbergið og barnaherbergið eru með góðum skápum. Baðherbergið er stórt, það er með fallegri innréttingu, sturtu, baðkari og flísum á veggjum og á gólfi. Þvottahúsið er innan íbúðar. Eldhúsið er með ljósri beyki innréttingu, flísum á milli skápa, korkflísum á gólfi.
**Verð 22,9 milljónir.**



Nánari upplýsingar í síma 696 7070
Örn Helgason

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is

---

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

### TIL LEIGU – Dugguvogur 8 – Reykjavík



Til leigu húsnæði, 910 fm., sérinnréttað fyrir matvælaiðnað við Dugguvog 8 í Reykjavík, þar sem Esja var áður til húsa.

**TIL LEIGU – Askalind 2 – Kópavogur**
Til leigu gott 215 fm. skrifstofuhúsnæði með innkeyrsluhurð við Askalind 2 í Kópavogi. Tilvalið fyrir heildsölur.

**TIL LEIGU – Skógarhlíð 12 – Reykjavík**
Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða jarð hæðina sem er skipt niður í ca. 150 til 300 fm. einingar.

**TIL LEIGU – Vegmúli 2 – Reykjavík – 2. hæð**
Til leigu 280 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við Vegmúla 2 í Reykjavík. Eignin er öll nýinnréttuð á glæsilegan hátt.
Upplýsingar gefur Gunnar í síma 693-7310.

BYGG

---



Láttu fagmann sjá um fasteignamálin.
HRINGDU NÚNA 896-2312
Sigurður Rúnar Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
LANDMARK

---

### Þingholsbraut – einbýlishús á sjávarlóð til leigu







Til leigu glæsilegt og mikið endurnýjað einbýlishús við Þingholsbraut í Kópavogi. Húsið er um 290 fm og stendur á glæsilegri sjávarlóð og með frábæru útsýni. Húsið var allt tekið í gegn fyrir fáeinum árum að innan. Húsið er nýlega standsett að utan.

Aðeins traustir leigjendur koma til greina.

Allar nánari upplýsingar gefur Stefán Hrafn Stefánsson hdl s: 895-2049, stefan@storborg.is

---

# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Atvinna

**Olíudreifing**

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 og Olís um land allt. Einnig rekur félagið þjónustudeild sem sér um uppbyggingu og viðhald eldsneytisafgreiðslubúnaðar á bensínstöðvum og birgðastöðvum. Félagið hefur starfað frá 1996 og þar starfa um 130 manns. Sjá nánari upplýsingar á **www.odr.is.**

# Verkefnastjóri

Olíudreifing ehf. óskar að ráða verkefnastjóra í Þjónustudeild félagsins í Reykjavík. Á Þjónustusviði Olíudreifingar eru unnin fjölbreytt verkefni vegna viðhalds og uppsetningar á tækjabúnaði fyrir eldsneytisafgreiðslu.

**Starfssvið:**
- Umsjón með skipulagningu og framkvæmd verka sem heyra undir verkefnastjóra hverju sinni ásamt aðstoð við þjónustustjóra við áætlun mannafla og verktíma í nýjum verkefnum.
- Samhæfa og skipuleggja framkvæmd verka á verkstæði og verkstað, fylgjast með framvindu, bregðast við frávikum.
- Gerð framkvæmdaáætlana, áætlana um mannafla og efnisnotkun.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Rafvirki með meistararéttindi.
- Stjórnunarreynsla mjög æskileg.

**Upplýsingar veita:**
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Vaka Ágústsdóttir
vaka@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

PIPAR\TBWA-SÍA

## Spennandi húsnæði til sölu eða leigu




Kirkjubyggingin á Ásbrú er nú til sölu eða leigu. Kapella ljóssins þjónaði áður varnarliðinu og var síðar nýtt sem skólabygging Keilis. Kirkjubyggingin er 981 m² og var byggð árið 1985. Töluverðar breytingar voru gerðar á húsnæðinu árið 2007 og var rafmagn m.a. endurnýjað. Húsnæðið getur hentað undir margvíslega starfsemi, s.s. skrifstofur, veitingastað, gallerí, samkomuhús o.fl.



## Atlantic Studios

Atlantic Studios er 4.730 m² kvikmyndaver í flugskýli sem þjónaði áður Bandaríkjaher. Kvikmyndaverið er hið stærsta á Íslandi, með 2.700 m² aðalsviði (e. soundstage) þar sem lofthæð er 9 metrar. Einnig er þjónustuaðstaða með búningsherbergjum, skrifstofum og kaffistofu. Kvikmyndin Reykjavík Whale Watching Massacre var meðal annars tekin upp í verinu.



## Andrews-leikhúsið

Hið sögufræga Andrews-leikhús er til sölu eða leigu. Húsið var áður kvikmyndasýningarsalur Nató, en byggingin var endurnýjuð árið 2010. Salurinn tekur 499 í sæti og sviðið er 100 m². Myndvarpi, tjald og gott hljóðkerfi er til staðar fyrir fyrirlestra. Húsnæðið hentar undir leik- eða kvikmyndasýningar, tónleika eða ráðstefnur.



## Lýðháskóli

Húsnæði með 100 íbúðum er til sölu eða leigu. Húsið er 3.359 m² á þremur hæðum. Það var byggt árið 1976 og er í mjög góðu ástandi. Baðherbergi og eldhús er í öllum íbúðum og húsnæðið gæti því hentað vel undir stúdentagarða, lýðheilsuskóla, ráðstefnur o.fl. Húsið er staðsett í heilsuþorpinu á Ásbrú.



## Skotheld bygging

Húsnæðið hýsti áður samskiptamiðstöð Bandaríkjahers. Það var byggt árið 1997 og er tæplega 1.700 m². Húsið er ákaflega rammbyggt, hefur eins metra þykka steypuveggi og stálhurðir sem hannaðar eru til að standast loftárásir. Lóðin er afgirt og slökkvistöð í næsta nágrenni. Húsið hentar því vel sem geymsla fyrir mikilvæg verðmæti, hvort sem þau eru stafræn eða áþreifanleg.

# ÁSBRÚ

Samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs

Ásbrú er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.




**Þetta er einungis sýnishorn af þeim eignum sem eru til sölu eða leigu á svæðinu. Nánari upplýsingar um eignir á www.asbru.is/fasteignir.**

**Kadeco®**

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar

Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



36 **MUGISON, ÖRN ELÍAS GUÐMUNDSSON** á afmæli í dag.
*„Besta leiðin til að segja takk er að spila tónlist.“*

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**MAGNÚS BJARNFREÐSSON**
**fréttamaður,**
**Logasölum 5, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 30. ágúst. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 7. september kl. 13.00.

**Guðrún Árnadóttir**
**Guðjón Magnússon og Sigrid Hálfdánardóttir**
**Árni Magnússon og Berglind Bragadóttir**
**Páll Magnússon og Aðalheiður Sigursveinsdóttir**
**Ingibjörg Magnúsdóttir og Skúli Geir Jensson**
**og barnabörn.**

---



✝

Við þökkum innilega samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**MARÍU GUÐMUNDSDÓTTUR**
**áður til heimilis að Hlaðbæ 14,**
**Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til allra á Dvalarheimilinu Fellaskjóli í Grundarfirði fyrir hlýju og góða umönnun.

**Anna Margrét Marísdóttir** **Þorbergur Eysteinsson**
**Kristín Marísdóttir**
**Guðmundur Marísson**
**Guðrún Marísdóttir** **Daði Sveinbjörnsson**
**Ólöf Hulda Marísdóttir**
**Kári Marísson** **Hrafnhildur Kristjánsdóttir**
**Katrín Marísdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



✝

Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, sonar, bróður, mágs, svila, tengdasonar og barnabarns,

**JÓNASAR EGILSSONAR**
**skipstjóra,**
**Dúfnahólum 2.**

**Brynhildur Hall**
**Sigrún Hall**
**Sylvía Hall**
**Egill Jónasson**
**Aðalheiður Hannesdóttir**
**Hannes Ingi Jónsson** **Signý Knútsdóttir**
**Borgþór Egilsson** **Arna Ásmundardóttir**
**Garðar Hall** **Rannvá Kristina Hall**
**Sigrún Jónsdóttir**
**Hulda Þórhallsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

**ARNÓR ÞÓRHALLSSON**
**verkfræðingur,**
**Reynihlíð 5, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 26. ágúst. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 5. september kl 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á krabbameinsdeild 11E á Landspítalanum.

**Ingibjörg Hrund Björnsdóttir**
**Lilja Birna Arnórsdóttir** **Guðjón Karl Reynisson**
**Þórhallur Arnórsson** **Sigríður Sunna Ebenesersdóttir**
**Björn Lárus Arnórsson** **Arnheiður Leifsdóttir**
**Birgir Már Arnórsson**
**Áslaug Bennie Þórhallsdóttir**
**Þórhildur Þórhallsdóttir**
**Ingibjörg Erla Birgisdóttir**
**Magnús Birgisson**
**og barnabörn.**

---


GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

*Mikið úrval*



*Allir legsteinar á kr. 75.000,-*

Miðhraun 22 b, 210 Garðabæ, Sími 571 0400 granit@granit.is


---



**PJETUR SIGURÐSSON** Útsýnisflug með Landhelgisgæslunni varð að bók sem Pjetur selur til styrktar Davíð Erni Arnarssyni sem glímir við krabbamein. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

PJETUR SIGURÐSSON: ÁGÓÐI NÝRRAR BÓKAR RENNUR TIL DAVÍÐS ARNAR

# Umhverfis Ísland í 83 myndum

Umhverfis Íslands er heiti bókar Pjeturs Sigurðssonar, ljósmyndara Fréttablaðsins, sem er nýkomin úr prentun. Bókin er gefin út til styrktar Davíð Erni Arnarssyni og fjölskyldu hans en Davíð Örn glímir við krabbamein og hefur þess vegna verið frá vinnu í nokkur ár.

„Bókin varð þannig til að ég fór í útsýnisflug með Landhelgisgæslunni síðastliðið vor. Ég átti von á stuttri flugferð hér yfir Suðvesturhorninu en raunin varð sú að við fórum í kringum landið og flugið tók um sjö klukkutíma. Allan tímann var ég með myndavélina á lofti og afrakstur ferðarinnar var því ansi mikill. Nokkrar myndanna birtust svo í Fréttablaðinu og á Vísi og vöktu mikla athygli. Sjónarhornið er kannski nokkuð óvenjulegt, á myndunum má sjá strandlengju Íslands nokkurn veginn eins og hún leggur sig, firði og fjöll og það sem fyrir augu bar án þess að því væri ritstýrt sérstaklega,“ segir Pjetur sem fékk frábært útsýni á hringförinni enda varla ský á himni þegar hann fór í ferðina. „Ég myndaði í 3.500 feta hæð og sýnin yfir fjöllin og landslagið var stórbrotin. Ferðin var farin um mánaðamótin apríl-maí og víða var snjóföl yfir landinu sem skerpir allar línur í landinu. Þá var ekki farið að grænka og fyrir utan hvítan snjóinn eru brúnleitir tónar mest áberandi í landslaginu.“

Eftir að myndirnar birtust kviknaði sú hugmynd að gefa þær út á bók. „Í fyrstu kom til greina að gefa þær út hjá bókaforlagi en þegar sú hugmynd datt upp fyrir ákvað ég að ráðast í málið sjálfur og gefa út bók til styrktar góðu málefni,“ segir Pjetur, sem fljótlega afréð að styrkja Davíð Örn og fjölskyldu. „Davíð Örn var stuðningskennari í bekk fósturdóttur minnar, Elfu, hann býr hér í Grafarvogi eins og ég og er mikill stuðningsmaður Fjölnis. Davíð Örn hefur ekki getið unnið um langt skeið vegna krabbameins sem hann glímir við og sömuleiðis hefur kona hans verið mikið frá vinnu. Þau hafa verið að glíma við að koma sér þaki yfir höfuðið fyrir sig og börnin sín tvö og ágóðinn af sölu bókarinnar rennur allur til þeirra.“

sigridur@frettabladid.is

## ÚTGÁFUHÓF

Útgáfu- og styrktarhóf vegna bókar Pjeturs Sigurðssonar, Umhverfis Ísland, verður haldið á Gullöldinni í Grafarvogi á fimmtudagskvöld. Þar verður hægt að kaupa bókina, sem kostar 3.500 krónur. Allur ágóði bókarinnar rennur til Davíðs Arnar Arnarssonar og fjölskyldu hans. Einnig er hægt að hafa samband beint við Pjetur í netfangið pjetur@365.is til að tryggja sér eintak af bókinni sem gefin er út í takmörkuðu upplagi.




---

# Viðey er viðkomustaður margra

Töðugjöld verða í Viðey næsta laugardag, 8. september. Þá verður uppskeru sumarsins fagnað að hætti Viðeyinga með þakkargjörð, tilsögn í prúðmannlegri framkomu, fróðleik um kartöflur, hauströttum í pottum og ljósmyndasýningu.

Mikil ánægja hefur verið á meðal gesta sem sótt hafa eyjuna heim í sumar, nánast allir segjast myndu mæla með ferð þangað að því er fram kemur í könnunum sem lagðar voru fyrir úrtak gesta í júní og júlí. Vel yfir fjórtán þúsund gestir komu í Viðey fyrstu sjö mánuði ársins og voru Íslendingar fjölmennastir eða tæplega fjórutíu af hundraði. Mikið hefur verið lagt upp úr að auka þjónustu við gesti í Viðey með vegvísum með fróðleik um eyjuna. Tekið er á móti skólabörnum þar á vorin, flestar helgar sumarsins er eitthvað að gerast og veitingahúsið í Viðeyjarstofu hefur verið opið alla daga vikunnar. Skemmti- og fróðleiksgöngur á þriðjudagskvöldum hafa verið vinsælar og fullt út úr dyrum á tónleikum .

Stefnt er að því að halda tónleika einn fimmtudag í mánuði fram eftir vetri. Viðeyjarferjan siglir alla daga vikunnar út í eyju allan september, eftir það mun hún sigla um helgar.



**TÖÐUGJÖLD** Uppskeru sumarsins verður fagnað í Viðey næsta laugardag, 8. september.

---

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, stjúpmóðir, amma og langamma,

**GUÐFINNA JÓNA HANNESDÓTTIR**
**frá Melbreið í Fljótum,**
**Arnarheiði 8, Hveragerði,**

lést 24. ágúst síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd fjölskyldna okkar,**
**Alda Sigurðardóttir**
**Berglind Sigurðardóttir**
**Hrefna Sigurðardóttir**
**Sigfríður Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Kjartan Reynir Sigurðsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**MARTIN LEONARD GRABOWSKI**
**læknir,**

lést á Helsingborgs Lasarett, Svíþjóð, 22. júlí sl. Útför hans verður gerð frá Garðakirkju á Álftanesi miðvikudaginn 5. september kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á krabbameinsdeild Landspítala, Heimahlynningu og Parkinsonsamtökin eða önnur líknarfélög.

**Guðrún Rósa Sigurðardóttir**
**Eydís Anna Martinsdóttir**
**Hafdís María Martinsdóttir**

*Myllu heilkornabollur*

# LÍFSKORN

*Heilt hveitikorn & rúgur*




Heilkornabollur eru sneisafullar af trefjum og heilkorni og með lágt hlutfall af mettaðri fitu.

VELDU HEILKORN




*Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörunum í sínum flokki.*

# Fáðu orku fyrir annríki dagsins

## Prófaðu Lífskorn heilkornabollur frá Myllunni

Lífskorn heilkornabollur frá Myllunni eru trefjaríkar og innihalda hátt hlutfall heilkorns. Fáðu þér bragðgóðar heilkornabollur sem eru frábærar með rjúkandi morgunkaffinu eða sem síðdegishressing. Hafðu það einfalt og þægilegt, fáðu þér Lífskorn heilkornabollur.

Með heilkornabollum Myllunnar seturðu hollustuna í forgang. Bollurnar eru ríkar af próteinum og innihalda B-vítamín og steinefni sem eru líkamanum nauðsynleg. Mundu eftir Heilkornabollum Myllunnar sem eru hollar og bragðgóðar og veita þér kraft til að takast á við verkefni dagsins.

*Skoðaðu Lífskornabollur á* **myllan.is**

*Kynntu þér* **heilsustefnu Myllunnar**

*Taktu þátt í umræðunni á* **Facebook**

trefjaríkt ★★★★★




Lífskorn
Fita **5g**/100g
Sykur **2g**/100g
Natríum **0,47g**/100g
Trefjar **8g**/100g
Heilkorn **59%** af mjöli

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

✝



**HULDA SVEINSSON**
**læknir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 19. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Aðstandendur.**

---

✝



Ástkær systir okkar, amma og frænka,

**SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR**
**frá Helluvaði í Mývatnssveit,**

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á deild B-2 á Landspítalanum í Fossvogi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Auður Gísladóttir**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÍÐUR ÞORBJÖRNSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Mörk í Garði,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi, Faxabraut 13, Keflavík, þriðjudaginn 28. ágúst. Útför hennar fer fram frá Útskálakirkju, fimmtudaginn 6. september kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hlévangs fyrir góða og kærleiksríka umönnun sem verður seint þakkað.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ægir Guðlaugsson**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN BERNHARD THOMPSON**
**Næfurási 10, Reykjavík,**

lést föstudaginn 31. ágúst á Landspítalanum við Hringbraut, deild 11.

**Valdís Helgadóttir**
**Helena Vigdís Kristjánsdóttir** **Óskar Jónsson**
**Hrönn Jónsdóttir** **Stefán Ingi Óskarsson**
**afa- og langafabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður, faðir, afi og langafi,

**SVEINBJÖRN JAKOBSSON**
**Móabarði 30,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 2. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Nanna Jakobsdóttir**
**Hildur Sveinbjörnsdóttir**
**Sindri Sveinbjörnsson**
**Hjörleifur Sveinbjörnsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR HELGASON**
**húsgagnabólstrari,**
**Lautasmára 1,**
**áður Laugateigi 8, Reykjavík,**

lést á Dvalarheimilinu Skjóli, laugardaginn 1. september. Útförin auglýst síðar.

**Guðbjörg Þórarinsdóttir**
**Helgi Gunnarsson** **Linda Ósk Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞRÁINN KRISTINSSON**
**fyrrverandi skipstjóri,**
**Fagrahjalla 3, Kópavogi,**

lést fimmtudaginn 30. ágúst. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 6. september kl. 15.00.

**Björg Helgadóttir**
**Þorbjörg Þráinsdóttir** **Magnús Ásgeirsson**
**Geir Þráinsson** **Kristín Sigurðardóttir**
**Halldór Þráinsson** **Steinunn Þ. Júlíusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**HEIMSMEISTARI UNGLINGA Á VERÐLAUNAPALLI** Júlían Jóhann Karl Jóhannsson fagnar heimsmeistaratitli í réttstöðulyftu á Heimsmeistaramóti unglinga sem haldið var í Póllandi.

JÚLÍAN JÓHANN KARL JÓHANNSSON: HEIMSMEISTARI Í RÉTTSTÖÐULYFTU

# Óttaðist að bakmeiðsl kæmu í veg fyrir góðan árangur

Júlían Jóhann Karl Jóhannsson hlaut gullverðlaun í réttstöðulyftu í yfirþungavigt á Heimsmeistaramóti unglinga sem haldið var í Póllandi um helgina og setti Íslandsmet unglinga í bekkpressu. Júlían lyfti 325 kílóum í réttstöðulyftu sem tryggði honum heimsmeistaratitilinn. „Mér líður rosalega vel. Ég bjóst eiginlega ekki við þessu því ég tognaði í mjóbaki á mikilvægum tíma í undirbúningnum fyrir leikana. En ég stefndi á að ná góðum árangri,“ sagði Júlían, sem var á flugvelli í London á leið heim til Íslands þegar Fréttablaðið sló á þráðinn.

Júlían er 19 ára gamall og hefur æft kraftlyftingar í fjögur ár hjá kraftlyftingadeild Ármanns. „Ég var í körfubolta áður fyrr en ákvað að prófa kraftlyftingar, man nú eiginlega ekki af hverju það var. En ég fann mig mjög vel um leið og ég byrjaði að æfa. Held að það sé út af því að maður er alltaf að byggja sig upp og finnur og sér árangurinn jafn óðum.“

Júlían keppti í yfirþungavigt sem er flokkur þeirra sem eru þyngri en 120 kíló. „Ég byrjaði auðvitað í léttari flokkum en er nú kominn í minn rétta flokk,“ segir Júlían sem æfir sjö sinnum í viku að meðaltali, stundum minna og stundum meira. „Mér gengur bara mjög vel að sameina æfingarnar náminu en ég er á síðasta ári í MH en þar legg ég stund á nám á félagsfræðibraut.“ Spurður hvort hann viti um fleiri nema í MH sem séu í kraftlyftingum kveður hann nei við. „Ég held ég sé eini nemandinn í skólanum í þessu. En félagar mínir eru flestir í kraftlyftingum,“ segir Júlían að lokum.

sigridur@frettabladid.is

## LYFTI 880 KÍLÓUM

Samanlagður árangur Júlíans Jóhanns Karls Jóhannssonar var 880 kíló. Það er nálægt hans besta árangri sem er 882,5 kíló. Það skilaði honum fimmta sæti í samanlögðum árangri þátttakenda.
Júlían lyfti 320 kílóum í hnébeygju sem var undir væntingum, 245 í bekkpressu sem er nýtt Íslandsmet unglinga og svo 315 kílóum í réttstöðulyftu þar sem hann vann gullverðlaun sem fyrr segir. Sigurvegari í samanlagðri yfirþungavigt varð Arron Gonzales frá Bandaríkjunum en hann lyfti 977,5 kílóum. Þess má geta að aldursflokkurinn sem Júlían keppti í eru 19 til 23 ár og var hann því með þeim yngri í sínum flokki enda bara 19 ára gamall.

# Silfurverðlaun í eðlisfræði

Atli Þór Sveinbjarnarson hreppti silfurverðlaun á Ólympíuleikum framhaldsskólanema í eðlisfræði sem fram fóru í sumar og er það í fyrsta sinn sem Íslendingur fær silfurverðlaun á leikunum. Atli og félagar hans í liði Íslands náðu besta árangri sem Íslendingar hafa náð hingað til og hlutu tvær viðurkenningar, eitt brons og silfurverðlaunin.

Auk Atla Þórs voru í liði Íslands Freyr Sverrisson, Hólmfríður Hannesdóttir, Pétur Rafn Bryde og Stefán Alexis Sigurðsson. Stefán og Pétur fengu viðurkenningar og Hólmfríður bronsverðlaun fyrir þátttöku sína. Þau hafa öll stundað nám í Menntaskólanum í Reykjavík nema Pétur sem er úr Borgarholtsskóla. Fararstjórar voru eðlisfræðingarnir Ingibjörg Haraldsdóttir, formaður landskeppninnar í eðlisfræði og Martin Swift, þjálfari liðsins.

Ísland tók nú þátt í Ólympíuleikunum í eðlisfræði í 29. sinn. Ólympíuleikar sumarsins eru þeir 43. í röðinni og voru þeir haldnir í borgunum Tallin og Tartu í Eistlandi.

Þess má geta að Íslendingar og Finnar stóðu sig best liða frá Norðurlöndum og mun betur en keppendur frá hinum löndunum.



**ÁNÆGÐ MEÐ ÁRANGURINN** Keppendur og aðstandendur voru heiðraðir af Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra fyrir árangur sinn á Ólympíuleikunum í eðlisfræði.

---



**GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON**
**rithöfundur og náttúrufræðingur,**
**Neskinn 1, Stykkishólmi,**

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 6. september kl. 15. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast GPÓ er bent á Auðlind Náttúrusjóð, bankareikningur 0325-13-301930, kennitala: 580408-0440. Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á audlind.org.

**Ingunn K. Jakobsdóttir**
**Blær Guðmundsdóttir** **Finni Jóhannsson**
**Ingibjörg S. Guðmundsdóttir** **Ragnar B. Jóhannsson**
**Halla B. Guðmundsdóttir** **Mads Thygesen**
**Rökkvi Steinn, Salka og Þórkatla**

## Merkisatburðir

**476** Rómúlus Ágústus, síðasti keisari Vestrómverska ríkisins, rekinn í útlegð.

**1882** New York-borg raflýst fyrst allra borga í heiminum að tilstuðlan uppfinningamannsins Edisons.

**1888** Jón Árnason, brautryðjandi á sviði söfnunar og skráningar íslenskra þjóðsagna, lést 69 ára gamall.

**1943** Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness kemur út og hlýtur mjög góðar viðtökur.

**1969** Björgvin Halldórsson 18 ára kosinn poppstjarna ársins á popphátíð í Laugardalshöll í Reykjavík.

**1973** Menntamálaráðherra ákveður að fella brott bókstafinn z úr opinberu íslensku ritmáli.

**1998** Google stofnað af Larry Page og Sergey Brin, nemendum við Stanford-háskóla.

# Dansdeild HK



## DANS! DANS! Allir í DANS!

**Kennsla fer fram í Íþróttahúsi HK, Digranesi og í Fagralundi**



Kennsla hefst mánudaginn 3. sept. hjá keppnishópum og laugardaginn 8. sept. hjá barna- og fullorðinshópum.

- *Barnahópar frá 3ja ára*
- *Unglingahópar*
- *Fullorðinshópar*

*Innritun er hafin í síma 844 5939 eða á dans@hk.is*

*Prufutímar 8.-14. september fyrir alla byrjendur.*

***Ath. Kópavogsbær, Garðabær og Reykjavíkurborg styrkja börn til danskennslu sem fædd eru á árabilinu 1994 til 2006.***

Bandý | Blak | Borðtennis | Dans | Fótbolti | Handbolti | Taekwondo

HK var stofnað 1970 og er því 42 ára í ár. HK leitast við að bjóða uppá fjölbreytt úrval íþrótta svo að sem flestir geti fundið grein við sitt hæfi. Félagið er með fjórar starfsstöðvar í Digranesi, Fagralundi, Kórnum og Fífunni. Upplýsingar um æfingatíma og gjöld er að finna á heimasíðu félagasins ***www.hk.is***

Íslandsbanki

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** jurt, **6.** 49, **8.** stykki, **9.** útdeildi, **11.** voði, **12.** afkima, **14.** sveigur, **16.** kind, **17.** líða vel, **18.** vel búin, **20.** bardagi, **21.** ána.

**LÓÐRÉTT**
**1.** reigingslegur gangur, **3.** í röð, **4.** starf, **5.** hallandi, **7.** sælgæti, **10.** aur, **13.** vefnaðarvara, **15.** rétt, **16.** iðka, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gras, **6.** il, **8.** stk, **9.** gaf, **11.** vá, **12.** skoti, **14.** krans, **16.** ær, **17.** una, **18.** fín, **20.** at, **21.** asna.

**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** rs, **4.** atvinna, **5.** ská, **7.** lakkrís, **10.** for, **13.** tau, **15.** satt, **16.** æfa, **19.** nn.




# Vald vaðalsmannanna

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Fyrirtæki nokkurt hér í bæ hefur mælt væntingarvísitölu Íslendinga um nokkra hríð. Hún á að sýna hversu mikil bjartsýni einkennir þjóðina og gott ef sama könnun er ekki gerð í fleiri löndum þannig að alþjóðlegur samanburður náist. Ofurtrú ýmissa á hvers kyns skoðanakönnunum er reyndar slík að hún hefur litað pólitískan málflutning meira en góðu hófi gegnir. Um þessa könnun er hins vegar ekkert nema gott að segja, hún mælir hverjar væntingar við höfum til framtíðarinnar. Það hefur enda verið talið órækt merki þess að hlutirnir mjakist eilítið fram á við að þessi blessaða vísitala hefur aukist.

**UM** þessar mundir í fyrra, í október nánar tiltekið, bar hins vegar svo við að vísitalan féll og þjóðin hafði allt í einu mun verri væntingar til framtíðarinnar en mánuðina á undan. Yfirlega leiddi í fyrstu ekkert í ljós sem gæti skýrt þessa svartsýni þjóðarinnar, en eftir að færasta fólkið í þessu fagi hafði rýnt og greint um hríð var svarið aðeins eitt; Alþingi var að hefjast.

**ÞJÓÐIN** var með öðrum orðum tiltölulega bjartsýn á lífið og tilveruna miðað við efni og aðstæður. Áföll og harðindi höfðu vissulega sett mark sitt á hana, en svo virtist sem landsmenn tryðu því að landið væri nú loks að rísa. Þar til þing kom saman að nýju. Þá dró úr væntingunum, svartsýnin jókst. Íslendingar trúðu því síður að framtíðin væri björt.

**ÞETTA** er umhugsunarefni, ekki síst þar sem þing hefst að nýju um miðjan mánuðinn. Ábyrgð kjörinna fulltrúa þjóðarinnar er mikil og þeirra er að sýna að þeir standi undir henni. Sýna að fyrir þeim sé seta á Alþingi ekki ávísun á málfundarbrögð og klæki, heldur heiðarleg vinnubrögð með heill þjóðarinnar í huga.

**GAMALL** kjaftaskur eins og ég getur nefnilega upplýst þingmenn um að vermirinn af meintum rökfræðisigri er skammgóður. Haldi einhverjir þeirra að upp til þeirra sé litið vegna þrástöðu í pontu eða flóknum tengingum við óskyld mál er það blekking. Það getur vel veitt stundarsælu að finnast maður leggja andstæðing sinn á rökfræðilegu ipponi, en mikið ristir það grunnt í hinu stóra samhengi hlutanna. Slíkt vaggar aðeins vaðalsmönnum.

**HEIÐARLEIKI,** réttsýni og hreinskiptni vekja hins vegar virðingu. Svo einfalt er það nú.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



NÝTT

*HydraQuench Intensive Serum Bi-Phase*

Neyðarlausn fyrir þyrsta húð!

Er húðin þín þurr? Stíf? Sannarlega ekki ánægð? Bregstu fljótt við og notaðu HydraQuench Intensive Serum, neyðarlausn þegar allt annað hefur brugðist. Samstundis hefst öflug virkni hýalúrónsýru og Katafray-jurtarinnar sem styrkja rakavörn á yfirborðinu og koma lagi á vatnsbirgðir í innra lagi húðarinnar. Samstundis lifnar húðin við og yfirbragð fær aukinn ljóma. Clarins er í 1. sæti þegar kemur að lúxushúðsnyrtivörum á Evrópumarkaði*.

*Heimild: European Forecasts.




CLARINS

## Clarins dagar í Lyfju 4. & 5. september

*Gjöfin þín þegar keypt er fyrir 5.900 kr. eða meira.**

*20% afsláttur af Clarins á kynningardögunum*

*Vertu velkomin í Lyfju og fáðu ráðgjöf og prufu sem hentar þinni húð.*

*á meðan birgðir endast




LYFJA

- Lifið heil

Clarins fæst í eftirfarandi verslunum Lyfju: Lágmúla, Laugavegi, Smáralind, Smáratorgi, Grindavík, Selfossi og Ísafirði.

# SJÁÐU

ENN FLEIRI SJÓNVARPSSTÖÐVAR
**FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT**




## ÞRJÁR **NÝJAR** SJÓNVARPSSTÖÐVAR




### STÖÐ 2 **BÍÓ**

BÍÓVEISLA ALLAN SÓLARHRINGINN – ALLT ÁRIÐ UM KRING – ÞAR SEM MEIRA EN 200 FJÖLBREYTTAR OG VANDAÐAR BÍÓMYNDIR ERU SÝNDAR Í HVERJUM MÁNUÐI.




### STÖÐ 2 **GULL**

HEIMILI HELSTU SJÓNVARPSGULL-MOLANNA – BÆÐI INNLENDRA SEM ERLENDRA. VALDIR ÞÆTTIR ÚR SAFNI STÖÐVAR 2 Í BLAND VIÐ VINSÆLUSTU ERLENDU ÞÆTTI FYRR OG SÍÐAR.




### STÖÐ2 **KRAKKAR**

YNGSTU ÁHORFENDURNIR FÁ LOKSINS HEILA STÖÐ ÚT AF FYRIR SIG ÞAR SEM Í BOÐI VERÐUR TALSETT OG TEXTAÐ BARNAEFNI FRÁ MORGNI TIL SÍÐDEGIS.




### POPP **TÍVÍ**

FERSKLEIKINN ER Í FYRIRRÚMI Á KRÖFT-UGRI STÖÐ FYRIR UNGT FÓLK Á ÖLLUM ALDRI. ALLIR HEITUSTU NÝJU ERLENDU ÞÆTTIRNIR Í BLAND VIÐ ÖGRANDI OG NÝSTÁRLEGT INNLENT EFNI.

# MARGFALT

## FLEIRI MÖGULEIKAR MEÐ **NETFRELSI**
## **ÞÆTTIR OG KVIKMYNDIR EFTIR PÖNTUN**





Nýtt

### 28 DAGA **FRELSI**

HORFÐU HVENÆR SEM ER OG HVAR SEM ER Á ALLA NÝJUSTU ÞÆTTI STÖÐVAR 2 OG POPPTÍVÍ Í 28 DAGA EFTIR FRUMSÝNINGU.



Nýtt

### KVIK**MYNDIR**

HORFÐU HVENÆR SEM ER OG HVAR SEM ER Á VALDAR BÍÓMYNDIR Í 28 DAGA EFTIR FRUMSÝNINGU Á STÖÐ 2.



Nýtt

### FRÆÐSLUEFNI

VANDAÐ OG FJÖLBREYTT FRÉTTA-, HEIMILDA-, OG FRÆÐSLUEFNI ÚR SMIÐJU HBO, DISCOVERY O.FL.



Nýtt

### KLASSÍSKT **ÍSLENSKT**

VALDIR INNLENDIR ÞÆTTIR ÚR SAFNI STÖÐVAR 2 ÞAR SEM ALLIR ÆTTU AÐ FINNA EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI.




Nýtt

### BARNA**EFNI**

ÚRVAL AF UPPÁHALDSBARNAEFNI YNGSTU ÁSKRIFENDA STÖÐVAR 2 – TALSETT EÐA TEXTAÐ – BÍÓMYNDIR OG ÞÆTTIR.

Nú fylgja þrjár nýjar stöðvar, Popptíví, Stöð 2 Gull og Stöð 2 Krakkar, frítt með áskrift að Stöð 2 ásamt Stöð 2 Bíó. Þjónusta við áskrifendur hefur einnig margfaldast með stórauknu framboði á efni á Netfrelsi Stöðvar 2. Þar má nú horfa hvenær sem er og hvar sem er á alla nýjustu þættina af Stöð 2 og Popptíví í 28 daga eftir frumsýningu, vel valda innlenda þætti úr safni Stöðvar 2, bíómyndir, úrval af talsettu barnaefni og vandað fræðsluefni beint í sjónvarpið þitt, símann, tölvuna eða spjaldtölvuna.

## ALLT ÞETTA FYRIR **254 KR.** Á DAG

**MARGFALT SKEMMTILEGRI**

# menning

menning@frettabladid.is

**LATÍNDJASS Á KEXI** Á tónleikum djasstónleikaraðarinnar á KEXI Hosteli, Skúlagötu 28, í kvöld, þriðjudaginn 4. september, kemur fram Latínkvartett kontrabassaleikarans Tómasar R. Einarssonar. Auk Tómasar skipa hljómsveitina þeir Snorri Sigurðarson á trompet, Ómar Guðjónsson á gítar og trommuleikarinn Matthías Hemstock. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og standa í um tvær klukkustundir.

## Um gagn bókmennta fyrir sálfræði

Geðshræringar í sögu, tengslum manna á milli og bókmenntum er efni fyrirlestrar sem breski sálfræðingurinn og rithöfundurinn Keith Oatley heldur í Háskóla Íslands á morgun.



KEITH OATLEY

Keith Oatley er þekktur víða um lönd. Hann hefur meðal annars fengist við rannsóknir á sjónskynjun, gervigreind og faraldssálfræði en er ekki síst þekktur fyrir rannsóknir sínar og skrif um geðshræringar og tilfinningar. Í erindi sínu fjallar hann um hvernig hugmyndir og kenningar um geðshræringar hafa þróast og breyst í líffræði-, sálfræði- og bókmenntarannsóknum en hann telur lestur skáldskapar stuðla að auknum skilningi manna á öðrum.

Fyrirlesturinn er öllum opinn. Hann verður í stofu 104 á Háskólatorgi og stendur frá 11.40 til 13.10.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 04. september 2012**

**Kvikmyndir**

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Skuggagaldrar eftir Ann Hu. Myndin gerist í Peking árið 1902. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**Tónlist**

**20.00** Sebastiano Brusco frá Ítalíu leikur ýmis verk í Þjóðmenningarhúsinu undir yfirskriftinni Róm-Reykjavík. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Síðsumartónleikar í Þjóðmenningarhúsinu. Miðaverð er kr. 2.000 eða kr. 1.000 fyrir eldri borgara og nemendur.

**20.30** Sópransöngkonurnar Signý Sæmundsdóttir og Harpa Harðardóttir syngja lög við píanóundirleik Kristins Arnar Kristinssonar á Sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**20.30** Latínkvartett kontrabassaleikarans Tómasar R. Einarssonar spilar á tónleikum djasstónleikaraðarinnar á KEXI Hosteli. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Myrra Rós og Kyle Woodlard halda tónleika á Café Rosenberg.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**SKÁLDIÐ** Umfjöllunarefni lokabindis þrílógíu Einars Kárasonar um þrettándu öldina er ekki styrjöld og hörmungar Sturlungaaldar heldur skáldskapurinn og höfundur Njálu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sturla skrifaði Njálu – það er nánast óhrekjandi

**Leitinni að höfundi Njálu er lokið að sögn Einars Kárasonar rithöfundar. Hann segir nánast hafið yfir vafa að Sturla Þórðarson, aðalpersónan í Skáldi, lokabindi þrílógíu hans um Sturlungaöld, hafi varið síðustu æviárunum í skriftir á þessari frægustu bók Íslandssögunnar.**

„Þetta er þriðja bók mín um þrettándu öldina og kannski aðalbókin, því að þessu sinni er umfjöllunarefnið ekki borgarastríðið og hörmungarnar sem því fylgdu heldur skáldskapurinn, en eins og við vitum voru á þeirri öld samin ótrúleg snilldarverk á Íslandi," segir Einar Kárason rithöfundur um lokabindi þrílógíunnar um Sturlungaöldina sem væntanlegt er á markað eftir rúman mánuð. Bókin heitir Skáld og aðalpersónan er Sturla Þórðarson, rithöfundur með meiru, sem Einar segir nánast óhrekjandi sannanir fyrir að hafi verið höfundur Njálu. „Ég var að skrifa grein sem birtist í Skírni og þeir sem hana hafa lesið segja mér að það sé nánast orðið hafið yfir vafa að Sturla hafi skrifað Njálssögu. Sturla skrifaði, eins og við vitum, Íslendingasögu og þegar að er gáð virðist Njálssaga byggja á henni að miklu leyti, vera nokkurs konar bókmenntaleg aðlögun af þeirri bók. Báðar bækurnar skiptast í nákvæmlega sams konar efnisparta. Fyrsti hluti beggja bókanna fjallar um uppgang íslensks höfðingja sem ber af öðrum mönnum fyrir fríðleik og líkamlegt atgervi, en gerir sig síðan sekan um ofdirfsku og hlýðir ekki ráðum sér vitrari manna. Sankar að sér of mörgum voldugum óvinum sem koma sér saman um að fella hann. Þar á ég auðvitað við þá Sturlu Sighvatsson og Gunnar á Hlíðarenda.

Annar hluti beggja bókanna fjallar um að upp er komin hættuleg staða, þegar undangengin víg kalla á blóðhefndir, en það er gerð tilraun til sátta án blóðsúthellinga. Í báðum bókunum virðist það ætla að takast en þá kemur kona og ragmanar lykilmann til að ganga á gerðar sættir og hefna með blóði og eldi, sem verður niðurstaðan. Það farast jafnmargir í báðum eldsvoðunum, ætlunin er að drepa fjóra menn í bæði skiptin en einn af þeim sleppur. Lokakaflinn í báðum bókunum er síðan hefndarkafli þar sem sá sem sleppur úr eldinum leitar hefnda. Það er líka mjög merkilegt að allar tölur passa saman, til dæmis eru í báðum tilfellum farnir tveir hefndarleiðangrar, átta menn falla í þeim fyrri og fimm í þeim seinni, og svona mætti lengi telja."

Læturðu skáldið þá sitja við að skrifa Njálu í nýju bókinni? „Ég tel að það hafi hann gert á sínum síðustu árum, já. Hann kom heim með mikla tignarstöðu sem lögmaður yfir öllu landinu, en í ferðinni hafði hann skrifað Magnúsarsögu lagabætis og konungur launað honum svo vel fyrir að hann átti allt í einu fullt af peningum. Þannig að í stað þess að vera áfram í ati samtímans ákveður hann að flýja landið og flytur í Fagurey á Breiðafirði. Þar var hann síðustu sex árin í friði við að skrifa. Þessi ár eru 1278 til 1284 og nokkurn veginn allir fræðimenn sem reynt hafa að tímasetja ritunartíma Njálu hafa staðnæmst við ártalið 1280."

fridrikab@frettabladid.is



## Hádegiserindi fyrir hönnuði

Þýski iðnhönnuðurinn Mareike Gast heldur fyrirlesturinn Tomorrow´s Materials í Listaháskóla Íslands á morgun.

Oft er litið fram hjá því hvernig nýta megi iðnaðarúrgang og aukaafurðir. Í fyrirlestri sínum fjallar Gast um hvernig megi nýta þessar og fleiri auðlindir í framtíðinni, til dæmis fyrir hátækniiðnað.

Fyrirlesturinn er haldinn í Þverholti 11, fyrirlestrarsal A. Hann verður á ensku og er aðgangur ókeypis.



**NÝ HVERFI** Á sýningunni eru myndir frá hverfum sem risu eftir seinni heimsstyrjöld.

## Utan Hringbrautar í Gerðubergi

Ljósmyndasýningin Utan Hringbrautar eftir Einar Jónsson verður opnuð í kaffihúsi Gerðubergs á morgun.

Á sýningunni eru myndir sem eiga það sameiginlegt að vera af höfuðborgarsvæðinu utan Hringbrautar. Yfirskrift sýningarinnar vísar til þess að á milli stríða var Reykjavík umlukin af Hringbraut, sem myndaði hálfhring um byggðina. Á sýningunni blínir Einar í gegnum linsuna á hin nýju hverfi, sem taka einkum mið af þörfum fólks á einkabílum og þar eru fáir fótgangandi á ferli.

Myndirnar á sýningunni hafa ekki verið sýndar á Íslandi áður en hluti þeirra var á samsýningu íslenskra og bandarískra ljósmyndara/listamanna í Pyramid Studios í Miami á Flórída 2009.




Allt í myrkri?

Snemma á morgnana og á nóttinni dreifa 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu til lesenda.

Hvernig er aðkoman að póstlúgu á þínu heimili?

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu til þín þarf lýsing að vera til staðar. Höfum ávallt kveikt á útiljósum og sjáum til þess að aðgengi að póstlúgu sé viðunandi.

Póst dreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is


# Erró styrkir Ósk Vilhjálmsdóttur

Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarmaður hlaut verðlaunafé og viðurkenningu úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur á laugardag fyrir framlag sitt á sviði. Listamaðurinn Erró afhenti Ósk viðurkenninguna og verðlaunaféð við athöfn í Hafnarhúsinu. Sjóðinn stofnaði hann til minningar um móðursystur sína, Guðmundu, í þeim tilgangi að efla og styrkja listsköpun kvenna en þetta var í þrettánda sinn sem styrkur var veittur úr sjóðnum.

Ósk Vilhjálmsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1962 og lærði myndlist í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðar Hochschule der Künste í Berlín. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum, bæði hér heima og erlendis. Í umsögn dómnefndar segir að Ósk fari eigin leiðir í list sinni og að verk hennar fjalli mörg um hnattvæðingu, samspil manns og náttúru og neysluhyggju samtímans. Hún hafi vakið athygli með magnaðri innsetningu í Hafnarhúsi í fyrra þar sem hún nánast fyllti sýningarrýmið með upplýstum skipsskrokk. „[M]eð þessum styrk vill dómnefndin hvetja Ósk til áframhaldandi stórvirkja."



**ERRÓ OG ÓSK** Erró afhenti Ósk verðlaunaféð og viðurkenninguna í Hafnarhúsinu á laugardag.

5 ÁRA AFMÆLI!
















Í TILEFNI AF 5 ÁRA AFMÆLI SKÓLANS VERÐUR KAMERON BINK ÚR
So You Think You Can Dance? AÐALKENNARI SKÓLANS – GLÆSILEG SÝNING Í HÖRPUNNI!
ÞÖKKUM DANSGLEÐINA Á LIÐNUM ÁRUM! KRAFTMIKLIR DANSTÍMAR Í HAUST BYRJA 10. SEPT!









DANSGLEÐI með: skemmtilegri

REYKJAVÍK (ÞRÓTTUR)

GARÐABÆR (SJÁLANDSSKÓLA)

KÓPAVOGUR (HK, DIGRANESI)

HAFNARFJÖRÐUR (FH, KAPLAKRIKA)










JAZZFUNK – STREET – HIP HOP – BREAK – NÚTÍMADANS – BARNADANSAR & BALLETT - ZUMBA
ALDUR: 4-6 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára & 20 ára eldri (Dömur sem elska Dansa!)
12 VIKNA ANNIR – ÁRSKORT – MARG BORGAR SIG!















Danslið þáttanna kemur sérstaklega á vegum:

DANCE CENTER REYKJAVÍK

TRYGGÐU ÞÉR PLÁSS MEÐ ÞVÍ AÐ SKRÁ ÞIG STRAX Á dancecenter.is!

Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is og á facebookgrúbbu DanceCenter RVK. Einnig er hægt að senda tölvupóst á dancecenter@dancecenter.is eða hringja í síma 777 3658 hjá DanceCenter Reykjavík.

www.dancecenter.is

# Þriðji íslenski flytjandinn á topp tíu breska listans

**Of Monsters and Men náði frábærum árangri með því að ná þriðja sæti á breska listanum með sinni fyrstu plötu. Aðeins Björk og Sigur Rós höfðu áður komið plötum sínum á topp tíu þar í landi. Allir þessir flytjendur hafa einnig náð inn á topp tíu á bandaríska Billboard-listanum.**

Björk var fyrsti íslenski flytjandinn sem komst á topp tíu-listann í Bretlandi árið 1993 með fyrstu plötu sinni Debut. Næstu fimm plötur hennar komust einnig á lista yfir þær tíu vinsælustu. Aðeins sú nýjasta, Biophilia, náði því ekki.

Billboard-listinn í Bandaríkjunum hefur haldið utan um plötusölu þar í landi frá árinu 1945. Þar hefur Björk einungis einu sinni komist á topp tíu, eða með Volta.

Sigur Rós hefur tvisvar komist á lista yfir tíu vinsælustu plötur Bretlands. Besti árangur hennar er 5. sæti en sveitin náði því áttunda með Valtara sem kom út fyrr á þessu ári. Í Bandaríkjunum náði Sigur Rós 7. sæti með sömu plötu og er hún sú eina frá sveitinni sem hefur komist þar inn á topp tíu.

Of Monsters and Men hefur fetað í fótspor Bjarkar og Sigur Rósar með frumburði sínum My Head is an Animal. Þriðja sætið í Bretlandi jafnar met Bjarkar hvað varðar fyrstu plötu. Sjötta sætið á Billboard-listanum er aftur á móti besti árangur sem íslenskur flytjandi hefur náð á þessum sögufræga lista.

Aðrir sem hafa verið nálægt því að komast á topp-tíu í Bretlandi eða í Bandaríkjunum eru Jónsi úr Sigur Rós með sólóplötu sína Go, sem náði 20. sæti í Bretlandi og því 23. í Bandaríkjunum, og Sykurmolarnir með Björk í fararbroddi, sem náðu öllum þremur plötum sínum í 14., 15. og 16. sæti í Bretlandi frá 1988 til 1992.

freyr@frettabladid.is



**FRÁBÆR ÁRANGUR** Nanna Bryndís Hilmarsdóttir á tónlistarhátíð á Írlandi á sunnudaginn. Of Monsters and Men hefur slegið í gegn beggja vegna Atlantshafsins með sinni fyrstu plötu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Á TOPP TÍU Í BRETLANDI OG BANDARÍKJUNUM

**BRESKI VINSÆLDARLISTINN**

**Björk**
Debut 3. sæti (1993)
Post 2. sæti (1995)
Homogenic 4. sæti (1997)
Vespertine 8. sæti (2001)
Medúlla 9. sæti (2004)
Volta 7. sæti (2007)

**Sigur Rós**
Með suð í eyrum við spilum endalaust 5. sæti (2008)
Valtari 8. sæti (2012)

**Of Monsters and Men**
My Head is an Animal 3. sæti (2012)



**BILLBOARD-LISTINN**

**Björk**
Volta 9. sæti (2007)

**Sigur Rós**
Valtari 7. sæti (2012)

**Of Monsters and Men**
My Head is an Animal 6. sæti. (2012)


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | 8, 10.10(P) | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | 6 | L |
| THE WATCH | 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 6 - ISL TAL | 7 |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8, 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HIT AND RUN VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| BABYMAKERS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLU.. | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 3D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| TOTAL RECALL | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP: REVOL... | KL. 5:40 - 8 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| BABYMAKERS | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND... | KL. 5:50 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 5:30 - 9 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOL... | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND... | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND... | KL. 10:10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | | |
|---|---|---|---|
| BABYMAKERS | KL. 5:50-8 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND | KL 5:50-10:10 | 2D | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.50 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 5.45 / 2D KL. 3.30 | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 / 3D KL. 3.40 - 5.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 10.20 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

| BORGARBÍÓ | ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is
+15% afsláttur
Nicotinell Tropical Fruit
204 stk. 4 mg: 7.598 kr.
204 stk. 2 mg: 5.454 kr.
24 stk. 2 mg: 799 kr.



Lægra verð í Lyfju
Gildir til 30. september
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 60816 08/12



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói
Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www. kvikmyndasafn.is

AKUREYRARKVIKMYNDIR
Elsta kvikmyndin í syrpunni er frá konungskomunni 1907 en yngsta myndin sýnir þotu Flugleiða koma til Akureyrar í fyrsta sinn 1969. Þar á milli kennir ýmissa grasa: þjóðlífskvikmyndir frá árum heimsstyrjaldarinnar síðari, konungskoman 1926, myndskeið af séra Matthíasi Jocumssyni, forsetaheimsóknir, skipakomur.
Kvikmyndataka: Hallgrímur Einarsson, Eðvarð Sigurgeirsson og fleiri.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS
ÞRIÐJUDAGUR: KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) 17:20, 20:00, 22:40 ■ ELLES (ÞÆR) 17:50, 20:00, 22:10 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00, 22:10 ■ HRAFNHILDUR 18:00, 20:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00 ■ STUTTMYNDADAGAR SEINNI DAGUR 20:00
FRÁBÆRT HAUST FRAMUNDAN Í BÍÓ PARADÍS!
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!


Domino's Pizza
www.dominos.is sími 58·12345
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S
1.000KR.
Þegar þú sækir miðstærð af pizzu
með þremur áleggstegundum.
Það er fljótlegt og
einfalt að panta pizzu
með Domino's appinu
Nánar á dominos.is/app
GÆÐI ALLA LEIÐ!
Kjötveisla: Pepperoni, skinka og nautahakk

# sport

sport@frettabladid.is



**WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON** var í gær rekinn sem þjálfari 1. deildarliðs Leiknis. Willum tók við Leiknisliðinu fyrir sumarið og var mikils vænst af hans störfum enda Willum afar sigursæll þjálfari. Leiknisliðinu hefur þó ekki gengið vel undir hans stjórn og er í fallsæti eftir 19 leiki og fimm stigum frá öruggu sæti í deildinni.

**FH 3-0 Keflavík**

Kaplakrikav., áhorf.: 1.030 Vilhjálmur A. Þórarins. (6)

**1-0 Atli Guðnason (70.), 2-0 Magnús Þór Magnússon, sjm (75.), 3-0 Viktor Örn Guðmundsson (88.).**

**Skot (á mark):** 13-5 (6-1)
**Varin skot:** Gunnleifur 1 - Ómar 2.

**FH (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Guðjón Árni Antoníusson 6, Guðmann Þórisson 7, Freyr Bjarnason 7, Danny Justin Thomas 6 (**65., Viktor Örn Guðmundsson 8***) - Bjarki Bergmann Gunnlaugsson 5, Einar Karl Ingvarsson 6 (65., Kristján Gauti Emilsson 6), Björn Daníel Sverrisson 6 - Hólmar Örn Rúnarsson 5, Atli Guðnason 7, Albert Brynjar Ingason 4 (86., Kristján Flóki Finnbogason -).

**KEFLAVÍK (4-5-1):** Keflavík (4-5-1): Ómar Jóhannsson 5 - Sigurbergur Elísson 4 (86., Bojan Stefán Ljubicic -), Magnús Þór Magnússon 5, Haraldur Freyr Guðmundsson 4, Jóhann Ragnar Benediktsson 5 - Einar Orri Einarsson 6, Denis Selimovic 4, Magnús Sverrir Þorsteinsson 3 (79., Rafn Markús Vilbergsson -), Frans Elvarsson 6, Jóhann Birnir Guðmundsson 4 - Guðmundur Steinarsson 5 (46., Hörður Sveinsson 3).

* MAÐUR LEIKSINS

**Grindavík 2-4 Breiðablik**

Grindavíkurv., áhorf.: 243 Valgeir Valgeirsson (7)

**0-1 Arnar Már Björgvinsson (11.), 0-2 Kristinn Jónsson (25.), 0-3 Tómas Óli Garðarsson (32.), 0-4 Rafn Andri Haraldsson (34.), 1-4 Óli Baldur Bjarnason (56.), 2-4 Hafþór Ægir Vilhjálmsson (90.)**

**Skot (á mark):** 8-14 (2-8)
**Varin skot:** Óskar 4 - Ingvar 0.

**GRINDAVÍK (4-4-2):** Óskar Pétursson 5 - Ray Anthony Jónsson 3, Loic Mbang Ondo 3, Ólafur Örn Bjarnason 4, Matthías Örn Friðriksson 3 - Scott Mckenna Ramsay 4 (73. Hafþór Ægir Vilhjálmsson 6), Marki Valdimar Stefánsson 4, Iain James Williamsson 5, Óli Baldur Bjarnason 5 (73. Magnús Björgvinsson 5) - Pape Mamadou Faye 4(87. Daníel Leó Grétarsson -), Tomi Ameobi 4.

**BREIÐABLIK (4-5-1):** Ingvar Þór Kale 6 - Gísli Páll Helgason 6, Sverrir Ingi Ingason 6, Renee Troost 6, **Kristinn Jónsson 8*** - Andri Rafn Yeoman 7 (70. Sindri Snær Magnússon 5), Finnur Orri Margeirsson 7, Rafn Andri Haraldsson 8 - Tómas Óli Garðarsson 7 (62. Haukur Baldvinsson 5), Arnar Már Björgvinsson 7(85. Adam Örn Arnarson -), Nicklas Rohde 7

* MAÐUR LEIKSINS

**Fram 4-0 Fylkir**

Laugardalsv., áhorf.: 627 Guðmundur Guðmunds. (7)

**1-0 Kristinn Ingi Halldórsson (45.+1), 2-0 Kristinn Ingi Halldórsson (58.), 3-0 Sam Tillen (62.), 4-0 Almarr Ormarsson (68.).**

**Skot (á mark):** 9-3 (7-1)
**Varin skot:** Ögmundur 1 - Bjarni 2.

**FRAM (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 7 - Alan Lowing 6, Kristján Hauksson 7, Hlynur Atli Magnússon 6, Daði Guðmundsson 7 (83. Hólmbert Aron Friðjónsson-) - Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 5 (62. Jón Gunnar Eysteinsson 5), Halldór Hermann Jónsson 6, Samuel Hewson 6 - Almarr Ormarsson 7 (69. Sveinbjörn Jónasson 5), Sam Tillen 5, **Kristinn Ingi Halldórsson 8***.

**FYLKIR (4-3-3):** B Bjarni Þórður Halldórsson 4 - Magnús Þórir Matthíasson 5 (69. Emil Ásmundsson 5), David Elebert 4 (76. Þórir Hannesson -), Davíð Þór Ásbjörnsson 5, Ásgeir Eyþórsson 5 - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 4, Finnur Ólafsson 6, Árni Freyr Guðnason 6 - Ingimundur Níels Óskarsson 4, Elís Rafn Björnsson 5 - Björgólfur Hideaki Takefusa 4 (69. Styrmir Erlendsson 5).

* MAÐUR LEIKSINS

## PEPSI-DEILDIN

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **18** | **13** | **2** | **3** | **43-17** | **41** |
| KR | 18 | 9 | 4 | 5 | 32-23 | 31 |
| **Stjarnan** | **18** | **7** | **8** | **3** | **37-31** | **31** |
| ÍBV | 18 | 8 | 4 | 6 | 28-16 | 28 |
| **ÍA** | **18** | **8** | **4** | **6** | **27-31** | **28** |
| Breiðablik | 18 | 7 | 5 | 6 | 22-24 | 26 |
| **Valur** | **18** | **8** | **0** | **10** | **28-27** | **24** |
| Keflavík | 18 | 7 | 3 | 8 | 27-30 | 24 |
| **Fylkir** | **18** | **6** | **5** | **7** | **22-34** | **23** |
| Fram | 18 | 6 | 2 | 10 | 27-29 | 20 |
| **Selfoss** | **18** | **5** | **3** | **10** | **25-34** | **18** |
| Grindavík | 18 | 2 | 4 | 12 | 25-47 | 10 |

**NÆSTU LEIKIR:**

| | |
|---|---|
| **Sun. 16. sep:** | **ÍBV - Grindavík** |
| **Sun. 16. sep:** | **ÍA - Valur** |
| **Sun. 16. sep:** | **Keflavík - Fram** |
| **Sun. 16. sep:** | **Fylkir - Selfoss** |
| **Sun. 16. sep:** | **KR - Breiðablik** |
| **Sun. 16. sep:** | **Stjarnan - FH** |

# Bikarinn á leið í Fjörðinn

**FH er komið með tíu stiga forskot í Pepsi-deild karla og þarf klúður aldarinnar til að liðið verði ekki Íslandsmeistari enda aðeins fjórir leikir eftir af deildinni. Að sama skapi blasir ekkert annað en fall við Grindavík eftir enn eitt tapið.**

**FÓTBOLTI** FH náði tíu stiga forystu á toppi Pepsi-deildar karla með 3-0 sigri á Keflavík á heimavelli sínum í gær. Öll mörkin komu á tuttugu síðustu mínútunum en Keflavík var manni færri í rúman hálftíma.

FH fékk mýmörg færi í leiknum en átti í stökustu vandræðum upp við markið allt þar til Viktor Örn Guðmundsson kom inn á þegar 25. mínútur voru eftir af leiknum.

„Þetta var basl í byrjun en þetta kom þegar kallinn kom inn á," sagði glettinn Viktor Örn í leikslok.

„Heimir sagði mér að koma inn og breyta gangi leiksins. Ég náði að leggja upp mark og skora gullfallegt mark líka," sagði Viktor og ýkir töluvert því Ómar Jóhannsson missti boltann undir sig í marki Viktors. „Hann missti hann bara enda vel blautt. Það er alltaf gaman að skora, sérstaklega þegar þú ert bakvörður."

FH er komið í mjög vænlega stöðu á toppi deildarinnar. Liðið er með tíu stiga forskot á KR þegar fjórir leikir eru eftir og þurfa því aðeins einn sigur til að landa Íslandsmeistaratitlinum.

„Þetta er ekki komið, við megum ekki segja það, en við erum komnir í mjög góða stöðu með þessum sigri. Við missum þetta ekki niður."

„Við höfum átt í erfiðleikum með að klára færin í sumar en stíflan brást þegar ég kom inn á," sagði Viktor sposkur.

Þrátt fyrir að það hefði verið markalaust þegar Jóhann Birnir Guðmundsson fékk sitt annað gula spjald á 57. mínútu þá hafði FH haft tögl og hagldir í leiknum og fengið mörg færi. Einum færri áttu Keflvíkingar aldrei möguleika og þá sérstaklega eftir að Heimir gerði tvöfalda breytingu á liði sínu og Viktor sendi á kollinn á Atla Guðnasyni sem skoraði 10. mark sitt á tímabilinu.

Jóhann Birnir var allt annað en sáttur við rauða spjaldið og benti þrálátlega á Guðjón Árna Antoníusson sem féll í jörðina þegar fyrrum félögunum í Keflavík lenti saman. Jóhann fékk sitt annað gula spjald fyrir hrindinguna og vildi lítið segja um atvikið.

„Þú verður að spyrja Guðjón Árna að því. Þú getur þú séð hvort hann er jafn óheiðarlegur í svörum og í atburðum úti á vellinum. Ég vil ekkert segja um þetta mál. Þið getið skoðað þetta og séð úr hverju Guðjón Árni er gerður," sagði reiður Jóhann og var ekki hættur.

„Hann byrjaði á að skalla mig og ég er greinilega ekki jafn óheiðarlegur og hann, henda mér niður eins og einhver pussudúkka. Ég átta mig engan veginn á þessu. Ég efast um að ég bjóði honum í afmælið mitt," sagði Jóhann um fyrrum samherja sinn.

„Þetta var erfiður leikur á móti góðu liði FH. Við áttum erfitt uppdráttar, sérstaklega í fyrri hálfleik en það var 0-0 og við vorum enn þá inni í þessu," sagði Jóhann.




**TILÞRIF** FH-ingurinn Björn Daníel og Keflvíkingurinn Einar Orri eru hér í harðri baráttu í Krikanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Útlitið dökkt hjá Grindavík**

Fátt annað en fall virðist blasa við Grindvíkingum eftir stórtap á heimavelli gegn Blikum í gær. Blikar gerðu út um leikinn á rúmum hálftíma með fjórum mörkum en Blikar hafa skorað fæst mörk allra liða í deildinni.

„Það liggur fyrir eftir þennan leik að líkurnar á því að Grindavík verði áfram í Pepsi-deildinni fara minnkandi. Síðustu töp hafa verið slæm og útlitið er vægast sagt dökkt," sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari Grindavíkur, þungur á brún.

„Ef menn hafa ekki trú á því að þeir geti unnið þá munu þeir ekki vinna neina leiki. Það er alveg ljóst."

**- gmi, shf**



**RÚRIK** Er orðinn leikmaður stærsta félags Danmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rúrik söðlaði um í gær:

## Keyptur til stórliðs FCK

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Rúrik Gíslason skrifaði í gær undir fjögurra ára samning við stærsta félag Danmerkur, FCK. Hjá félaginu hittir Rúrik fyrir tvo félaga sína í landsliðinu, þá Sölva Geir Ottesen og Ragnar Sigurðsson. Þetta er mikil viðurkenning fyrir Rúrik enda hefur þetta félag haft talsverða yfirburði í danska boltanum undanfarin ár.

Aðeins degi fyrir söluna frá OB bjargaði Rúrik liði OB með stigi í leik gegn FCK. Hann skoraði þá lokamark leiksins í 2-2 jafntefli. Það var hans kveðjugjöf til OB.

„Þetta er rétta skrefið fyrir minn feril. Ég hef alltaf stefnt að því að bæta mig á hverju ári. FCK er félag sem allir vilja spila fyrir hér í landi. Ég er stoltur og ánægður með að vera orðinn leikmaður félagsins," segir Rúrik á heimasíðu FCK.

„Ég er líka þakklátur OB fyrir að virða mínar óskir og leyfa mér að komast til FCK. Ég vænti þess að FCK keppi um alla titla á hverju ári og ég ætla að leggja mitt af mörkum til þess að félagið verði sigursælt."

Rúrik hélt síðan heim til Íslands en hann er að sjálfsögðu í leikmannahópi Íslands sem mætir Noregi á föstudag og Kýpur á þriðjudag.

Það verða fyrstu leikir Íslands í undankeppni HM 2014 og fyrstu alvöruleikir liðsins undir stjórn Svíans Lars Lagerbäck.

**- hbg**

Framarar eru komnir úr fallsæti eftir stórsigur á Fylkismönnum á Laugardalsvelli í gær:

# Fylkismenn réðu ekkert við Kristin Inga

**FÓTBOLTI** Framarar unnu frábæran sigur á Fylki, 4-0, á Laugardalsvellinum í Pepsi-deild karla í gærkvöldi en sigurinn verður að teljast einn sá allra mikilvægasti fyrir Safamýrapilta á tímabilinu. Liðið kom sér úr fallsætinu með sigrinum. Kristinn Ingi Halldórsson fór á kostum í Fram-liðinu og var maðurinn á bak við sigurinn.

Framarar léku frábærlega í síðari hálfleiknum og áttu sigurinn svo sannarlega skilið. Fylkismenn misstu Ásgeir Börk Ásgeirsson út af með rautt spjald í upphafi síðari hálfleiksins og það hafði vissulega mikið að segja. Ásgeir Börkur sló til Almarrs Ormarssonar og fékk réttilega beint rautt spjald.

„Ég er gríðarlega ánægður með spilamennsku liðsins í kvöld," sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, eftir sigurinn í gær.

„Þetta er þriðji leikurinn í röð sem við náum að halda góðu tempói og leikur okkar hefur farið stigvaxandi að undanförnu. Hlutirnir voru að detta með okkur í kvöld og það gerist ekki á hverjum degi. Þetta er hvergi nærri komið hjá okkur, við þurfum bara að halda áfram okkar striki og ná í eins mörg stig og við getum."

Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fylkis, var daufur. „Ég er miður mín eftir þennan leik og með það hvernig mínir menn léku í kvöld," sagði Ásmundur. „Við vorum virkilega slakir í kvöld og áttum ekkert skilið út úr þessum leik. Liðið var á eftir Fram í öllum aðgerðum og frammistaða okkar í kvöld var hrein hörmung.

Það vantaði alla grimmd í mitt lið í kvöld og við leyfðum þeim að spila sinn leik alveg frá fyrstu mínútu. Núna verðum við að skoða okkar mál og það blasir bara við okkur hörð botnbarátta."

**- sáp**



**ERUÐ ÞIÐ EKKI Í SAMA LIÐI?** Fylkismenn bítast um boltann í Dalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arna Sif Ásgrímsdóttir og félagar hennar í Þór/KA geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn á Akureyri í kvöld:

# Það rennur ekki blóðið í þjálfaranum okkar



**FÓTBOLTI** Lið Þórs/KA getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta skipti með sigri á Selfossi á Akureyri í Pepsi-deild kvenna í kvöld. Norðankonur hafa spilað frábærlega í sumar og eru með fjögurra stiga forskot á Stjörnuna þegar aðeins tvær umferðir eru eftir af deildinni.

Arna Sif Ásgrímsdóttir, fyrirliði Þórs/KA, spilar lykilhlutverk í vörninni og á hún möguleika á því að taka við Íslandsbikarnum í kvöld. „Það eru allir mjög spenntir hér,“ sagði Arna Sif og bætir við: „Við höldum okkur samt niðri á jörðinni og erum bara rólegar yfir þessu. Það er rosalega freistandi að fara að hugsa lengra en Jói þjálfari er duglegur að minna okkur á að vera rólegar,“ segir Arna Sif. Þór/KA vann 6-2 sigur á Selfossi í fyrri leiknum en Selfoss hefur rokið upp töfluna að undanförnu.

„Við eigum að klára þetta en Selfoss er búið að bæta sig helling í seinni umferðinni og þær hafa verið að stela sigrum af stærri liðum. Þetta verður hörkuleikur,“ segir Arna Sif og hún býst við mörgum á völlinn.

„Það er draumurinn að fá að taka við bikarnum. Við gerum okkur alveg grein fyrir því hvað er í boði en við ætlum ekki að hugsa um hvernig við ætlum að fagna þegar við skorum heldur ætlum við að hugsa um það hvernig við ætlum að skora,“ segir Arna Sif og segir yfirvegun þjálfarans Jóhanns Kristins Gunnarssonar hafa góð áhrif á liðið.

„Það rennur ekki í honum blóðið. Hann heldur alltaf andlitinu og er alltaf rólegur þannig að það smitar út frá sér. Í fyrra og hittiðfyrra hefði ég verið í skýjunum núna og það hefði örugglega ekki verið hægt að ná sambandi við mig. Ég er óvenju róleg í dag,“ sagði Arna.

Leikur Þórs/KA og Selfoss hefst klukkan 18.00 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport sem og inni á Vísi. Aðrir leikir kvöldsins í deildinni eru: Valur-Breiðablik, FH-Fylkir, KR-Afturelding og Stjarnan-ÍBV en Eyjakonur gætu líka tryggt Þór/KA titilinn með því að taka stig af Stjörnunni. - óój

**ARNA SIF ÁSGRÍMSDÓTTIR** Tók við fyrirliðabandinu hjá Þór/KA í vor og hefur spilað vel í vörninni.



**EYJÓLFUR SVERRISSON** Hefur ekki náð góðum árangri með U-21 árs liðið í núverandi undankeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/XX

U-21 árs liðið:

# Eyjólfur horfir til framtíðar

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson, þjálfari íslenska U-21 árs liðsins, valdi í gær leikmannahóp sinn fyrir lokaleik liðsins í undankeppni EM.

Eyjólfur hristir vel upp í leikmannahópnum og tekur inn eina níu nýliða.

„Það er fullt af góðum leikmönnum sem eru á eldra árinu sem eiga erindi í U-21 landsliðið nú,“ sagði Eyjólfur í samtali við Hjört Hjartarson á X-inu 977.

„En við erum að breyta liðinu til að búa það undir næstu keppni. Við höfum ekki riðið feitum hesti frá þessari keppni og hafa þó margir leikmenn fengið tækifæri með liðinu. Við höfum samt ekki sýnt góða leiki og ekki staðið okkur nógu vel,“ sagði hann.

„Við viljum fá leikmenn inn í hópinn til að gefa þeim smá reynslu. Við viljum nýta þetta tækifæri til að búa okkur sem best undir næstu keppni enda skiptir þessi leikur ekki mjög miklu máli fyrir núverandi keppni,“ sagði Eyjólfur en Ísland er neðst í sínum riðli með þrjú stig fyrir lokaumferðina.

„Það eru mjög fáir æfingaleikir hjá U-21 landsliðinu og ekkert fast í hendi enn sem komið er hvað það varðar.“

## Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Árni Snær Ólafsson | ÍA |
| Rúnar Alex Rúnarsson | KR |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Hólmar Örn Eyjólfsson | Bochum |
| Eiður A. Sigurbjörnsson | Örebro |
| Hörður B. Magnússon | Juventus |
| Davíð Ásbjörnsson | Fylkir |
| Einar Karl Ingvarsson | FH |
| Sverrir Ingi Ingason | Breiðablik |
| Guðlaugur V. Pálsson | Nijmegen |
| Jón Daði Böðvarsson | Selfoss |
| Guðmundur Þórarinsson | ÍBV |
| Andri Adolphsson | ÍA |
| Andri Rafn Yeoman | Breiðablik |
| Arnór Ingvi Traustason | Sandnes Ulf |
| Hólmbert Aron Friðjónsson | Fram |
| Aron Jóhannsson | AGF |
| Kristinn Steindórsson | Breiðablik |
| Emil Atlason | KR |




## > Stöð 2 kl. 21.15

### The Sinking of the Laconia

***Það er komið að seinni hluta framhaldsmyndar mánaðarins. Myndin er byggð á sannri sögu frá seinni heimsstyrjöldinni um þýskan kafbát sem sökkti farþegaskipi undan ströndum Afríku. Kafbáturinn kom upp á yfirborðið til að bjarga fólki úr sjónum en dramatíkin nær hámarki í seinni hlutanum þegar bandarískar sprengjuvélar gera árás á kafbátinn. Franka Potente fer með eitt aðalhlutverkanna.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BIRGIR ÞÓR HARÐARSON ER HISSA

# *Mömmur skríkja úr hlátri*

Ég er tiltölulega nýfarinn að fylgjast með fótbolta af einhverju viti og viðurkenni að ég er nýbyrjaður að gera hluti sem sumir hafa gert síðan þeir fæddust og kann ekki baun í leiknum sjálfur, þó ég hafi eins og allir skoðanir á frammistöðu fótboltaliðsins sem ég styð.

Fótbolta horfi ég yfirleitt á í sjónvarpi og fæ góðar útskýringar á því sem fram fer. Félagar mínir hafa svo dregið mig á völlinn og sagt að þar sé svo góð stemning. Ég fer stundum.

Þó fjallað sé vel um fótbolta í sjónvarpinu er þar eitt atriði sem gleymist að nefna: Hvað er málið með sjokkerandi hatur stuðningsmanna á mótherjum sínum?




Ég sat í miðri stúku á knattspyrnuleik um daginn þegar ég heyri miðaldra áhorfanda öskra eins og óður væri (þó ekkert væri í gangi í leiknum sjálfum) og drulla svoleiðis rækilega yfir íþróttamennina í hinu liðinu. Fúkyrðin voru svo gróf að leikurinn hefði átt að vera bannaður börnunum í næstu sætum. Það skrítna var að miðaldra mömmur sem sátu fyrir framan mig skríktu úr hlátri yfir öllu saman.

Það er ekkert eðlilegt við þetta.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónlist hvíta tjaldsins **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Miðdegistónar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bankað upp á **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tríó **20.00** Leynifélagið **20.30** Hreinsunareldur bókmenntanna **21.10** Íslendingasögur **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Lífsstarfið: Fortíð og framtíð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.55 Ólympíumót fatlaðra: Sitjandi blak**
**16.35 Herstöðvarlíf** (10:13) (Army Wives)
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Skúli skelfir**
**17.53 Kafað í djúpin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Í stríð við fitupúkann** (4:8) (Fedt, fup og flæskesteg)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Litbrigði lífsins** (10:10) (Lark Rise to Candleford)
**20.55 Krabbinn** (1:10) (The Big C III) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**21.25 Golfið** Í þættinum kynnumst við golfíþróttinni betur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Brúin** (3:10) (Broen) Dansk/sænskur myndaflokkur. Lík finnst á Eyrasundsbrúnni, miðja vegum milli Svíþjóðar og Danmerkur og lögreglufulltrúarnir Martin Rohde og Saga Norén vinna saman að því að finna morðingjann. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Líf vina vorra** (8:10) (Våra vänners liv) (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir**
**00.55 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 30 Days Until I'm Famous**
**10.00 The Astronaut Farmer**
**12.00 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 30 Days Until I'm Famous**
**16.00 The Astronaut Farmer**
**18.00 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 Taken**
**22.00 Cirque du Freak: The Vampire's Assistant**
**00.00 Delta Farce**
**02.00 Deal**
**04.00 Cirque du Freak: The Vampire's Assistant**
**06.00 Bourne Supremacy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In The Middle** (5:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (137:175)
**10.20 The Wonder Years** (16:24)
**10.50 The Big Bang Theory** (2:23)
**11.20 How I Met Your Mother** (5:24)
**11.45 The Amazing Race** (12:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So you think You Can Dance** (11:23) (12:23)
**15.10 Sjáðu**
**15.35 Barnatími Stöðvar 2** (13:45)
**16.45 Nágrannar**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.35 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (14:22)
**19.45 Modern Family** (15:24)
**20.05 The Big Bang Theory** (19:24)
**20.30 Mike & Molly** (4:23)
**20.50 How I Met Your Mother** (22:24)
**21.15 The Sinking Of The Laconia** (2:2) Seinni hluti spennandi framhaldsmyndar sem byggð er á sönnum atburðum og áttu sér stað í seinni heimstyrjöldinni þegar flutningaskipinu Laconia var sökkt af þýskum kafbáti. Áhöfninni var síðan bjargað af þeim sömu og réðust á skipið.
**22.45 Weeds** (7:13)
**23.15 The Daily Show. Global Edition** (28:41)
**23.40 2 Broke Girls** (17:24)
**00.05 Up All Night** (5:24)
**00.30 Drop Dead Diva** (13:13)
**01.15 True Blood** (6:12)
**02.15 The Listener** (5:13)
**02.55 The Big Bang Theory** (19:24)
**03.15 Hung** (10:10)
**03.40 Strangers With Candy**
**05.05 Malcolm in the Middle** (14:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi-mörkin**
**14.25 Pepsi-deild kk: Fram - Fylkir**
**16.15 Pepsi-mörkin**
**17.25 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur** Þáttur um leikina og liðin.
**17.55 Pepsi-deild kvk: Þór/KA - Selfoss** BEINT
**20.10 Einvígið á Nesinu**
**21.00 Eimskipsmótaröðin 2012**
**21.30 Þýski handboltinn: Magdeburg - Hamburg** Leikurinn er í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 18.10 í dag.
**22.55 Pepsi-deild kvk: Þór/KA - Selfoss**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 Swansea - Sunderland**
**16.15 West Ham - Fulham**
**18.05 Premier League Review Show**
**19.00 Liverpool - Arsenal**
**20.50 Southampton - Man. Utd.**
**22.40 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**23.10 Sunnudagsmessan**
**00.25 Tottenham - Norwich**

**Í BEINNI Á HLIÐARRÁSUM**
**18:10 Magdeburg - Hamburg SPORT 3**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Stubbarnir**
**09.25 UKI**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Histeria!**
**10.35 Stuðboltastelpurnar**
**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.
**17.00 M.I. High**
**17.30 iCarly** (14:25)
**17.55 Tricky TV** (14:23)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** Tuttugasta og önnur þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátektasamari.
**17.30 Simpson-fjölskyldan** (5:22)
**17.55 Íslenski listinn**
**18.20 Glee** (14:22) Frábær þáttaröð um metnaðarfulla kennara og nemendur í menntaskóla sem skipa sönghóp skólans og leggja allt í sölurnar til að gera flottar sýningar.
**19.05 Friends** (5:24)
**19.30 Fly Girls** (3:8) Hressandi raunveruleikaþáttaröð um líf og störf nokkurra flugfreyja hjá Virgin Flugfélaginu.
**19.50 The Secret Circle** (3:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
**20.30 The Vampire Diaries** (3:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsamur.
**21.15 Fly Girls** (3:8)
**21.35 The Secret Circle** (3:22)
**22.15 The Vampire Diaries** (3:22)
**23.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** (18:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 Spurningabomban** (1:10)
**20.30 Steindinn okkar** (3:8)
**20.55 Spaugstofan**
**21.15 Louis Theroux: African Hunting Holiday**
**22.15 Ellen**
**23.00 Spurningabomban** (1:10)
**23.45 Steindinn okkar** (3:8)
**00.10 Doctors** (18:175)
**00.45 Spaugstofan**
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Last Chance to Live** (1:6) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Rules of Engagement** (7:15) (e)
**18.40 30 Rock** (2:22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (1:25)
**19.55 Will & Grace** (9:24)
**20.20 America's Next Top Model** (2:13) Stúlkurnar þrettán smakka framandi mat, fara í myndatöku með Jenners-fjölskyldunni sem hefur komið fram í raunveruleikasjónvarpi og ein fyrirsætan er send heim.
**21.10 GCB** (1:10) Bandarísk þáttaröð sem gerist í Texas þar sem allt er leyfilegt. Amanda er nýfráskilin í kjölfar þess að eiginmaðurinn hennar er fangelsaður fyrir fjársvik.
**22.00 Unforgettable** (20:22) Carrie og Al reyna að setja sig inn í hugarheim sturlaðs samsæriskenningasmiðs.
**22.45 Jimmy Kimmel** (e)
**23.30 Óupplýst** (1:6) (e)
**00.00 Crash & Burn** (6:13)
**00.45 CSI** (22:22) (e)
**01.35 Unforgettable** (20:22) (e)
**02.25 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Deutsche Bank Championship - PGA Tour 2012 (4:4) **12.30** Deutsche Bank Championship - PGA Tour 2012 (4:4) **18.00** Golfing World **18.50** US Open 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** LPGA Highlights (15:20) **00.10** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# PHILIPS SNERTISKJÁIR OG SNERTIBORÐ



Hágæða snertiskjáir og snertiborð sem bjóða upp á mikla möguleika. 2-32 snertipuntkar og endalausir möguleikar í stærðum 32-65".

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500




# HJÁ AÐALSKOÐUN ER BÍLLINN Í GÓÐUM HÖNDUM

## HVAR HENTAR ÞÉR AÐ LÁTA SKOÐA?

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Þaulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!**

**Ef þú kemur með bílinn í skoðun fyrir hádegi í september færðu 18% afmælisafslátt.**

**Opið kl. 8-17 virka daga**

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 18 ár

Aðalskoðun

**Reykjavík**
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

**Reykjavík**
Skeifunni 5
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

**Kópavogur**
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

**Reykjanesbær**
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta helst á Youtube.com þegar ég vinn. Þessa dagana er lagið Heads Will Roll með Yeah Yeah Yeahs í uppáhaldi.“*

Magdalena Dybka bloggari.

# Prestar búast við fjölda brúðkaupa 7.9.13

„Við prestar búumst við því að það gæti verið mikið af brúðkaupum þennan dag,“ segir Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Vídalínskirkju í Garðabæ.

Eitthvað er um að pör séu búin að bóka brúðkaup rúmlega ár fram í tímann, eða þegar laugardagurinn 7. september á næsta ári gengur í garð með dagsetningunni 7.9.13. Tölurnar tengjast gamalli hjátrú og eru mikið notaðar frá degi til dags. „Ég hef heyrt fólk tala um að þetta verði örugglega heitur dagur,“ bætir Jóna Hrönn við. Hún er þegar búin að bóka eitt brúðkaup þennan dag en býst við því að þeim eigi eftir að fjölga þegar nær dregur. Í Garðakirkju í Garðabæ er þegar búið að bóka fjögur brúðkaup þennan dag og er því fullbókað eftir hádegi. „Margir eru mjög hrifnir af einhverjum flottum tölustöfum fyrir brúðkaupsdaginn. Stundum stríði ég fólki og spyr hvort það sé gert til að koma í veg fyrir að brúðkaupsdagurinn gleymist,“ segir hún.

Aðrar vinsælar brúðkaupsdagsetningar í gegnum árin hafa verið 7.7.7, sem bar líka upp á laugardag, og 8.8.8. Nú virðist sem 7.9.13. muni bætast í þann hóp.

Að sögn Jónu Hrannar hefur brúðkaupum fjölgað mikið á haustin hér á landi, sérstaklega í september. „Ég finn töluverðan mun á því. Það eru svo margir sem eru í útilegum úti um allt á sumrin og það eru svo margir sem komast ekki í brúðkaupin. Ég hvet fólk oft til að velja ekki hásumarið. Svo er gamlársdagur líka alltaf vinsæll dagur.“ **- fb**



**BÝST VIÐ MÖRGUM BRÚÐKAUPUM** Jóna Hrönn Bolladóttir á von á fjölda brúðkaupa hinn 7. september á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**MIKE LINDSAY:** FÆR LOFSAMLEGA DÓMA Í BRESKU MÚSÍKPRESSUNNI

# Cheek Mountain Thief innblásin af Húsvíkingum

„Það má segja að platan hafi skrifað sig sjálf á meðan á dvölinni stóð og um leið varð ég enn ástfangnari af Íslandi,“ segir Mike Lindsay, söngvari bresku hljómsveitarinnar Tunng, um sólóplötu sína Cheek Mountain Thief.

Hún varð til að mestu yfir tveggja mánaða dvöl hans á Húsavík á síðasta ári og heldur hann tónleika 5. september á Faktorý og 7. september á Gamla bauknum, eina bar Húsvíkinga, ásamt hljómsveitinni sem hann kynntist þar.

Platan kom út 17. ágúst og hefur hlotið frábæra dóma hjá breskum gagnrýnendum, þar á meðal fjórar stjörnur af fimm hjá Q magazine og The Guardian.

Baksaga plötunnar er afar áhugaverð en Lindsay settist að í sumarhúsinu Kaldbaki við Kinnafjöllin í mars 2011. Tilgangur dvalarinnar var að heimsækja Hörpu Fönn Sigurjónsdóttur, sem hann var ástfanginn af. Þau kynntust í Þýskalandi árið 2006 og endurnýjuðu kynni sín við komu Tunng á Iceland Airwaves árið 2010. Ástin varð til þess að Mike býr nú á Íslandi og stefna þau á að gifta sig á Húsavík að ári. „Ég ætlaði að semja raftónlist en endaði með þjóðlagatónlist innblásna af því að vera á öðrum stað, og fólkinu og fjöllunum,“ segir hann og heldur áfram. „Þetta varð fljótt að samstarfsverkefni með fólki frá Húsavík.“

> Ég ætlaði að semja raftónlist en endaði með þjóðlagatónlist innblásna af því að vera á öðrum stað.

„Þegar ég kom til Reykjavíkur tók ég plötuna lengra,“ segir hann. Gunnar Örn Tynes úr Múm sá um hljóðblöndun og Mugison, Sin Fang og Mr. Silla sungu í nokkrum lögum. Söngvari þjóðarinnar, hinn eini og sanni Mugison, flytur íslenskan texta í laginu Showdown. „Já, en við þekktumst og höfðum spilað saman áður en hann varð frægasti maður á Íslandi,“ segir hann og hlær.

„Sin Fang syngur í lögunum Spirit Fight og Darkness. Fyrra lagið fjallar um yfirnáttúrulega upplifun mína frá Húsavík. Hún átti sér stað um fimm um nótt í júní í fyrra. Þá var snjórinn að bráðna í Kinnafjöllunum og eftir varð risastórt spurningarmerki úr snjó.“

Cheek Mountain Thief leggur eftir tónleika vikunnar í tónleikaferð. Bandið skipa auk Mike þau Óskar Andri Ólafsson, Lára Sóley Jóhannsdóttir, Birkir Ólafsson, Gunnar Illugi Sigurðsson, Hannah Rós Sigurðardóttir og Leifur Björnsson. **hallfridur@frettabladid.is**



**CHEEK MOUNTAIN THIEF** Mike Lindsay, söngvari Tunng, dvaldi á Húsavík í tvo mánuði, kynntist hljóðfæraleikurum á eina bar bæjarins og samdi þjóðlagatónlist.

# Kjaftar um kynlíf í beinni

„Hver man ekki eftir Dr. Love á sínum tíma? Þessi þáttur verður á svipuðum nótum þar sem hlustendur geta hringt inn og fengið svör,“ segir kynfræðingurinn Sigríður Dögg Arnardóttir en þann 10. september næstkomandi fer fyrsti útvarpsþáttur hennar, Kjaftað um kynlíf, í loftið á K100,5.

Þátturinn Kjaftað um kynlíf verður á faglegu og fræðandi nótunum en þó með skemmtilegu ívafi. Sigríði, eða Siggu Dögg eins og hún er kölluð, fannst vanta vettvang þar sem fólk gæti komið með spurningar um kynlíf. „Ég er alltaf að leita leiða til að auka umræðuna um kynferðisleg málefni. Mér datt þetta í hug og fannst þátt á borð við þennan vanta hér landi en svona þættir eru mjög algengir og vinsælir erlendis,“ segir Sigga Dögg sem stendur vaktina milli 22-24 á mánudagskvöldum þar sem hún verður með opna símalínu ásamt því að svarar spurningum sem hún fær sendar í tölvupósti. „Ég heiti að sjálfsögðu fullri nafnleynd en ég hef áður verið með innslög í útvarpi og sá þá hversu margir hafa áhuga á málefninu.“

Sigga Dögg einbeitir sér að einu umfjöllunarefni í hverjum þætti og fær til sín gesti. Meðal þess sem verður til umfjöllunar í þættinum er BDSM-heimurinn, kynlífsráðgjöf og -meðferðir, kynlífstæki og erótískar bókmenntir. „Ég fæ til mín konur sem eru með heimasölu á kynlífsleikföngum og fæ að vita hvað er vinsælast í dag, einnig fræðumst við um kynlífsráðgjöf og svo er ég að stofna erótískan bókaklúbb sem fær sitt pláss í einum þætti,“ segir Sigga Dögg, spennt að hefjast handa en hægt er að senda henni póst með spurningum eða ábendingum á sigga@siggadogg.is. **- áp**



**Á LEIÐ Í ÚTVARPIÐ** Kynfræðingurinn Sigríður Dögg Arnarsdóttir ætlar að svara spurningum hlustenda um kynferðisleg málefni í beinni í nýjum útvarpsþætti, Kjaftað um kynlíf, á K100,5.

## Canon IXUS 230 HS

8x aðdráttur, 28 mm gleiðlinsa. Intelligent IS.
High-speed Burst & Super Slow Motion Movie.
HS kerfi (12,1 Mpx), skilar hámarks gæðum.
7,5 cm (3,0") PureColor II G LCD skjár.
Full HD vídeó, Powered IS.

**Tilboð 39.900 kr.**
Verð 44.900 kr.

## Canon IXUS 500 HS

12x aðdráttur í nettu og glæsilegu málmhúsi.
HS kerfi (10,1 Mpx) CMOS og DIGIC 5.
Intelligent IS. Full HD upptaka.
7,5 cm (3,0") PureColor II G LCD skjár.
High-speed shooting & Movie Digest (720p).

**Tilboð 59.900 kr.**
Verð 64.900 kr.

## Canon PowerShot A2400 IS

16,0 Mpx. 28 mm gleiðlinsa, 5x aðdráttur.
Intelligent IS, tryggir skarpar og stöðugar myndir.
6,8 cm (2.7") LCD skjár.
Smart Auto (32 atriði). HD vídeó (720p).
Skemmtilegar og skapandi stillingar.

**Tilboð 26.900 kr.**
Verð 29.900 kr.



# MINNINGAFANGARAR FRÁ Canon



## Canon PowerShot A810

16,0 Mpx myndflaga. HD upptaka (720p)
28 mm gleiðlinsa, 5x aðdráttarlinsa.
6,8 cm (2,7") LCD skjár.
Smart Auto (32 atriði).
Digital IS, hjálparhnappur og Creative stillingar.

**Tilboð 16.900 kr.**
Verð 19.900 kr.

## Canon PowerShot D20

Fyrir sundið, veiðina, skíðin og jaðarsportið.
12,1 Mpx HS kerfi og Full HD vídeó.
Vatnsheld niður að 10 m. Rykheld.
Þolir allt að 10 stiga frost.
28 mm, 5x optical aðdráttur. Intelligent IS.
GPS til að merkja staðsetningar.

**Tilboð 69.900 kr.**
Verð 74.900 kr.

## Canon PowerShot SX150 IS

12x aðdráttur, 28 mm gleiðlinsa.
Intelligent IS. 14,1 CCD myndflaga.
7,5 cm (3,0") LCD skjár.
HD vídeó með víðóma hljóði og handvirkri stjórn.
Creative Filters. Miniature Effect.

**Tilboð 34.900 kr.**
Verð 37.900 kr.

Brandenburg

## Veldu gæði og hönnun með IXUS og Powershot.

Nýherji Sími 569 7700 Borgartúni 37 - Reykjavík Kaupangi - Akureyri netverslun.is

NÝHERJI

**Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt**
**Reykjavík** Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum, Skeifunni & Granda - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Smáratorgi - Fotoval, Skipholti 50b - Reykjavík Foto, Laugavegi 51 / **Akureyri** Pedromyndir - Byko - Verslun Nýherja / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Ísafjörður** Penninn / **Sauðárkrókur** Tengill / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Ólafsvík** Söluskálinn / **Stykkishólmur** Skipavík / **Borgarnes** Framköllunarþjónustan - Omnis / **Akranes** Omnis / **Reykjanesbær** Omnis / **Selfoss** TRS / **Höfn í Hornafirði** Martölvan / **Neskaupstaður** Tónspil / **Egilsstaðir** Myndsmiðjan / **Vopnafjörður** Kauptún / **Vestmannaeyjar** Geisli - Tölvun / **Netverslun Nýherja**, **www.netverslun.is** / **ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bono horfði á Sigur Rós

**Bono** og The Edge úr írsku hljómsveitinni U2 voru á meðal gesta á tónleikum Sigur Rósar á írsku tónlistarhátíðinni Electric Picnic síðastliðið föstudagskvöld. Þeir félagar höfðu samband við herbúðir Sigur Rósar og báðu um að fá að horfa á tónleikana frá sviðsvængnum. Að sjálfsögðu var góðfúslega orðið við þeirri beiðni. Upp úr dúrnum kom að Bono vissi mikið um hljómsveitina og var greinilega alvöru aðdáandi. Minntist hann sérstaklega á hvað Georg Hólm væri flottur bassaleikari. Sigur Rós er þessa dagana á tónleikaferð um Evrópu og spilaði sveitin í kastala í ítölsku borginni Verona á sunnudagskvöld fyrir framan tólf þúsund manns. Íslendingar þurfa að bíða til 4. nóvember til að berja Sigur Rós augum á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves.



### Stefnir á frekari fjölmiðlun

**Edda Sif Pálsdóttir,** íþróttafréttakona á RÚV, stefnir á að starfa við fjölmiðlun í framtíðinni því hún hefur nú mastersnám í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands. Edda Sif útskrifaðist í vor með BA-próf í almennum málvísindum. Henni þykir hins vegar ekkert ofboðslega þægilegt að vera með þeim eldri á Háskólatorgi og sá ástæðu til að minnast á það á Twitter í gær. Edda Sif hefur starfað hjá Ríkisútvarpinu síðan árið 2007, fyrst sem skrifta. Í byrjun árs var hún ráðin íþróttafréttakona á RÚV og plumar hún sig vel á skjánum. Hún á ekki langt að sækja hæfileikana því faðir hennar er Páll Magnússon útvarpsstjóri. Hann hefur lengi starfað í fjölmiðlum.



**- fb, bþh**

### Mest lesið vísir

1. Þriggja pilta leitað eftir hrottalega árás á barn
2. Foreldrar reyna að ná sáttum í fólskulegu líkamsárásarmáli
3. Harry Bretaprins og súludansmeyjan í Las Vegas
4. Bruce Willis íhugar málshöfðun gegn Apple




SEINNI HLUTI HÖRKUSPENNANDI FRAMHALDSMYNDAR Á STÖÐ 2 Í KVÖLD KL. 21.15

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS










**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.
**Verðdæmi á Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr.**

**Óðinn og Ýmir**
**Nýjar hágæða heilsudýnur**
**á kynningarverði í september**










Svefn & heilsa
★★★★★




*3,5% lántökugjald

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is